

Tannlækningar á Íslandi



Lýður Björnsson:

Tannlækningar á Íslandi

I. Forsaga tannlækninga

Í þessum kafla verður saga tannlækninga erlendis fram á 19. öld sögð í megindráttum. Fyrst verður getið tannlækninga meðal fornþjóða við austanvert Miðjarðarhaf og miðaldamanna í Evrópu, en síðan verður athyglinni beint að tannlækningum á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Noregi, enda er þaðan að vænta áhrifa og ráðstafana, sem varða Ísland. Tannþína plagar sum æðri spendýr. Hún hefur því væntanlega pint mannkynið frá því að tegundin maður kom fram á sjónarsviðið. Forn-Egyptar þekktu þennan sjúkdóm. Getið er tannsjúkdóma og ráða gegn þeim í papyrus Ebers (um 3700 f.Kr.). Þar er mönnum með tannþínu ráðlagt að tryggja, skola munninn eða núa tennur og tannhold með meðulum. Tannduft er nefnt, en gerð þess er ókunn. Talið hefur verið, að Forn-Egyptar hafi sett plúmbur í tennur, enda hafa smáir gullmolar fundist í munni múmía. Þetta er ekki öruggt og ekki heldur, að gervitennur hafi verið settar í menn. Neðri kjálki, sem fannst í Egyptalandi, bendir þó til þess, að hið síðara hafi verið stundað í einhverjum mæli. Báðar augtennur og fjórar framtennur í kjálka þessum voru tengdar saman með gullþræði. Tvær tannanna virðast vera úr öðrum einstaklingi.



Tanntengur Einars Guðjohnsen læknis (f. 1849, d. 1891). Tengurnar voru smíðaðar hjá C. Nyrup instrumentmager í Kaupmannahöfn um 1880.

Tannlækningar fornra menningarþjóða

Forn-Grikkir trúðu því, að ormur væri í tönnunum eða djöfull í ormslíki, nagaði þær og orsakaði þetta tannþínu. Fæla mátti orminn burt með því að reykja ýmis efni. Hippokrates (um 400 f.Kr.), faðir læknisfræðinnar, var þó á öðru máli. Hann taldi orsök tannþínunnar vera þá, að slím kæmist undir tannrótina. Ráðlagt var

að draga sjúkar og lausar tennur út, en annars að sviða þær. Blóðtaka var talin geta komið að notum og einnig að tryggja sérstök efni, væntanlega deyfandi.

Tannlækninga er getið í Tólf taflna lögunum rómversku (um 450 f.Kr.). Rómverjar kunnu þá list að tengja saman tennur með gullþræði. Talið er, að þeir hafi numið þetta af Etrúrum, fornþjóð, sem bjó á Ítalíuskaga áður en Róm tók að eflast. Skáldin Quintus Horatius Flaccus (65-8 f.Kr.) og Martialis (40-104 e.Kr.) geta um plúmbur og gervitennur. Celsus (1. öld e.Kr.) ráðlagði bindindi á vín og mat við tannþínu og setja pipar í tennur, sem draga ætti út, enda gætu tennurnar þá sprungið. Galenos frá Pergamon (129-199 e. Kr.) gerði greinarmun á tannþínu inni í tönn (pulpitis) og tannþínu í tannholdi (gingivitis). Verk beggja síðastnefndu manna eru safnrit um læknisfræðipækkingu hinna fornu Grikkja og Rómverja. Tannlækna getur í rómverskum heimildum.

Tekið skal fram, að í riti þessu er fornöld mannkynssögu talið ljúka árið 476 e.Kr. og miðaldir taldar ná yfir tímabilið 476-1492. Þessi tímaskipting er hefðbundin.

Arabar voru forustþjóð í læknávisindum á fyrri hluta miðalda. Þeir voru þó um fátt frumlegir á sviði tannlækninga. Þess má raunar geta, að Razes (síðari hluti 9. aldar) lýsir tilraun til að setja plúmbu í tönn og Abul-Kasim (11. eða 12. öld) lýsir nákvæmlega aðferð til að fjarlægja tannstein.

Bartskerar og prestar

Prestar og læknar virðast einkum hafa stundað tannlækningar í Evrópu í fornöld. Þessu var öðruvísi farið á miðöldum. Þá var um tvennt að ræða, húsráð eða að leita til manna, sem sérhæfðu sig á þessu sviði. Þar voru starfsmenn baðhúsa þeirra, sem algeng voru í Sviss og víðar í Mið-Evrópu, fremstir í flokki ásamt bartskerum. Hinir síðarnefndu voru upphaflega rakarar, en lögðu síðar fyrir sig ýmsar handlækningar. Bartskerar voru iðnmenntaðir, en handlækningar voru eins konar iðn talsvert fram yfir lok miðalda. Auk þessa lögðu ýmsir sérstaklega fyrir sig tannlækningar, einkum að draga út tennur. Sumir þeirra virðast hafa náð nokkurri færni í starfi sínu. Starfsheitið tanndráttarmaður er þekkt úr heimildum frá síðari hluta miðalda og öndverðri nýöld.

Kapólskir menn hétu á helga menn til varnar gegn tannþínu líkt og tíðkaðist gegn öðrum sjúkdómum og áföllum.

Árangursríkast þótti að heita á heilaga Apolloniu gegn tannþínu, en hún leið píslarvættisdauða á báli árið 249. Fyrst voru þó tennurnar brotnar úr Apolloniu. Einnig var talið til bóta að heita á Job eða heilaga Agötu. Síðar verður vikið að húsráðum og töfrum.

Framfara á sviði tannlækninga fór að gæta um 1700. Frakkinn Pierre Fauchard (1678-1761) var lærður læknir og hafði tekið próf í tannlækningum. Hann samdi kennslubók fyrir tannlæknanema. Þar er öllum þekktum tannsjúkdómum lýst. Leiðbeint er um að setja plúmbur af blýi, gulli eða tini í tennur, draga út tennur, rétta tennur, setja stiftennur og gervitennur, einnig góma. Gervitennur voru fyrst af fílabæini, en fljótlega var farið að nota postulín. Báðar þessar uppgötvanir voru franskar, en Ítalinn Fonzi endurbætti fljótlega gerð postulínstanna.1)

Alþýðulækningar af ýmsu tagi

Norðurlandabúar virðast hafa fylgt fornum grísk-rómverskum ráðum um tannhirðu til að fyrirbyggja tannþínu. Ýmislegt er þó lagað að aðstæðum. Norðurlandabúar trúðu því, að tannþína orsakaðist af ormi, sem nagaði tennurnar. Kórsbróðirinn Hinrik Harpestreng (d. 1244) ráðlagði mönnum að þvo tennurnar, „þá fær hann aldrei tannverk.“ Tannstönglar þekktust. Andfúllum mönnum voru gefin ýmis ráð, til dæmis að þvo tennurnar og núa þær með hvítlauk, sem saxaður hafði verið í víni. Einnig var talið árangursríkt að bera álún á tennurnar, en fyrst skyldi það soðið í hunangi. Munnskolan með safti var einnig ráðlögð. Tannþína var læknuð með því að skola tennurnar með jurtaseyði og blóðtökum var beitt, en einnig var ráðlagt að tryggja tiltekna jurtt, taka inn soðið edik eða héraheila eða að troða pipar eða salti upp í holur í tönnum. Sumar ráðleggingarnar draga dóm af hinu fornkeðna, að með illu skyldi illt burt reka. Aska af mannasaur blönduð pipar var notuð gegn tannþínu eftir lækningabókum alþýðunnar að dæma og einnig hrafnadrit.

Kapólskir menn á Norðurlöndum hétu á heilaga Apolloniu, Job og heilaga Agötu við tannþínu eins og tíðkaðist sunnar í

álfunni. Hreinar töfraþulur tíðkuðust líka, til dæmis gegn tannormi. Þá þótti bæta að rita orðin on, ben, nani á pergament og bera það síðan í snúru um hálsinn. Norðurlandabúar virðast á hinn bóginn ekki hafa gripið til þess að draga út tennur fyrr en í fulla hnefana.2)

Norðmenn hafa kannað tannlækningar í Noregi á fyrri öldum. Ekki koma bartskerar þar mikið við sögu, en öðru máli gegnir um aðra stétt iðnaðarmanna. Járnsmiður byggðarlagsins virðist hafa haft það hlutverk að draga tennur úr fólki. Hann átti tengur og hafði næga krafta til að draga út tennur án deyfingar. Tengurnar voru að vísu ekki ætlaðar til tanndráttar, en sumir járnsmiðir virðast hafa bætt úr þessu með því að smíða sér tengur, sem hæfðu betur verkinu. Sjálfmentaðir tanndráttarmenn virðast einnig hafa haft hlutverki að gegna á þessu sviði.

Bandprjónar og saltsýra

Fleiri aðgerðum var beitt en að draga út tennur. Það virðist nánast hafa verið örprifarád. Tennur voru „drepnar“ með glóðhituðu járn eða kemiskum efnunum. Fyrirnefnda aðferðin var raunar forn, enda lýsa þeir Archigenes frá Sýrlandi (d. 117 e.Kr.) og Hali Abbas frá Arabíu (d. 994) henni. Í Noregi var glóðhituðum sýl, höffjöður, stoppinál eða bandprjóni stungið í holu á tönn og holan sviðin innan. Stundum var gengið lengra, og taugin brennd frá tönninni. Bandprjónar virðast hafa verið vinsælt tæki, enda voru þeir nægilega langir til að halda í þann enda, sem ekki gekk inn í tönnina og jafnvel án þess að brenna sig. Stúlkur virðast hafa notað hárnálar og þá framkvæmt aðgerðina sjálfar. Saltsýra var mest notuð kemiskra efna. Þá var bómullarhnoðri vættur upp úr vökvanum og honum troðið inn í holuna. Þetta var endurtekið þar til verkurinn hætti. Af öðrum efnunum má nefna saltþétursýru, arsenik, kreósót, álún, lýsól, kamfórudropa, sóða, pipar, joð, laxerolíu, grænsápu og heitt kaffi. Þessir vökvar voru að sjálfsögðu misáhrifamiklir. Lýsól, stoppinál og bómull virðast hafa verið sjálfsagðir hlutir í „sjúkkrakassa“ sumra heimila. Stundum runnu sýrur og hin sterkari efni út úr holum í tönnum og brenndu þá munn og höku, en þetta þótti mun betra en tannþínan.

Getið er um notkun oddhvasra, glóandi málmhluta og kemiskra efna til að lækna tannþínu í allmörgum svörum við spurningaskrár þjóðháttafélagsins norska (Norsk folkemindelag). Svörin eru yfirleitt að minnsta kosti frá þessari öld. Telja verður því fullvíst, að fyrrgreindar aðferðir til að lækna tannþínu hafi þekkt í Noregi fram yfir aldamótin 1900, í afskekktari byggðarlögum að minnsta kosti.

Sumir reyndu að reykja tóbak eða þurran hrossaskít þegar tannþínan ætlaði þá lifandi að drepa. Aðrir tróðu rullu eða rjóli í holur í tönnum, tjöru, biki eða salti. Einnig var reynt að skola tennur þær, sem verkur var í upp úr köldu vatni eða brennivíni. Hvorttveggja mun hafa deytt, en verkur brennivínsins hefur vafalaust enst lengur. Það er talið uppgötvað af Arnaldus de Villanova um 1300, en barst til Norðurlanda einni öld síðar. Brennivín kann að hafa verið notað til að deyfa menn fyrir tanndrátt og aðrar sársaukafullar aðgerðir. Ekki er getið um slíkt í heimild þeirri, sem hér er notuð, en annars var slíkt alkunna. Pipar og hvítlaukur var notaður gegn tannþínu og einnig edik og jafnvel mjólk.

Pipar og hvítlaukur voru ekki einu jurtirnar, sem Norðmenn ráðlögðu gegn tannþínu. Lækningabækur alþýðu nefna mjög margar aðrar jurtir, sem gefa áttu góða raun. Hér skulu aðeins nefndar jurtirnar aconus calamus, atropa belladonna og hysocyamus niger, enda njóta þær þeirrar sérstöðu að vera eitradar og munu því hafa verið deyfandi. Minnt skal á, að þessar jurtir voru notaðar í smyrslí norna samkvæmt galdrabókum frá öndverðri nýöld. Talið er, að notkun þeirra hafi getað valdið ofskynjunum, til dæmis að mönnum hafi fundist þeir svifa um loftin blá. Einkum var þessi raunin ef smyrsl, sem innihélt þessar jurtir, komst að viðkvæmri húð. Ekki skal farið lengra út í þá sálma hér. Seyði af þessum jurtum var ekki tekið inn.

Sumir reyndu að lina verkinn með því að bera á sér kamfóru eða línfræ. Aðrir smurðu bráðinni tólg á kinnina, eins heitri og sjúklingurinn þoldi. Algengast var þó að nota bakstra, einkum bakstra með heitum hafragraut eða hrossaskít, en bakstrar með heitri ösku og steinum þekktust. Aðrir reyndu að taka eins heitt fótabað og þeir framast þoldu og hlaupa síðan berfættir út í snjó. Þetta var talið lina tannþínuna. Blóð var tekið með bíld til að lækna tannþínu og einnig voru blóðsugur notaðar. Ormar og kóngulær voru notaðar og einnig þekktist að troða kóngulóarvef upp í holur í tönnum. Þá var talið árangursríkt að þvo sjúkar tennur upp úr þvagi eða volgu hundahlandi. Menn hrærðu jafnvel nýjan hundaskít út í ediki og blönduðu í lárberjum. Þetta var síðan lagt við tönnina í klúti.

Þvagi og tennur

Trúin á notagildi þvags gegn tannþínu er athyglisverð, enda kynni hennar einnig að hafa gætt hér á landi, svo sem vikið verður að í næsta kafla. Því skal sögð hér saga frá Vík í Sogni. Hún á að vera frá því um aldamótin 1900.

Hans Husabø var aldraður maður og harðfengur. Konan hans fékk einhverju sinni slæma tannþínu og kvartaði daginn út og daginn inn. Hans varð leiður á þessum kveinstöfum, fór í kaupstaðinn og keypti sér vænan rjólbíta. Eftir heimkomuna skipaði Hans konu sinni að setjast á næturgagnið og pissa það hálfullt. Konan hlýddi. Hans hrærði þá rjólinu saman við þvagið, helli blöndunni í pott og setti hann yfir eld. Hann sauð síðan blönduna þar til hún komst í lítinn bolla og skipaði þá konunni að drekka úr bollanum. Hún hlýddi eins og venja var og þorði ekki að kvarta um tannþínu eftir þetta.

Áheit á heilaga menn þekktust á Norðurlöndum svo sem fram hefur komið, einnig bænir og töfraþulur. Einnig virðist hafa verið reynt að losna við tannþínu með göldrum. Nefnt skal, að menn skáru flís úr tré, stungu henni í holu á tönn og festu síðan flísina aftur í tréð. Prjónn eða nagli var notaður á sama hátt. Með þessu átti verkurinn að færast yfir í tréð. Hér er um aldagamla trú að ræða, sem Paracelsus felldi inn í kerfi sitt. Hann (Theofrastus Bombastos von Hohenheim, 1493-1541) er annars talinn vera einn að feðrum nútíma læknisfræði.

Dauðs manns bein

Sum ráð tengdust beinlínis dauðanum. Menn ráku nagla úr líkkistum, fundna í kirkjugarði, helst ryðgaða, upp í holur á sjúkum tönnum. Aðrir notuðu dauðra manna bein á sama hátt. Tennurnar þóttu bestar til þessa brúks. Það er raunar skiljanlegt, þær eyddust síðast. Í Namdal var ráðlagt að taka bein í kirkjugarði og bera það í munninum á meðan prestur var í predikunarstóli. Síðan skyldi beinið lagt á fyrri stað og sagt „þökk fyrir lánið.“ Danir töldu hjálpa að leggja við sjúka tönn mold úr gróf manna af sama kyni og sá var, sem tannþínuna hafði. Sunnar í Evrópu þótti tönn úr þjófi, sem hafði verið hengdur, vera hið besta lyf við tannþínu. Helst átti að draga þetta læknislyf úr líkinu með tönnum.3)

Hér hafa verið nefnd allmörg dæmi um þau ráð, sem Norðurlandabúar, einkum Norðmenn, notuðu til að ráða bót á tannþínu. Kennir þar margra grasa og fjölskrúðugra. Næst verður athygli beint að mati manna á tönnum og ýmissi þjóðtrú, sem tengist þeim. Þetta nertir að vísu ekki meginefni bókarinnar, en gæti verið fróðlegt til samanburðar fyrir Íslendinga. Norsk þjóðtrú og húsrád eru oft skemmtilega lík íslenskum og þó frábrugðin. Svipaðir efnispættir verða teknir til umfjöllunar í næsta kafla, Íslendingar og tannþínan fyrir 1896.

Tönn fyrir tönn

Tennur voru mikils metnar á fyrri öldum. Því var refsivert að spilla þeim. Hin elstu lög byggja á forsendunni „auga fyrir auga

og tönn fyrir tönn." Þessa forsendu má rekja til löggjafar Hammúrabís, konungs í Babilon (1730-1688 f.Kr.), en hún er einnig áberandi í lögum þeim, sem kennd eru við Móses (lík. á 13. öld f.Kr.), löggjafa Gyðinga. Kveðið er á um í lögum Hammúrabís, að sá maður, sem sló tönn úr öðrum manni, skyldi missa tönn. Hér er átt við frjálsa menn. Á hinn bóginn skyldi þræll, sem braut tönn í frjálsum manni, missa tönn og vera hýddur 6x60 svipuhöggum. Húðlátið hefur vafalaust oft haft dauðann í för með sér.

Réttarfar af þessu tagi tíðkaðist hjá Grikkjum. Rómverjar tóku upp nýjan sið, þar skyldu fébætur koma í staðinn fyrir missi tanna. Í Tólf taflna lögunum er kveðið á um, að maður, sem braut tönn úr öðrum manni, skyldi greiða honum 300 as ef maðurinn var frjálss, en 150 as ella. As var í öndverðu verið á einu pundi af kopar.

Réttarvenjur fornþjóða Austurlanda þekktust á Norðurlöndum á víkingaöld og síðar. Sænsku Upplandalögin (staðfest af konungi 1296) geyma eftirfarandi ákvæði: „Ef tveir menn taka mann, leggja hann á jörðina og brjóta tennur hans, skal kveðja 12 menn til að bera vitni og upphafsmaðurinn skal bæta tönn með tönn." Norður-Evrópumenn höfðu raunar fyrir löngu tekið upp bætur fyrir áverka af þessu tagi er hér var komið sögu. Kveðið er á um í lögum Engilsaxa frá því um 560, að bætur fyrir áverka á munni eða auga skyldu vera 12 shillingar, en 20 shillingar ef kjálkabein brotnaði. Greiða skyldi 6 shillinga á tönn fyrir fyrstu fjórar tennurnar, sem brotnar voru, 4 shillinga fyrir þá næstu, 3 fyrir þarnæstu tönn og síðan einn shilling fyrir hverja tönn. Refsiákvæði af þessu tagi höfðu verið tekin upp á Norðurlöndum fyrir 1200. Þannig er kveðið á um í Bjarkeyjarrétti eldra eða lögum fyrir Þrándheim (um 1200) að hverja framtönn skyldi bæta með hálfri mörk silfurs, hverja augntönn með tveimur aurum (væntanlega silfurs) og hvern jaxl með einum eyri. Gulapingslög (afrit frá því um 1200) verðleggja hverja tönn á einn eyri silfurs. Viðurlög í Frostapingslögum virðast þó hafa verið einna þyngst. Samkvæmt þeim skyldi gerandi bæta þolanda hálfu mörk fyrir verknaðinn og að auki tvo aura fyrir hverja framtönn eða augntönn, sem hann braut, og einn eyri fyrir jaxl. Þetta hafa verið allhárar bætur. Samkvæmt íslenskum rétti jafngilti eitt mark 8 aurum. Kyrverðið var 2 1/2 eyrir. Maður, sem braut tönn úr öðrum manni, varð að greiða 4 aura (hálfu mörk) fyrir verknaðinn og tvo aura fyrir tönnina. Samtals eru þetta 2 2/5 kyrverð. Bæturnar hafa því jafngilt um 220000 krónum á nútímaverðlagi, ef kyrin er reiknuð á 100000 krónur, sem láta mun nærri.

Rétt er að slá þann varnagla, að umreikningur kyrverðs að fornu til nútímaverðlags þarf ekki að vera nákvæmur, verðmæti kyrinnar kann að hafa breyst miðað við peninga. Þess skal einnig getið til skýringar, að Bjarkeyjarréttur var eins konar farmannalög.

Norðmenn tengdu tennur galdri. Orsökinn mun sú, að framtennur voru taldar vera hluti talfæra, menn án þeirra gátu ekki sagt fram töfraþulur og töfraorð á réttan hátt. Einnig er getið um konur, sem fóru upp í kirkjuturn á jölanótt og nóguðu koparinn í kirkjuklukkunum. Þetta átti að gera þeim kleift að verða galdrakonur. Tannlaust fólk gat ekki nagað kopar. Talshættir sýna, að Norðmönnum voru ljós tengslin á milli tanna og framburðar. Þar var sagt, að sá maður væri tannlaus, sem stóð sig illa í kappræðum. Andstæðan voru menn, sem gátu „bitið frá sér."

Postulínsofn frá Ash and sons, London.
Var í eigu **Halls L. Hallssonar** tannlæknis.
Sennilega sá fyrsti, sem keyptur var til landsins.

Tanntaka og tannfé

Ýmiss konar trú hefur tengst tanntöku og töku fullorðinstanna allt frá fornu fari. Sum börn fæðast með tennur. Finnar töldu slík börn líkleg til að verða góðir ræðumenn og jafnvel skáld þegar þau stækkuðu. Svíar höfðu fyrir satt, að slíkt barn mundi „bíta frá sér" þegar það stækkaði og Norðmenn að það yrði harðgert. Á Austfold var haft fyrir satt, að barn, sem fæddist á sunnudegi og með tennur, gæti síðar blásið upp alla lása. Ekki trúðu allir Norðurlandabúar því þó, að tennur í nýfæddum börnum væru góður fyrirboði, sumir töldu þetta boða, að barnið yrði skammlíft. Dæmi um slíka trú eru kunn frá norsku dölunum.

Þjóðtrúin taldi tennur vörn gegn illum öflum. Harðangursbúar nefndu því börn aldrei með réttu nafni né sýndu þeim í spegil fyrr en þau höfðu tekið fyrstu tönnina. Fyrstu tanntöku var fagnað og barninu gefnar gjafir, tannfé. Verðmæti var misjafnt. Hákon jarl fékk þrælinn Kark í tannfé, og í bréfi frá 1361 kemur fram, að stór jörð á Heiðmörk hafði verið gefin í tannfé. Algengast mun þó hafa verið að gefa búfé, peninga eða teskeiðar í tannfé. Foreldranir gáfu barninu tannféð, en algengt virðist hafa verið, að sú manneskja, sem fyrst fann tönnina í munni barnsins, hafi aðstoðað þá, til dæmis með því að gæta þess búpenings, sem foreldranir gáfu.

Margskonar þjóðtrú tengdist töku fullorðinstanna og meðferð þeirra barnatanna, sem losnuðu. Í Þýskalandi (Mecklenburg) var venja að kasta barnatönnum svo langt aftur fyrir sig, að þær fundust ekki. Þá átti fullorðinstönn að koma fljótlega í ljós. Algengt var að kasta barnatönnum á eld og ákalla eldvættinn Nokka eða Loka, sem kynni að vera Loki norrænnar goðafræði. Þá þekktist að stinga barnatönnum í tré eða músarholur. Í síðari tilvikinu var músin beðin um fullorðinstönn í staðinn. Sumir telja, að þetta hafi átt að tryggja barninu jafngóðar tennur og mýs höfðu. Þær eru nagdýr svo sem kunnugt er, en sá spendýraflokkur hefur sterkar tennur.4)

Af framanskraðu má ráða, að frumstæðar aðgerðir og ýmis forn ráð héldu velli á Norðurlöndum fram á 19. öld og jafnvel fram yfir aldamótin 1900. Þetta á að minnsta kosti við um Noreg. Annars var þróunin á 18. og 19. öld í átt til nútímatannlækninga. Sú var raunin um Danmörku, en Ísland var hluti Danaveldis á þessu tímabili. Hér verður því greint frá þróuninni í Danmörku 1700-1881 í örstuttu máli.


Bartskerar og skottulæknar

Bartskerar önnuðust tannlækningar í Danmörku á fyrri öldum. Þeim var heimilt að draga út tennur, og þeir héldu þessum réttindum fram á 19. öld, einkum hinir svonefndu amtsbartskerar. Réttindin voru að visu einskorðuð við það amt, sem viðkomandi bartskeri var heimilisfastur í. Amtsbartskeri mátti ekki stunda iðn sína í öðrum ömtum, þar hafði annar bartskeri einkaleyfi til þessa starfs. Væntanlega er hér um arfleifð frá hinum fornu gildum að ræða, og hefur hún átt að stuðla að nægri atvinnu fyrir alla í stéttinni. Ákvæði um réttindi amtsbartskera voru tekin upp í tilskipun um stofnun handlæknadeildar við Kaupmannahafnarháskóla frá 22. júní 1785. Þau stóðu síðan við makt þar til lög um rakaraiðn tóku gildi 30. janúar 1861. Þá voru einkaréttindi amtsbartskera afnumin og þá einnig heimild þeirra til að draga út tennur. Sú undantekning var þó gerð, að amtsbartskerar í starfi skyldu halda réttindum. Þau hafa því horfið úr sögunni þegar amtsbartskerar þeir, sem voru í starfi 1861, hættu störfum.

Heimild amtsbartskera til að draga út tennur náði ekki til kaupstaða. Kansellibréf frá 19. ágúst 1820 mælir fyrir um, að bartskerar í kaupstöðum megi ekki stunda rakstur nema þeir verði prófaðir.



Ýmsir fleiri menn en bartskerar stunduðu tannlækningar í Danmörku á 18. öld, ekki síst útlendingar, sem fengu til þessa sérstakt konungsleyfi. Þannig var Anton V. Scarpeta heimilað 10. ágúst 1722 að hreinsa eða draga út tennur gegn vægu gjaldi og að setja beintennur í staðinn fyrir þær, sem hann dró út. Þá fékk F. A. Crentzthaler, munn- og tannlæknir, leyfi, dagsett 9. júní sama ár, til að stunda iðn sína í Kaupmannahöfn næstu þrjá mánuði og einnig til að selja þar lyf við vægu verði. Hann fékk síðan við lok þessa þriggja mánaða tímabils, 18. september, heimild til að stunda iðn sína til frambúðar í Kaupmannahöfn og öðrum borgum í Danmörku, enda gerðist hann borgari í Kaupmannahöfn. Mörg fleiri dæmi um þetta frá 18. öld mætti tilfæra, en þetta verður að nægja.



Glaðloftstæki flutt til landsins 1946 af **Jóni Kr. Hafstein**.

Löggjafinn grípur í taumana

Algengt var í Danmörku á 18. öld og jafnvel fram á fyrri hluta 19. aldar, að ómenntaðir menn hafi stundað tannlækningar og jafnvel ýmsar aðrar lækningar. Þessir læknar voru kallaðir skottulæknar (kvaksalvere). Ýmsar tilraunir voru gerðar til að sporna gegn starfsemi þeirra, og ber tilskipun um skottulækningar frá 5. september 1794 þar einna hæst. Þar segir svo meðal annars í 6. grein, að heimila megji manni að starfa sem læknir, sem ekki hafi lært læknisfræði, ef hann fái meðmæli amtmanns og læknis. Heimildin var þó bundin við þær aðgerðir, sem viðkomandi hafði sýnt fram á, að hann hefði á valdi sínu. Sama máli gegndi um heimild til að ávísa lyfjum. Óheimilt skyldi slíkum mönnum að starfa utan síns amts.5) Ákvæði þessi munu hafa náð yfir tannlækningar. Læknávisindin þróuðust allhtratt á 19. öld. Ákvæðið frá 1794 sýnir, að ólærðir menn urðu að gangast undir prófun til að fá starfsréttindi. Möguleikar til þess að standast slíka prófun minnkuðu þegar læknávisindunum fleygði fram. Í athugasemdum frá heilbrigðisráðuneytinu danska, dagsettum 21. desember 1817, eru menn, sem ekki höfðu verulega þekkingu í læknisfræði, aðeins taldir geta dregið út tennur og skorið burtu líkþorn. Tekið er fram, að jafnvel á þessum sviðum valdi slíkir menn tjóni, sem rekja megji til vanþekkingar. Verra er þó talið, að þeir gangi stundum lengra í lækningum en þeir hafi heimild til.6)

Skipta má árunum 1800-1873 í fimm tímabil að því er varðar lagaákvæði um réttindi til að stunda tannlækningar og kröfu til slíks. Fyrir 1831 veitti kansallíð leyfi til að stunda slíkar lækningar eftir að umsækjandi hafði staðist prófun við handlækningadeild háskólans. Breytt var um stefnu 1832. Þá var ákveðið, að læknum skyldi falið að annast tannlækningar og prófun í tannlækningum var felld niður. Undantekningar munu þó hafa þekkt. Undanþágurnar jukust að mun á árunum 1842-1853, en prófanir voru þó ekki teknar upp. Kansallíð gaf árið 1844 út tilskipun þess efnis, að tannsmíði og það að koma gervitönnum fyrir í munni væri frjáls atvinnustarfsemi. Þetta var raunar niðurstaða dómsmáls. Árið 1853 var prófunin (tentamen) tekin upp á nýjan leik. Prófunin skyldi vera á vegum læknadeildar háskólans. Starfsréttindi í tannlækningum voru næstu áratugi háð því hvort menn stóðust þessa prófun eða ekki. Þessi skipan átti að vera til bráðabirgða, en hún stóð eigi að síður við makt í tvo áratugi. Heilbrigðisráðuneytið skipaði 1865 nefnd til að fjalla um málefni tannlækna, en deilur um rétt þeirra til að nota deyfilyf töfðu störf hennar. Meirihluti danskra

tannlækna skoraði á stjórnvöld 1871 að hraða málinu og með þeim árangri, að árið 1873 voru gefnar út tvær tilskipanir, önnur 1. mars og hin 3. mars. Fjallaði hin fyrrnefnda um tannlæknaþróf og hin síðarnefnda um skilyrði til að mega stunda tannlækningar og um starfssvið tannlækna.

Samkvæmt fyrri tilskipuninni skyldi manni heimilt að gangast undir tannlæknaþróf við háskólann ef hann hafði staðist tilskilið forþróf eða hliðstætt próf. Fimm manna nefnd á vegum læknadeildar skyldi annast tannlæknaþrófið. Heilbrigðisráðuneytið tilnefndi tvo nefndarmanna úr hópi tannlækna í Kaupmannahöfn, en læknadeild Kaupmannahafnarháskóla hina þrjá. Tannlæknaþróf skyldi haldið tvisvar ár hvert. Það skyldi vera í tveimur hlutum, bóklegum og verklegum hluta. Allnákvæm fyriræmi eru gefin um námsefni til prófs, sem ekki verða rakin hér. Einkunnargjöf var „staðið“ eða „ekki staðið“. Heimilt var að endurtaka próf eftir fimm mánuði hið minnsta ef tannlæknanemi hafði fallið á prófi. Nemi þurfti ekki að endurtaka hinn verklega hluta prófsins við kringumstæður sem þessar ef frammistaðan í þeim hluta hafði verið viðunandi þegar prófið var þreytt í fyrra skiptið.

Fótstigin borvél, gerð:
Empire, framleidd í Englandi.
Notuð af **Halli L. Hallssyni** á
tannlækningaferðum í dreifbýli.



Í síðarnefndu tilskipuninni kemur fram, að dómsmálaráðuneytið veitti mönnum leyfi til að starfa sem tannlæknar. Slíkt leyfi var þó bundið því skilyrði, að umsækjandi hefði lokið tannlæknaþrófi, væri fullra 25 ára að aldri og gæti lagt fram vottorð um góða hegðun, undirritað af tveimur mönnum. Að starfsleyfi fengnu var viðkomandi heimilt að taka sér titilinn tannlæknir og að hreinsa tennur, setja plúmbur í tennur, draga út tennur, setja stiftennur og góma í menn og að fást við sjúkdóma í tönnum og tannholdi. Tannlækni var óheimilt að selja öðrum lyf en sjúklingum sínum. Honum var aðeins heimilt að selja eitruð lyf í smáum skömmtum, enda kæmi fram, á umbúðunum, að þau væru eitruð og ætluð til útvortis notkunar. Honum var óheimilt að nota klóróform nema að lækni viðstöddum. Tannlækni var óheimilt að gefa ávisun á lyf til notkunar innvortis. Honum bar að kaupa öll efni í lyf sín í apóteki og að senda lyfseðla sína þangað. Heimilt var að svipta tannlækni réttindum ef hann var dæmdur fyrir verknáð, sem talinn var svívirðilegur.

Konum var heimilað að taka próf í tannlækningum og starfa sem tannlæknar 1877. Kröfur á prófinu í tannlækningum virðast hafa verið allmiklar. Þessu til stuðnings skal bent á, að í árslok 1885 höfðu 66 tannlæknanemar gengið undir próf, en 18 (27%) þeirra höfðu ekki staðist prófið. Allmargir höfðu þurft að endurtaka próf og nær einvörðungu í bóklega hlutanum.7)

Ákvæðin frá 1873 mótuðu tannlæknanám í Danmörku til ársloka 1885 að minnsta kosti. Reglurnar voru að vísu skerptar nokkuð með tilskipun 30. ágúst 1881, en hún fjallar einkum um forpróf. Þróunin í Danmörku verður því ekki rakin lengra fram heldur vikið að ástandinu á Íslandi á fyrri öldum. Þar varð breyting á upp úr 1890.

TILVÍSANIR: (blaðsíðutöl eiga við um bókina)

1. Salmonsens Konversations Leksikon (Kbh. 1927), XXIII. bls. 65-67.
2. Møller-Christensen og Vilksuna, K.: Tandsygdomme, Kulturhist. Leks., XVIII. bls. 121-124.
3. Hunstadbråten, K.: Tenner og tannverk i norsk folketro, bls. 91-169. Einnig er lítilsháttar stuðst við Lýður Björnsson (útg.): Kennimark kölska, bls. 122, 168.
4. Hunstadbråten, K.: S.st., bls. 13-64.
5. Hage, H.: Det danske Tandlægevesen, bls. 1-6.
6. Rørbye, B.: Kloge folk og skidfolk, bls. 211.
7. Hage, H.: S.st., bls. 6-7, 149-153, 166.

II. Íslendingar og tannþínar fyrir 1896

Tanna er helst getið í íslenskum fornritum í tengslum við bardaga og vígaferli, eða í mannlýsingum, tannþínu getur þar ekki. Klaufa böggvi er meðal annars lýst svo í Svarfdælu, „að sköguðu hátt tvær (tennur) úr hausnum" og um Skarphéðin er sagt í Njálu, að „lá hátt tanngarðurinn." Þyngsta refsing lá við því að brjóta tennur úr manni, skóggangur. Þetta taldist til hinna meiri sára eins og að tunguskera mann, blinda, skera af manni nef eða eyru eða að gelda mann.1) Líklegt er reyndar, að sómi þess manns, sem tennur voru úr brotnar, hafi verið metinn allhátt, en fornönnun mun einnig hafa verið ljóst að tannlaus maður eða tannslæmur gat átt í miklum erfiðleikum með að taka til sín fæðu.

Til skýringar skal þess getið, að skóggangur maður var útlægur úr mannlegu samfélagi á meðan hann lifði, óalandi, óferjandi og óráðandi öllum bjargráðum. Hann var réttdræpur hvar sem til hans náðist.

Rannsóknir Jóns Steffensens

Talsverðar rannsóknir hafa verið gerðar á tönnum Íslendinga fyrir 1200 og raunar einnig á tönnum síðari tíma manna hér á landi. Þar ber hæst rannsókn Jóns Steffensens á tönnum úr beinagrindum, sem fundust í kirkjugarðinum að Skeljustöðum í Þjórsárdal, og úr beinagrindum, sem fundust í kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík. Hinar síðarnefndu, sem hann tekur til umfjöllunar, voru þó aðeins sjö talsins, en beinagrindurnar frá Skeljustöðum yfir 60. Rannsakaðar voru tæplega 1100 tennur frá Skeljustöðum, og reyndist engin þeirra vera með ótvíræðar tannskemmdir. Sama máli gegndi um allar tennur úr kirkjugarðinum við Aðalstræti, en hinar yngstu þeirra voru frá 18. öld. Aftur á móti var tannsteinn áberandi á tönnum frá Skeljustöðum. Sama máli gegndi um kjálkagarð, beinútvexti innan á tanngarði, neðri kjálka, gómgarði og víðar. Tennur voru mjög slitnar. Þetta allt gilti einnig um tennur úr kirkjugarðinum við Aðalstræti að því undanskildu, að kjálkagarður fannst ekki á þeim. Hann mun annars hafa verið algengur meðal þjóða, sem lifðu mestmegnis á fæðu úr dýraríkinu og tuggðu því mikið. Tannslitið og kjálkagarðinn rekur Jón Steffensen til mikillar neyslu á þurrkuðum fiski og kjöti, sem mengað hafi verið steinkornum, sem borist hafi í matvælin í verkun, flutningi eða geymslu. Tannholdsþóla virðist hafa verið algengur sjúkdómur meðal Þjórsdæla hinna fornu, og 38% af kjálkum fullorðinna báru vott um ígerð undir tannrót. Þetta skýrir Jón Steffensen sem skort á C-vítamíni, sem hafi valdið því, að tannholdið hafi oppnast og sýklar hafi þannig komist undir tannrótina. Vilmundur Jónsson landlæknir telur neysluvenjur vera orsök lítilla tannskemmda á fyrri öldum, einkum lítil notkun sykurs.2)



Kátsjúk, efri gömur með nýsilfursplötu frá skólaárum Rafns Jónssonar í Kaupmannahöfn.

Orðfæð heimilda um tannþínu getur bent til þess, að hún hafi færri plagað framan af öldum en síðar varð. Heimildir geta ekki heldur manna, sem sérhæfðu sig í að draga út tennur líkt og járnsmiðir gerðu í Noregi. Hér virðist ekki hafa tíðkast að bora með glóandi nálum eða þrjónum í holur í tönnum á fyrri öldum til að lækna tannverk líkt og þar gerðist. Hvortvegja kann að benda til lítillar úbreiðslu tannskemmda, enda er tannþína sársaukafullur sjúkdómur, sem menn hefðu væntanlega reynt að þróa ráð til að losa fólk við. Tannþína hefur á hinn bóginn þekkt í landinu snemma á öldum. Um þetta ber orðið tannáta vott, en það speglar

hina fornu trú, að orsök tannþínu væri sú, að ormur nagaði tönn eða tennur. Trú þessi var kunn víða í Evrópu, meðal annars á Norðurlöndum.

Vitnisburður fornra lækningabóka

Tvær fornar íslenskar lækningabækur hafa varðveist. Hin yngri þeirra er kennd við Þorleif hirðstjóra Björnsson (d. 1486). Hún geymir allmörg ráð við tannþínu, flest lúta að því að skola sjúkar tennur með seyði af tilteknum jurtum eða að smyrja þær með smyrslí, sem innihélt slíkt seyði. Nefndar eru einar 20 jurtategundir, sem taldar eru heppilegar í þessu skyni. Sá galli fylgir gjöf Njarðar, að allar þessar tegundir utan ein eru erlendar og finnast ekki hér á landi. Þetta segir sína sögu um uppruna bókarinnar, hún er af erlendum toga spunnin. Ein jurt kann þó að hafa verið notuð hér, vallhumall eða millefolium, en í lækningabók Þorleifs er tekið fram, að lögur af jurtinni blandaður með kúasmjöri tæki af verk, ef hann væri lagður við tennur. Vitað er, að vallhumall blandaður kúasmjöri var notaður til að eyða bólgu fram yfir miðja 19. öld. Sigríður Jónsdóttir, móðir Björns Jónssonar, ritstjóra og ráðherra, þótti gera góð smyrslí af þessu tagi.

Hér verður getið nokkurra ráða við tannþínu af erlendum toga, enda kunna menn að hafa orðið sér úti um jurtir eða efni erlendis. Blað af pimpinella (líklega p. saxifraga fremur en p. anisum) með floti var öflugt gegn tannþínu. Ráðlagt er að skola tennur á morgnana upp úr legi af lauktegund einni, allium cepa. Stappað lækniþélað (aanosglosa sive plantago) var gagnlegt gegn tannþínu, en einnig var ráðlagt að leggja stöppuna við þrútið og blóðfullt tannhold. Stappað hjartarhorn dró úr tannþínu. Alún blandað með hunangi og ediki festir lausar tennur og lækna tannholdsþóla. Árangursríkt var að troða sinnepi í skemmdar tennur.

Salt þótti allgott meðal við tannsjúkdómum. Ráðlagt er að rjóða brenndu salti um tennur og tannhold til að draga úr verk eða að troða hafsalti í holur í tönnum eða raufar, enda dræpi það maðk og létti verk.3)

Getið er nokkurra alþýðuráða gegn tannþínu í bókum um þjóðfræði og í þjóðsagnasöfnum. Sr. Jónas Jónasson á Hrafnagili tilgreinir eftirfarandi ráð: „Við tannþínu á að brjóta tönn úr mús og stanga með henni við tönnina, leggja við tönnina saur úr árgömlu sveinbarni, mylja hundstennur og taka inn duftið, leggja við tönn úr dauðum manni.“ Lækningamáttur tanna úr nagdýrum gegn tannþínu var talinn mikill erlendis og einnig tanna úr dauðum mönnum, helst úr þjófum og öðrum sakamönnum, sem höfðu verið hengdir. Þessi trú hefur borist hingað, óvíst hve snemma. Margir hundar virðast vera vel tenntir, og kann þetta að vera orsök trúarinnar á lækningarmátt hundstanna gegn tannþínu. Svipuð trú lá að baki notkunar tanna úr nagdýrum, svo sem fram hefur komið. Unnt var að lækna tannþínu með því að ná í veiðikampa af lifandi sel og nota þá fyrir tannstóngla. Einnig var gott ráð gegn tannþínu að halda lifandi ánamaðki uppi í sér og láta annan enda hans í skemmdu tönnina, enda eyddi ánamaðurinn þá skemmdinni. Tvö síðastnefndu læknisráðin eru fengin í kreddusafni Einars Guðmundssonar.4)

Síðarnefnda læknisráðið var þekkt erlendis, til dæmis í Noregi, en hið fyrrnefnda kynni að vera íslenskt.

Hluti af minjasafni TFÍ, tannlæknastofa
Halls L. Hallssonar. Tæki keypt 1929.
 Hér er m.a. fyrsta tannröntgengtæki
 sem flutt var til landsins.



Hrossalækning á Snæfellsnesi

Í síðasta kafla var þess getið, að Norðmenn hafi á fyrri öldum talið vera árangursríkt gegn tannþínu að þvo sjúkar tennur upp úr þvagi og jafnvel volgu hundahlandi. Á 16. öld sigldu hingað feðgar tveir þýskir flest ár í nokkra áratugi, Peerse að nafni.

Annar þeirra ritaði bók um Ísland og segir þar, að Íslendingar þvoi „munng og höfuð höflega úr því (vatni), sem þeir hafa látið um nóttina.“ Þetta hafa verið talin

illgirnisleg skrök, en vitneskjan um trú og háttarlag Norðmanna kynni að breyta þeirri skoðun.5)

Þórbergur Þórðarson hefur skráð mjög sérstæða frásögn af lækningu tannþínu með þvagi. Heimildarmaður var sr. Árni Þórarinnsson. Frásögn þessi verður birt hér óstýtt, enda er höfundur þessarar bókar ekki fær um að endursegja hana.

„Á einum bæ á Snæfellsnesi var myndarstúlka, sem fékk ægilega tannþínu, er lá í öllum tönnunum í einu. Var þessi sjúkleiki svo kvalafullur, að stúlkan létti ekki hljóðum nótt né dag. Þá var í skýrslunni einn af þessum undralæknum, sem í þann tíð voru á Snæfellsnesi. Hann hét Jónas, og var ég honum vel kunnugur, en föðurnafni hans hef ég þó gleymt.

Þetta bar að um vetur. Þegar auðsætt þótti, að þjáningum stúlkunnar myndi ekki linna af sjálfu sér, var sent eftir Jónasi lækni á mörgum hestum skafaljárnuðum. Sendimaður fór sem hraðast hann mátti og kom með Jónas eftir ótrúlega skamman tíma. Læknirinn gengur þegar til baðstofu, kastar kveðju á fólk og spyr síðan, hvort hér sé nokkur óspillt jómfrú á bænum.

Því var dauflega tekið.

„Ég þarf að fá svolitinn sopa af meyjarpissu,“ sagði læknirinn.

Fólkið taldi bágar líkur til, að hana væri þar að finna. En auk þess stæði nú svo illa á, að allar kvenpersónur á bænum hefðu nýlega kastað af sér vatni í fjósflórinum. Læknir vildi þó ekki trúna, að svo óvenjulega væri ástatt á heimilinu, að þar myndi leki leki í neinu næturgagni. Hann seilist því undir rúmstokkana og dregur fram hvern kvenkoppinn af öðrum, ber þá upp að vinstra auganu, hálfðregnu í pung, rýnir niður í þá, hristir þá lítið eitt og segir jafnóðum og hann gengur á röðina: „Jóna-ekkert, Stína-ekkert. . .“

Þegar hann hefur grandskoðað koppa allra vinnukvennanna, spyr hann húsfreyjuna, hvort hann megi líta á næturgagn hennar, því að hún hafði ekki ennþá orðið barnshafandi.

Það var vel komið.

Í því gaf að líta ofurlítið mig. Jónas bar það upp að auganu, gutlar því til, hristir svo höfuðið og stingur kopnum þegjandi undir rúmið.

Nú var enginn kvenkoppur eftir órannsakaður nema næturgagn gamallar kerlingar. Hún var svo við aldur, að heita mátti, að hún væri orðin hrein jómfrú í annað sinn. Læknirinn tekur kopp hennar undan rúminu, kíkir niður í botninn á honum og hristir hann til. Hann var vætulaus. Þá spyr hann kerlinguna, hvort hún treysti sér ekki til að miga svo sem eitt til tvö spónblöð í koppinn. Hún kvaðst skyldi reyna og gat kreist úr sér svolitlum dreitli.

Nú spyr Jónas, hvort hlandsteinn muni vera til í nokkrum koppi á heimilinu, en það hafði honum láðst að athuga af áhuga á pissunni. Hlandsteinn þyrfti hann að fá til lækningarinnar, jafnvel þó að yrði að sækja hann á aðra bæ.

Húsfreyjan varð þar skjót til svars og kvað mjög ólíklegt, að hlandsteinn myndi finnst í kopnum sínum. Hann væri þar þá að minnsta kosti án sinnar vitundar, enda var þetta annálað þrifnaðarheimili.

En læknirinn vildi ekki trúna þessari fullyrðingu að órannsökðu máli. Hann dregur nú koppana hvern á fætur öðrum undan rúmnum, ber þá upp að auganu, klórar innan botna og laggr með vísifingri hægri handar, kíkir undir nöglina og við hefur svipuð ummæli og áður: „Jóna-engin, Stína-engin. . .“ Seinast rýnir hann niður í kopp kerlingar. Þar vildi svo vel til, að honum tókst að skafa saman með nöglinni í löggum og botni kopsins svo sem eitt kvint af hlandsteini. Þessu hræir hann vandlega saman við pissu kerlingar, þar til úr verður hæfilega þykkur jafningur.

Þegar hann hefur tilreitt þannig lyfið, skipar hann fólkinu út úr baðstofunni og ræður því til að fara inn í fjárhús langt úti á túni og byrgja vel að sér, því að hljóðin í stúlkunni muni verða svo ægileg, þegar lækning hefjist, að hann vilji ekki leggja það á neina manneskju aðra en sjálfan sig að þola slík ósköp. Og við sjúklinginn segir hann, að lækningin hafi í för með sér óstjórnlegar kvalir, meðan á henni standi. En stúlkan vill allt til vinna til þess að losna við píslirnar, sem tannþínan hafði bakað henni.

Heimilisfólkið hlýðir þegar ráðum læknisins og flýr út í fjárhús á túninu og lokar vandlega að sér. Þá tekur Jónas til við lækninguna og smyr jafningnum gaumgæfilega upp og niður um báða tanngarða sjúklingsins og tannholdið utan og innan. Þegar smurningunni er lokið, tekur stúlkan að hljóða með þvílíkum fádæmum, að fólk í fjárhúsinu grípur báðum höndum sem fastast fyrir eyrun til að deyfja þessa angistarkveinan og er þó samt nóg boðið.

En eftir sjö mínútur dettur allt skyndilega í dúnalogn. Þá heldur fólk í fjárhúsinu, að stúlkan sé dáin og flýtir sér heim í bæinn til þess að veita henni nábjargirnar. En það reyndist á annan veg. Þegar það kemur inn í baðstofuna, er stúlkan að vísu máttfarin eftir kvalakastið, en kenndi sér að öðru leyti engra meina. Sá ljóður var þó á lækningunni, að hver einasta tönn var laus í munni hennar. En þær festust allar aftur á skömmum tíma. Og fann hún aldrei til tannþínu eftir þetta.6)

Þessarar hrossalækningar getur ekki í öðrum heimildum. Því er full ástæða til að ætla, að hún hafi að minnsta kosti verið fátíð. Lækningin minnir óneitanlega á málsáttinn forna: Illt skal með illu út drífa.

Skáldagelgur og barnatennur

Ýmis trú var tengd tannþínu hér á landi sem erlendis. Jónas frá Hrafnagili getur þess, að barn, sem fæddist með tennur, yrði fljótt til máls og áreiðanlega skáld. Tennur þessar voru kallaðar skáldagelgur. Þessi trú var alþekkt erlendis eins og fram hefur komið. Einnig virðist því hafa verið trú að hér, að börn yrðu skammlíf ef þau tóku snemma tennur, en langlíf ef þau tóku tennur

seint.

Hinn forni siður að gefa börnum einhverja gjöf þegar þau taka fyrst tennur hefur haldið velli. Gjöf þessi nefnist tannfé. Um aldamótin síðustu var algengast að gefa börnum einhverja bók, silfurskeið eða annað þvíumlikt í tannfé. Sá, er fyrstur fann tönn í barni, skyldi gefa því tannfé eftir kreddusafni Einars Guðmundssonar að dæma. Samkvæmt safni þessu var óráðlegt að gefa barni nautgrip í tannfé, enda átti barnið þá að verða heimskt. Nautgripir höfðu ekki á sér skynsemdarorð.7) Höfund þessa rits minnr, að honum hafi eindregið verið ráðlagt að stinga barnatönnum sem losnuðu í moldarvegg ella ætti hann á hættu að þurfa að leita að tönnum þessum eftir dauðann. Þetta var í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu um 1940. Minnt skal á, að í Noregi tíðkaðist sumstaðar að stinga barnatönnum í músarholur og í von um að fá góðar fullorðinstennur. Músarholur voru víða í moldarveggjum og kann hér því að vera upprunalega um sömu trú að ræða og tíðkaðist í Noregi. Refsingar vegna vanrækslu getur á hinn bóginn ekki í norski þjóðtrú. Hér hefur verið greint frá ýmsum húsráðum gegn tannþínu og ráðum úr fornum lækningabókum ásamt síðum og trú tengdri tanntöku. Röðin er komin að aðgerðum lækna.

Athafnir lækna

Þorkell Arngrímsson (1629-1677), prestur í Görðum á Álftanesi, var fyrsti Íslendingurinn, sem lærði læknisfræði við háskóla svo vitað sé. Þorkell skræði lækningar sínar, og er skráin varðveitt. Hann læknaði nokkra menn af tannsjúkdómum, bæði tannátu (caries) og tannkýli. Flestir sjúklinganna munu hafa átt heima í Kristjánssandi, en þar dvaldist sr. Þorkell um skeið, aðrir kunna að hafa búið á Álftanesi. Tannverk, sem orsakaðist af tannátu, læknaði sr. Þorkell með því að láta sjúklinginn skola munn með eins heitu soði af hnerrirótarjurt og sjúklingurinn framast þöldi eða með svonefndu samkenndardufti (Pulvis noster sympatheticus). Tannkýli læknaði hann með dásemdarp lástri (Emplastrum admirabili). Plástur þessi var framleiddur með því að sjóða saman rauða menju og bómolíu og bæta lítilsháttar skammti af vatni í blönduna. Hún var síðan látin storkna. Plástrinum var strokið um tannkýlið.8)

Ekki er getið um tannnúdrátt í skrá sr. Þorkels, slíks var tæplega að vænta. Hann var lærður lyflæknir, en þeir lögðu ekki fyrir sig handlækningar á fyrri hluta 17. aldar, höfðu raunar skömm á þeim.

Ekki verður af tiltækum heimildum ráðið, að lækna, hand- eða lyflækna, hafi sinnt tannlækningum í talsvert á aðra öld eftir þetta. Bartskerar störfuðu raunar hér á landi frá því um síðaskiptin og fram á 18. öld. Lítið er vitað um aðrar lækningar þeirra en á sárásótt. Þeir kunna eigi að siður að hafa losað einhverja við tannþínu líkt og stéttarbræður erlendis. Prentaðar heimildir geta ekki um tannlækningar Bjarna landlæknis Pálssonar (1719-1779), en Sveinn læknir Pálsson (1762-1840) lýsir einni aðgerð, Lýsingin er svohljóðandi:

„Í febrúarmánuði kom til mín gömul kona vestan úr Flóa í Árnassýslu til að leita lækninga á óþægilegu kýli á tannholdi neðra góms. Þegar ég ætlaði að stinga á því með hnífisoddi, fann ég eitthvað hart fyrir egginni, og sem ég hreyfði meira við þessu, datt kýlið af, eins og það lagði sig. Sá ég þá, að þetta var Patella (olnbogaskel), og var dýrið lifandi innan í skelinni og mun stærra en tituprjónshaus. Hafði það sogið sig fast við tannholdið og angrað það, svo að sárindi og þroti mynduðust í kring, en skelin sjálf var orðin hulin seigu slími (materia plastica). Við nánari eftirgrennslan varð ég þess vísari, að konan hafði fyrst orðið vör sárinda, eftir að hún hafði etið söl. Fóru þrautirnar sívaxandi, án þess að láta sér segjast við blóðtökur, smyrsl né koppasetningu skottulækna, sem til náðist, unz svo var komið, sem áður greinir.“9)

Sveinn getur þess ekki hve langur tími leið frá því að konan borðaði sölin og þar til hún kom á hans fund. Ráð þau, sem Sveinn getur um og skottulæknarnir notuðu, hafa vafalítið verið almennt notuð við tannþínu. Læknaaðgerð þessi var framkvæmd árið 1795.

Fyrsti íslenski tannlæknirinn

Danir gerðu prófun við handlækningadeild Kaupmannahafnarháskóla skilyrði þess að mega stunda tannlækningar 1794 eins og fram kom í fyrsta kafla. Öld leið áður en Íslendingar fengu þjónustu manna með einhver sérstök réttindi sem tannlækna. Einn maður lagði þó stund á tannlæknaám um miðbik aldarinnar, en hann settist að í Kaupmannahöfn. Þetta var **Grímur Þorláksson** (1809-1884), bróðir Þórarins bónda í Hvallátrum á Breiðafirði. Hann nam ungar gullsmíði í Kaupmannahöfn, en starfaði hjá Christian L. Voss hirðtannlækni í Kaupmannahöfn um 1840 og kann að hafa lært þar tannsmíðar og jafnvel eitthvað um tannlækningar. Grímur tók tannlæknaþróf frá læknaeild Kaupmannahafnarháskóla 1854, fékk tannlæknaeyfi 1855 og starfaði sem tannlæknir í Kaupmannahöfn til dauðadags. Sonurinn, **Carl G. C. Thorláksson** (1846-1915), fetaði í fótspor föður síns, lauk tannlæknaþrófi við Kaupmannahafnarháskóla 1867 og starfaði áratugum saman við tannlækninga í Kaupmannahöfn. Hann komst til talsverðra metorða meðal stéttarbræðra sinna í Kaupmannahöfn, var inspektor við Dansk tandlægeförening institut og prófdómari við tannsmíðadeild tannlækna skólans. Carl Thorláksson var formaður tannlæknafélagsins danska 1886-1888. Hann kenndi fyrsta lækningum, sem tók tannlækningar sem sérgrein og starfaði hér á landi, **Vilhelm Bernhöft**.10)

Tannskemmdir færast í vöxt

Læknaþjónustan smábatnaði á 19. öldinni. Sex lækna voru að störfum um aldamótin 1800, en árið 1870 voru þeir orðnir ellefu.11) Jafnframt verða skýrslur um heilbrigðisástand betri. Þar er einnig að finna upplýsingar um tannskemmdir. Dr. P. A. Schleisner dvaldist hér við ginklofarannsóknir 1847-1848. Hann ferðaðist um landið og skoðaði eða safnaði hjá héraðslæknum upplýsingum um 2600 sjúklinga. Dr. Schleisner telur tannsjúkdóma mjög sjaldgæfa á Íslandi. Þetta taldi Jón Finsen, sem var héraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu 1856-1866 og í Austfirðingafjórðungi að auki 1860-1866, vera ofmælt og upplýsti, að um 3% sjúklinga sinna hefðu haft skemmdir tennur. Árið 1861 voru níu af sjúklingum Jóns í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu með skemmdir tennur og 20 að auki á Austurlandi, sex karlar og 14 konur. Næsta ár getur Jón Finsen um 17 sjúklinga með skemmdir tennur, aðallega konur að því er virðist. Hann taldi tannátu færast í vöxt og kennir aukinni kaffidrykkju og neyslu á kandís um tannskemmdir kvenna. Jón Hjaltalín landlæknir kveðst hafa dregið út margar tennur 1861, en nefnir engar tölur. Meiri brögð virðast hafa verið af tannskemmdum í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu. Þar var Jósep Skaftason læknir (1856-1875). Hann getur um 10 sjúklinga með tannskemmdir 1871 og 14 næsta ár. Jósep var talinn góður handlæknir, og telur Páll Kolka líklegt, að fólk með tannþínu hafi fremur leitað til hans af þeim sökum. Páll Blöndal í Stafholtsey, héraðslæknir í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, 1868-1901, getur þriggja tilfella í umdæmi sínu 1871 og aðeins eins árið 1872. Fritz Zeuthen var héraðslæknir í Suður-Múlasýslu að Valla- og Geithellnahreppum undanskildum 1875. Hann kveður 800 sjúklinga hafa vitjað sín þetta ár og þar af hafi níu greinst með tannsjúkdóma eða rúmlega 1%.

Hér hefur verið getið um tannskemmdir í nokkrum lækningshæruðum á árunum 1861-1875 samkvæmt skýrslum héraðslækna. Ástandið virðist hafa verið allgott, en óvíst er, að öll kurl komi til grafar. Tannskemmdir virðast á hinn bóginn hafa farið vaxandi þegar leið að aldamótum, væntalega vegna breyttra neysluvenja. Þessu til stuðnings skal bent á, að Árni Jónsson, héraðslæknir í Húnavatnssýslu austan Blöndu og í miklum hluta Skagafjarðarsýslu, upplýsir, að árið 1885 hafi 85 af 239 sjúklingum, sem vitjuðu hans þetta ár, haft skemmdir tennur.12) Þá var þess raunar skammt að bíða, að menn færu að reyna að stunda tannlækningu sem sérstaka atvinnugrein hér á landi. Verður nú vikið að því atriði.

Lyfsalinn Oscar Nickolin

Oscar Nickolin hét danskur lyfsalasveinn, sem starfaði við lyfsöluna í Stykkishólmi 1884-1886. Hann flutti til Reykjavíkur 1886 og hóf störf í Reykjavíkur apóteki. Það starf virðist ekki hafa nægt. Nickolin birti eftirfarandi auglýsingu í Þjóðólfi í desemberbyrjun 1886.

TANNLÆKNIR.

Hjer með leyfi jeg mjer að tjá mönnum, að jeg ætla mjer að dvelja nokkra mánuði í Reykjavík, og að jeg tek að mjer tannlækningar, án þess að draga tennurnar út, með því að fylla holar tennur (Plombering), hreinsa tennur, setja í menn Ameríkanskar glerungs-(Emaile) tennur af beztu tegund og koma reglu á tanntöku hjá börnum. Auk alls konar tannlækninga tek jeg enn fremur að mjer lækning á allskonar munnsjúkdómum.

O. Nickolin
cand. pharm., tannlæknir.13)

Nickolin auglýsir tvisvar í Þjóðólfi sumarið 1887. Þar kemur fram, að hann tók á móti sjúklingum alla daga nema sunnudaga frá kl. ellefu f.h. til kl. þrjú e.h., sérstakir tímar fyrir fátæklinga voru á milli kl. tíu og ellefu þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga. Nickolin kveðst fylla holar tennur fyrir 1-3 krónur tönnina. Hann auglýsir lyf gegn tannpinu, og kostaði það eina krónu, leiðbeiningar um notkun voru innifaldar í verðinu. Nickolin bjó í húsi Guðnýjar Möllers (Austurstræti 14). Hann auglýsir sig sem prófaðan tannlækni 1887. **Brynjúlfur Björnsson** kveður hann hafa verið tengdan danskri tannlæknisfjölskyldu og hafa kynnst tannsmíði í Danmörku. Annað er ekki vitað um menntun Nickolins á sviði tannlækninga.

Tækjabúnaður Nickolins var frumstæður. Sjúklingar hans sátu í upphækkuðum stól, sem komið var fyrir á palli. Nickolin virðist ekki hafa dregið út tennur. Hann fyllti á hinn boginn tennur með koparmálmblöndu (koparamalgami), sementi og gúttaperka og bjó til einföld kátsjúktannsett. Bæði gúttaperki og kátsjúk eru náttúrugúmi. Loks skal þess getið, að Nickolin sóthreinsaði tanntaugar með því að stinga glóandi þrjóni í tannrótina. Hefur þessa ráðs áður verið getið. Hann notaði stigna borvél.14)

Oscar Nickolin stundaði tannlækningar í Reykjavík í nokkur ár. Hann sótti 14. júlí 1891 um 600-800 króna styrk til neðri deildar Alþingis. Styrkurinn átti að gera Nickolin kleift að stunda tannlækningar í Reykjavík og ferðast nokkuð um landið þeirra erinda. Nickolin kveður öllum þeim ljóst, sem eitthvað þekki til tannlækninga, að tannlækningar verði að leggja í talsverðan kostnað vegna starfsins. Hann kveður efnahag landsmanna vera svo bágborinn, að einungis sé unnt að krefja sjúklinga um lágmarksgjald. Árstekjur sínar af tannlækningum séu því ekki hærrí en svo, að þær rétt nægi til lífsuppheldis. Nickolin telur nauðsynlegt, að einn tannlæknir að minnsta kosti starfi í bænum, enda séu tannsjúkdómar algengir á Íslandi. Hann kveðst að lokum verða að hverfa af landi brott ef Alþingi veiti sér ekki hinn umbeðna styrk.15)

Umsóknin var lögð fyrir fjárlaganefnd, sem lagðist gegn styrkveitingu enda væri Nickolin eini tannlæknirinn í landinu og ætti því að hafa lífvænlegar tekjur af atvinnu sinni. Í umræðu kom fram, að tannlækningar væru dýrar. Fólk drægi af þessari ástæðu að leita sér læknis, og afleiðingin yrði sú, að tannlæknirinn bæri lítið úr bytum. Upplýst var, að hann hefði nokkra atvinnu við tannlækningar að sumarlagi, en á vetrum væri hún lítil og tannlæknir hefði þá naumast efni á að fá sér miðdagsverð. Þetta drógu aðrir þingmenn í efa og töldu Nickolin í jafngóðum holdum og þeir væru og jafnvel betri. Lyktir urðu þær, að samþykkt var að veita Nickolin 500 króna styrk á ári, enda munu þingmenn hafa talið nauðsynlegt að einn tannlæknir hið minnsta starfaði á Íslandi. Styrkurinn var einnig veittur fyrir árin 1893-1896. Nickolin var látinn þegar Alþingi samþykkti fjárlög fyrir árin 1895-1896. Þá var styrkurinn veittur í þeirri von, að einhver tannlæknir fengist til starfa í Reykjavík, enda var styrkurinn bundinn því skilyrði, að tannlæknirinn sæti þar.16)

Tannlækningar Páls Þorkelssonar

Annar maður hóf tannlækningar í Reykjavík 1887. Þetta var Páll Þorkelsson (1850-1936). Hann var Skaffellingur, fæddur að Ásum í Skaftártungu. Páll lærði gull- og silfursmíði, fyrst hjá Sigurði Vigfússyni, sem kunnur er af fornminjaáhuga sínum og starfi á því sviði, en síðar hjá Schultz, gullsmíðameistara í Kaupmannahöfn, og þar lauk Páll námi. Hann ferðaðist til Frakklands um 1880 og kynnti sér þar tannlækningar, sem hann lagði stund á eftir heimkomuna, en þó einkum tannsmíði. Páll auglýsti í Þjóðólfi 1887 og í sömu tölublöðum og Oscar Nickolin. Virðist nokkur samkeppni hafa verið á milli þeirra, einkum um sölu á lyfjum við tannpinu. Hældu báðir sínu lyfi mikið, en nafngreina það ekki.

Fram kemur í Þjóðólfsauglýsingu Páls, að hann rétti skögt tennur og tennur í fólk yngra en 40 ára og bjó til tannraðir. Páll setti tennur í fólk, en var mótfallinn tannútdrætti. Hann staðhæfir í auglýsingu, að slíkt beri einungis að gera í ýrustu nauðsyn, enda geti þessi aðgerð valdið bæði sjón- og heyrnarleysi að dómi færustu tannlækna í Parísarborg. Öll nauðsynleg tæki til tannlækninga og tannsmíða voru á stofu Páls, eftir auglýsingu að dæma. Hann kveðst lækna tannpinu á 5-10 mínútum og án þess að draga tennur út, en tannpina hafði að öðrum kosti verið ólæknandi að sögn Páls. Lækning þessi var hættulaus eftir auglýsingunni að dæma, sjúklingar gátu að ósekju rennt því niður, sem upp í þá var látið. Tannsett kostaði 50-60 krónur eftir gæðum hjá Páli og hálf tannsett 25-30 krónur, ein stök tönn kostaði 3-4 krónur, tvær tennur 5-6 krónur og 1,50 krónur kostaði að fylla eina tönn, en minna ef þær voru fleiri. Tannútdráttur kostaði eina krónu tönnin.17)

Til samburðar skal þess getið, að mánaðarkaup skútuskipstjóra 1894 var 70 krónur og 5% af aflaverðmæti. Tímakaup Dagsbrúnar var 35 aurar 1915. Það hafði hækkað nokkuð frá aldamótum.18) Tannsettið hefur því kostað því sem næst mánaðarlaun skipstjóra fyrir utan hlutdeild í afla.

Páll Þorkelsson átti tannlæknastól og skákaði því keppinaut sínum í tækjabúnaði. Hann hnoðaði límpappír af súkkulaði (stanniol) í tannholur og það án þess að hreinsa holurnar vel áður. Hann reyndi að gera stiftennur með rótarási af tré og festi þetta með kátsjúki, en var mótfallinn tannútdrætti. Hann staðhæfir í auglýsingu, að slíkt beri einungis að gera í ýrustu nauðsyn, enda geti þessi aðgerð valdið bæði sjón- og heyrnarleysi að dómi færustu tannlækna í Parísarborg. Öll nauðsynleg tæki til tannlækninga og tannsmíða voru á stofu Páls, eftir auglýsingu að dæma. Hann kveðst lækna tannpinu á 5-10 mínútum og án þess að draga tennur út, en tannpina hafði að öðrum kosti verið ólæknandi að sögn Páls. Lækning þessi var hættulaus eftir auglýsingunni að dæma, sjúklingar gátu að ósekju rennt því niður, sem upp í þá var látið. Tannsett kostaði 50-60 krónur eftir gæðum hjá Páli og hálf tannsett 25-30 krónur, ein stök tönn kostaði 3-4 krónur, tvær tennur 5-6 krónur og 1,50 krónur kostaði að fylla eina tönn, en minna ef þær voru fleiri. Tannútdráttur kostaði eina krónu tönnin.17)

Til samburðar skal þess getið, að mánaðarkaup skútuskipstjóra 1894 var 70 krónur og 5% af aflaverðmæti. Tímakaup Dagsbrúnar var 35 aurar 1915. Það hafði hækkað nokkuð frá aldamótum.18) Tannsettið hefur því kostað því sem næst mánaðarlaun skipstjóra fyrir utan hlutdeild í afla.

Páll Þorkelsson átti tannlæknastól og skákaði því keppinaut sínum í tækjabúnaði. Hann hnoðaði límpappír af súkkulaði (stanniol) í tannholur og það án þess að hreinsa holurnar vel áður. Hann reyndi að gera stiftennur með rótarási af tré og festi þetta með kátsjúki, en var mótfallinn tannútdrætti. Hann staðhæfir í auglýsingu, að slíkt beri einungis að gera í ýrustu nauðsyn, enda geti þessi aðgerð valdið bæði sjón- og heyrnarleysi að dómi færustu tannlækna í Parísarborg. Öll nauðsynleg tæki til tannlækninga og tannsmíða voru á stofu Páls, eftir auglýsingu að dæma. Hann kveðst lækna tannpinu á 5-10 mínútum og án þess að draga tennur út, en tannpina hafði að öðrum kosti verið ólæknandi að sögn Páls. Lækning þessi var hættulaus eftir auglýsingunni að dæma, sjúklingar gátu að ósekju rennt því niður, sem upp í þá var látið. Tannsett kostaði 50-60 krónur eftir gæðum hjá Páli og hálf tannsett 25-30 krónur, ein stök tönn kostaði 3-4 krónur, tvær tennur 5-6 krónur og 1,50 krónur kostaði að fylla eina tönn, en minna ef þær voru fleiri. Tannútdráttur kostaði eina krónu tönnin.17)

„1. Vottorð tannlæknis þess, sem hlutaðeigandi hefur lært hjá, og ætti það að vera þannig lagað, að það væri vottorð um, að hlutaðeigandi væri fær um að taka að sjer allt starf það, sem tannlæknir á að kunna verklega.

2. Munnlegt próf þar sem landshöfðingi skipaði examiner og tvo prófdómendur, sem sýni að hlutaðeigandi hafi lært það, sem hefur mesta praktiska þýðingu af hinni anatomisku byggingu munnsins, tannanna o.s.fr. samt að hann þekki hina helztu sjúkdóma sem koma fyrir í munnum etc., og þau meðul, sem þar eiga við.“

Landlæknir telur að heimila eigi slíkum lækni að nota eter, en ekki sterkari efni, til dæmis klóroform. Hann býðst til að prófa Pál munnlega, en telur vottorð Hadryans Bermonds um verklega kunnáttu hans vera óljóst. Magnús landshöfðingi sendi Nellesmann Íslandsráðherra umsókn Páls og álitserð landlæknis. Ráðherra felldi úrskurð 3. júní. Þar er umsókninni hafnað, ráðuneytið telur hvorki ráðlegt að löggilda Pál sem tannlækni á Íslandi né að heimila honum að starfa hér sem slíkur. Landshöfðingi fól landlækni að tilkynna Páli niðurstöður með bréfi, dagsettu 19. júlí 1887.20)

Bermond var Frakki og hefur prófað Pál í tannlækningum á Parísarárum hans.

Viðbrögð yfirvalda benda til, að þau hafi talið eðlilegt, að dönsk lög giltu um þetta atriði á Íslandi, enda skorti hér lagaákvæði um málið. Um þetta leyti var hætt að gefa út ný leyfi fyrir prófaða (examineraða) tannlækna til starfa í Danmörku, svo sem fram kom í fyrsta kafla. Páll tekur að auglýsa tannaðgerðir eftir að umsókn hans hafði verið hafnað.

Nickolin andaðist 1895 og hafði verið einn um hituna frá því að Páll Þorkelsson fluttist til Noregs 1889. Héraðslæknar voru því einir um að sinna tannaðgerðum næst eftir 1895. Lýsingar Brynjúlfs Björnssonar á hæfni þeirra Nickolins og Páls eru raunar með þeim hætti, að brotthvarf þeirra hefur naumast verið héraðsbrestur. Sú breyting varð á þessu ástandi 1896, að læknir með tannlækningar sem sérgrein kom til starfa í Reykjavík. Frá því verður greint í næsta kafla.

TILVÍSANIR:

1. Ísl. fornrr., IX. bls. 162, XII. bls. 70. Grg. (R. 1992), bls. 211.
2. Jón Steffensen: Þjórsdælir hinir fornu, Samtíð og saga, II. bls. 25-35. Vilmundur Jónsson: Lækningar-Curationes-Þorkels Arngrímsssonar, bls. 261-263.
3. Larsen, H. (útg.): An Old Icelandic Medical Miscellany, bls. 25, 55, 58, 63, 69-83, 89, 95, 123-124. Lýður Björnsson: Björn ritsjóri, bls. 23.
4. Jónas Jónasson: Íslenzkir þjóðhættir, bls. 329. Einar Guðmundsson: Íslenzkar þjóðsögur, IV. bls. 21-22.
5. Glögg er gests augað, bls. 27-28.
6. Þórbergur Þórðarson: Ævisaga Árna prófests Þórarinssonar (Rvík 1970), II. bls. 166-168.
7. Jónas Jónasson: Íslenzkir þjóðhættir, bls. 267. Einar Guðmundsson: Íslenzkar þjóðsögur, V. bls. 24-29.
8. Vilmundur Jónsson: Lækningar-Curationes-Þorkels Arngrímsssonar, bls. 261-263, 333.
9. Sveinn Pálsson: Ferðabók (Rvík 1945), bls. 686-687.
10. Páll Kolka: Saga tannlækninganna, Harðjagl 1964, bls. 17. Tandlægebladet 1915, bls. 107-108.
11. Þorkell Jóhannesson: Saga Íslendinga, VII. bls. 184. Skýrslur um landshagi á Íslandi, V. bls. 25.
12. Páll Kolka: Saga tannlækninganna, Harðjagl, 1. tbl. 1964, bls. 9-10.
13. Þjóðólfur 1886, 54. tbl. bls. 216.
14. **Brynjúlfur Björnsson**: Tannlæknalist á Íslandi, Árbók Tannlæknafræðis Íslands 1937, bls. 1. Jón Jónsson: Fyrstu tannlæknar á Íslandi, Læknablaðið 1928, bls. 87-88. Brynjúlfur Björnsson mótmælti því, að þeir Nickolin og Páll Þorkelsson hefðu verið tannlæknar, Læknablaðið 1928, bls. 138.
15. Journal neðri deildar 1891, ÞÍ.
16. Alþt. 1891 (B), sp. 1053, 1081, 1087, 1106, 1291. Stjórnartíðindi 1891 (A) bls. 114, 1893 (A), bls. 92, 1895 (A) bls. 90.
17. Morgunblaðið 1936, 53. tbl. bls. 5. Þjóðólfur 1887, 13. tbl. bls. 52.
18. Lýður Björnsson: Aldan 100 ára, bls. 108. Sami: Atvinnu- og hagsaga Íslands (ópr. bls. 163).
19. **Brynjúlfur Björnsson**: Tannlæknalist á Íslandi, Árbók Tannlæknafræðis Íslands 1937, bls. 1. Jón Jónsson: Fyrstu tannlæknar á Íslandi, Læknablaðið 1928, bls. 87-88.
20. Landshöfðingjasafn 1887, nr. 248. ÞÍ.

III. Tannlækningar á Íslandi 1896-1929

Vilhelm Bernhöft (1869-1939) hóf að stunda tannlækningar í Reykjavík 1896. Hann var lærður læknir og hafði auk þess lagt stund á tannlækningar hjá Carli Thorláksson, tannlækni í Kaupmannahöfn, en lauk ekki prófi í greininni. Fyrstu lögin um tannlækningar á Íslandi tóku gildi 1929. Þessir atburðir ráða hér kaflaskiptingu.

Sykurinn og tannheilsan

Í síðasta kafla var talið, að tannskemmdir hefðu aukist verulega á síðari hluta 19. aldar. Birtar voru tölur þessari ályktun til stuðnings. Aukning tannskemmda hefur verið rakinn til breyttra neysluvenja, einkum stórauðinnar sykurneyslu. Sú aukning kemur glögglega fram í eftirfarandi töflu:

Ár	Syurmagn á íbúa (meðaltal)
1881-1885	7,6 kg.
1891-1895	11,2 kg.
1901-1905	20,5 kg.
1911-1915	28,3 kg.
1921-1925	33,4 kg. 1)

Taflan sýnir, að sykurneysla hefur aukist um 340% á árunum 1881-1925, en sykur er talinn vera ein helsta orsök tannskemmda. Áætlað hefur verið, að um 1% hitaeininga í karlmannsfæði um miðbik 19. aldar fengist með neyslu sykurs, en um 1940 var þetta hlutfall komið upp í 12%. Fleira breyttist. Hlutfall mjólkurmatar í fæðu lækkaði úr 50,5% í 37,3% 1881-1945, en hlutfall korns jókst úr 14,9% í 30% á sama tímabili. Hlutfall kornmatar jókst raunar einnig mikið á 19. öld.2) Innflutningur malaðs hveitis jókst til dæmis um rúmlega 60% á árunum 1855-1872.3)

Fyrir aldamótin 1900 drógu almennir læknar tennur úr fólki og losuðu það við þær kvalir, sem tannskemmdum fylgdu. Þetta virðist stundum hafa hvatt unga menn til að læra læknisfræði ef marka má endurminningar. Valdimar Erlendsson lýsir svo tildrögum þess, að hann lagði stund á læknisfræði:


„Ekki varð ég nú sérlega hrifinn af þessum framtíðarhorfum, en eftir þessa góðu viðkyrningu við Gísla lækni Pétursson, fór ég að hugsa um að lesa læknisfræði, annaðhvort heima eða í Höfn. Annað atvik stuðlaði og að þessu. Einu sinni þegar við skólapiltar gistum á Bergstöðum hjá séra Ásmundi Gíslasyni, var bróðir hans, Ingólfur, nýbakaður læknir, þar staddur. Um morguninn, þegar við vorum að fara, kom bóndi úr sveitinni, bólginn mjög í andliti, og kveinaði sáran.

„Hvað gengur að?“ spurði Ingólfur.

„Ei, það er bannsett tannpína í jaxlinum hérna.“

„Látum okkur sjá,“ sagði Ingólfur, dró töng upp úr tösku sinni, lagði á jaxlinn, og út flaug tönn á augabragði. Karlinn fór heim aftur, af hjarta þakklátur og brosandí í kamp, en okkur þótti þetta hvatlega gert, og mér skildist, að læknir gæti að góðu gagni komið.“⁴⁾

Valdimar Erlendsson lauk stúdentsprófi árið 1902. Atvikið ætti því að hafa átt sér stað um aldamótin 1900.



Franskur verkfæraskápur
framleiddur af Rhein, Paris E.C.
Var í eigu **Halls L. Hallssonar** og
síðar **Engilberts Guðmundssonar**.

Fyrsti tannlæknirinn á Íslandi

Almennir læknar voru einir um að stunda tannlækningar á Íslandi 1895-1896. **Vilhelm Bernhöft** kom til starfa í Reykjavík 1896. Þykir við hæfa að gera nokkra grein fyrir ævi þessa brautryðjanda og störfum hans.

Vilhelm Georg Theodor Bernhöft fæddist í Reykjavík 5. janúar 1869, sonur hjónanna G.T. Bernhöfts bakara og Johanne Louise Bertelsen. Hann lauk stúdentsprófi 1890 og útskrifaðist frá Læknaskólanum vorið 1894. Síðan sigldi Vilhelm Bernhöft til Kaupmannahafnar og lagði þar stund á tannlækningar, en lauk ekki prófi eins og fyrr var frá greint. Hann naut á námsárunum í Kaupmannahöfn styrks frænda síns Guido Bertelsens. Hinn 1. ágúst 1896 settist Vilhelm Bernhöft að sem tannlæknir í Reykjavík. Landshöfðingi veitti honum styrk af fé því, sem ætlað var til tannlækninga á Íslandi á fjárlögum fyrir árin 1895-1896 og að fengnum meðmælum landlæknis. Næsta ár var styrkur til Vilhelms Bernhöfts tekinn á fjárlög og hélst svo á meðan hann lifði. Styrkurinn var 1000 krónur á ári 1897-1919, 2000 krónur á ári 1920-1922, 1500 krónur 1923, 1200 krónur 1924 og 1000 krónur á ári 1925-1929. Vikið verður að styrk þessum á árunum 1930-1939 í næsta kafla.

Styrkurinn var ætíð bundinn skilyrðum. Vilhelm Bernhöft skyldi veita læknanemum ókeypis tilsögn í tannlækningum og hann skyldi veita fátækum ókeypis tannlæknaþjónustu einu sinni í mánuði 1897-1911, en þrisvar á mánuði 1912-1929.

Til viðmiðunar skal þess getið, að styrkurinn til Vilhelms Bernhöfts jafngilti um 70% af launum landsbókavardar 1897. Árið 1922 var á hinn bóginn svo komið, að hann jafngilti 45% af launum aðstoðarmanns við safnið og aðeins um 23% 1923.

Vilhelm Bernhöft kvæntist Kristínu Þorláksdóttur Johnsen aldamótaárið. Þau eignuðust fimm börn.⁵⁾

Fyrsta tannlæknastofa Vilhelms Bernhöfts var vel tækjum búin, enda munu þau hafa kostað allt að 3000 krónur. Stofan var til húsa að Hafnarstræti 16 (Hótel Alexandriu), en þar leigði hann tvö herbergi í þessu skyni. Stofan var opin frá klukkan 10 f.h. til klukkan 2 e.h., en Vilhelm Bernhöft notaði oft tímann á meðan hann beið eftir því að deyfing virkaði til að skjóttast í mat. Hann kvaddi ætíð lækni til aðstoðar þegar svæfa þurfti sjúkling. Hann lét sjúklinga oft koma í nokkur skipti á stofu sína áður en tönn var lokað, enda reyndi læknirinn að hreinsa hana eins vel og kostur var á til að koma í veg fyrir ígerð.

Eiginkona Vilhelms Bernhöfts aðstoðaði hann á tannlæknastofunni í fyrstu, en síðar tók Bernhöft sér aðstoðarstúlku, enda var fjölskyldan þá farin að taka stórauðinn tíma frá eiginkonunni. Á stofunni fór mikill tími í smíði gervitanna, enda var allt unnið í höndunum, smíði góma úr kátsjúki og slípun tannanna svo að dæmi séu nefnd. Fólk pantaði sér tíma hjá Bernhöft. Greiðsla var innt af hendi eftir á, stundum smám saman. Staðgreiðsla var ekki algeng í Reykjavík í þann tíð, en þekktist þó.⁶⁾

Vilhelm Bernhöft kenndi við Læknaskólann þar til sú stofnun var lögð niður og Háskóli Íslands tók við hlutverki hennar 1911. Upp frá því kenndi hann við Háskóla Íslands. Ekki er ljóst hvort læknanemum hefur verið skylt að sækja tíma hjá Bernhöft. Hans getur ekki í minningum sumra lækna frá þessu tímabili, jafnvel ekki hjá þeim, sem geta um aukakennara, til dæmis Valdimars Erlendssonar. Vera má þó, að um skyldu hafi verið að ræða. Kennsla Bernhöfts hefur verið lítil miðað við kennslu margra annarra aukakennara.

„Neðri góms prothesa (partur) úr silfri (nema barri og krókar úr gulli) gyllað“. Hluti af prófverkefni **Rafns Jónssonar** í gómasmíði við Tannlæknaskólann í Kaupmannahöfn vorið 1935.

Tannlæknum fjölgar

Vilhelm Bernhöft var einn um hituna á Íslandi í rúman áratug. Brynjúlfur Björnsson (f. 1879) tannlæknir hóf störf í Reykjavík 1907, en hann lauk prófi frá

tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1906 og er fyrsti Íslendingurinn, sem lauk sérstöku prófi í tannlækningum og starfaði hér á landi. Brynjúlfur Björnsson vann sem aðstoðartannlæknir í Danmörku og í Lausanne í Sviss áður en hann kom til starfa á Íslandi og stundaði raunar einnig framhaldsnám í Lausanne. **Páll J. Ólafsson** opnaði tannlæknastofu í Reykjavík undir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri.

Hann lauk stúdentsprófi 1914, en sigldi síðan til Bandaríkjanna að undirlagi **Ólafs** bróður síns, sem var tannlæknir í Chicago. Tannlæknaám stundaði Páll við North


Western University Dental School og lauk þaðan prófi 1917. **Leifur Sigfússon** lauk prófi frá tannlæknaskólanum í

Kaupmannahöfn 1920, en starfaði síðan sem aðstoðartannlæknir í Danmörku, Noregi, Sviss og Svíþjóð. Hann settist að í Vestmannaeyjum 1926 og opnaði þar tannlæknastofu. Hallur L. Hallsson lauk prófi frá tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn

1923, stundaði síðan tannlækningar á Seyðisfirði, en fluttist til Reykjavíkur 1924 og opnaði þar stofu. Hann var skólatannlæknir í Reykjavík 1925-1927. **Hallur Hallsson** var fyrsti umferðatannlæknir á Íslandi og ferðaðist mikið um landið vegna þess starfs, einkum þó um Austfirði. Hann rak um skeið tannlæknastofu í Hafnarfirði, hina fyrstu þar í bæ. Hallur

Hallsson keypti röntgentæki fyrstur tannlækna á Íslandi. **Thyra Ingibjörg Loftsson** (f. Lange) lauk prófi frá tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1925 og er fyrsta íslenska konan, sem lauk prófi í tannlækningum. Hún starfaði sem aðstoðartannlæknir í Holbæk í Danmörku 1925-1927, en tók við tannlæknastofu barnaskólanna í Reykjavík haustið 1927 og gegndi því starfi áratugum saman. Öll skólabörn í Reykjavík þekktu Thyru Loftsson af eigin raun eða orðspori á þessum árum, Thyru tönn.

Hjónin **Jón** og **Ellen Benediktsson** luku prófi frá tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1927. Ellen Benediktsson (f. Jensen)



var frá Borgundarhólmi. Jón Benediktsson stundaði tannlækningar á ýmsum stöðum á Austur- og Norðurlandi 1927-1930. Þau hjónin opnuðu stofu í Reykjavík 1930. Fleiri lærðir tannlæknar höfðu ekki tekið til starfa á Íslandi við gildistöku laga um tannlækningar 1929.

Læknar stunda tannlækningar

Nokkrir læknar lögðu sérstaka stund á tannlækningar, einkum að því er virðist á árunum frá því í heimsstyrjöldinni fyrri og fram á 4. áratuginn. Sumir þeirra hurfu raunar frá almennum læknisstörfum og snéru sér einvörðungu að tannlækningum. **Friðjón Jensson** (1868-1956) lækni fluttist frá Eskifirði til Akureyrar 1913, stundaði lækningar og tannlækningar á Akureyri 1913-1930 og einvörðungu tannlækningar eftir það. Jón Benediktsson (1893-1936) fyrrnefndur var héraðslæknir 1921-1925, en stundaði síðan eingöngu tannlækningar. Jón Jónsson (1868-1942) sagði Blönduóshéraði lausu 1922 og stundaði síðan tannlækningar og tannsmíði í Reykjavík og raunar einnig um skeið í Hafnarfirði. Sigurður Magnússon (1866-1940) sagði Patreksfjarðarhéraði lausu 1923, stundaði síðan einkum tannlækningar í Reykjavík 1923-1924 og á Seyðisfirði 1924-1928, en tók þá við læknisstarfi á Ólafsfirði.7)

Aðrir stunduðu tannlækningar jafnhliða læknisstörfum. Læknablaðið getur þess til dæmis, að Jón Jóhannesson Norland á Húsavík hafi nokkuð fengist við að fylla tennur og bæti þetta afkomuna.8)

Sigurður Magnússon lauk cand. med. prófi frá Læknaskólanum 1891. Hann kveður þá hafa verið talið óhugsandi að lifa á læknisstarfi án þess að hljóta fasta stöðu, greiðslur fyrir læknisstörf hafi verið mjög lágar, til dæmis hafi aðeins verið greiddir 25 aurar fyrir algengustu læknisverk svo sem að draga út tönn. Hann starfaði við Odense amts og bys sygehus 1914-1915 og lagði þá stund á tannlækningar og tannsmíði. Tildrögum þessa lýsir Sigurður svo í minningum sínum:

„Það var helst ekki ætlun mín að slæpast þessa eftirmiðdaga, sem ég átti frí frá spítalanum. Ég reri því í einn best metna tannlækninn í borginni og spurði hann, hvort nokkur leið væri til þess, að ég gæti fengið að ganga á vinnustofu hans, þegar tími minn leyfði, og reyna að komast niður í tannsmíði. Það var strax velkomið og er ekki að orðlengja það, að síðan notaði ég hverja frístund þar á vinnustofunni.


Á þeim hér um bil 20 árum, sem ég hingað til hafði starfað sem læknir, hafði það orðið mitt hlutskipti að draga út ógrynni af skemmdum tönnum, og mér virtist sem tannskemmdir ykjast með ári hverju. Það var og æði oft, að ég þurfti að hreinsa munnana, sem kallað var, þ.e.a.s. draga út hverja einustu tönn og tannarbot, til þess að viðkomandi gæti á eftir fengið sér falskar tennur eða gervitennur. Til þess þurfti fólkið að sjálfsögðu að fara til Reykjavíkur og var það, út af fyrir sig, ærinn aukakostnaður. Mér hafði því oft dottið í hug, að gaman og gagnlegt mætti það vera að kunna að smíða tennur, því þar með voru að minnsta kosti þrjár flugur slegnar í einu höggi:

1. Sparaður ferðakostnaður fyrir tannleysingjana, 2. færri stundir, sem ég þurfti að sitja auðum höndum, og 3. fengi ég væntanlega aukið tekjur mínar eitthvað, meira eða minna, og fjórða flugan var ekki óhugsanleg, en þó ekki hvað þýðingarminnst, sem sé, að þeir, sem gervitennur fengi hjá mér, yrðu máské ánægðari með þær en stundum átti sér stað með þá, sem komu með þær að sunnan. En til þess að fullnægja þessari hugmynd minni og ósk, sá ég engin tök fyrr en hér er komið sögunni, og var því sjálfsagt að nota tækifærið, ef einhver fengist til þess að kenna mér.

Samkvæmt ráðum góðra manna sneri ég mér í þessu efni til herra tannlæknis Chr. Kjær sem var orðinn nokkuð aldraður maður, en hafði besta tannlæknisorð á sér þarna í Odense og hafði tannlækningastofu og tannsmíða í húsi einu við Flekshaven. Ég gerðist svo djarfur að heimsækja hann sunnudagseftirmiðdag einn á hans einkaheimili, sem ég naumast hefi séð annað ríkmannlegra. Hann tók málaleitan minni þrýðilega um að fá að ganga á tannsmíðavinnustofu hans og að reyna að fá að komast eitthvað niður í tannsmíði."

Sigurður Magnússon fór aftur til Odense 1922 og kynnti sér þá tannlækningar á Sygekassens tandklinik. Hann kom til Reykjavíkur úr Danmerkurförinni og auglýsti sig þá sem tannlækni, sjálfum sér til háðungar að eigin sögn. Nokkru árnæli sætti, að Sigurður starfaði sem tannlæknir í Reykjavík, en taldist þó vera héraðslæknir á Patreksfirði. Sagði hann þá héraðslæknisembættinu lausu, en tannlækningar í Reykjavík gáfu ekki jafnmikið í aðra hönd og Sigurður hafði vænst. Afréð hann þá að flytjast til Seyðisfjarðar, en þar fór á sömu leið. Sigurður kveðst í fyrstu hafa notað staðdeygingu með kókaíni við tannútdrátt, en núvöcain eftir að það kom á markaðinn. Hann kveðst hafa eldborið (flamberað) tanntengurnar í hvert skipti, sem þær voru notaðar.9)

Samtök lækna hvöttu héraðslækna til að afla sér aukinnar þekkingar í tannlækningum. Þannig hrósaði Læknablaðið Bjarna Guðmundssyni, héraðslækni að Brekku í Fljótssdal, fyrir að hafa dvalist í Reykjavík um skeið og aflað sér kunnáttu í tannlækningum 1930 og hvetur aðra til að fylgja fordæmi hans.10)



Kátsjúksett smíðað af **Óla Steinbach** á Ísafirði 1928.

Var í notkun þar til í febrúar 1972.

Kátsjúkgómar voru smíðaðir fram að síðari heimstyrjöld.

Dæmi eru um að slíkir gómar hafi verið notaðir í allt að 65 ár.

Að deyfa eða ekki

Tannlæknar voru mjög fáir (1896-1928) og önnuðu aðeins broti þess verkefnis, sem sinna þurfti. Frásögn Sigurðar Magnússonar hér að framan sýnir, að héraðslæknarnir urðu að leysa úr vanda íbúa víðáttumikilla svæða, til dæmis fólksins í dreifbýli. Þeir munu raunar yfirleitt hafa einskorðað sig við tannútdrátt og

að útvega sjúklingum lyf, sem sló á tannpínuna. Deyfing við tannútdrátt var oft ófullkomin ef nokkur, og minnir þetta stundum á sögur af sjómönnum á tímabili seglskipanna. Sigurður Thoroddsen verkfræðingur lýsir svo tannútdrætti í minningum sínum: Ari Jónsson, læknir á Hjaltastað, sagðist vera nettur við að draga út tennur. Sigurður fékk hann til að draga 13 tannbrot og skemmdar tennur úr sér. „skemmtum við okkur vel um nóttina við tanndráttinn o.fl. Kom þarna vel í ljós kostur áfengis sem deyfilyfs. . . .

„Ég var svo heppinn að verða þeim Birni (Jósefssyni, lækni á Húsavík) og Jóni Árnasyni lækni á Kópaskeri samnáttu að Ærlæk í Axarfirði. Höfðu þeir mælt sér mót þar í því skyni að Björn drægi tönn úr Jóni. Við komum þar allir um kvöldið og sættust þeir læknar á að taka ekki tönnina fyrr en um morguninn eftir.

Eftir morgunverð átti að taka til við tanntökuna. Var lengi rætt um, hvort deyfa skyldi eða ekki. Varð það úr, að tönnin skyldi dregin úr án deyfingar. Var Jón að vísu hræddur við sársaukann, en þó hræddari við deyfinguna. Taldi hana geta valdið fjórtjóni. Eftir þetta þóf var svo ákveðið að láta tanndráttinn fara fram að hádegisverði snæddum. Sáttum við nú þrjár í stofunni og biðum matar og tanndráttar. Hafði Björn lengst af orðið og talaði um sjálfan sig og læknisafrek sín. „Nei, það koma ekki fyrir hjá mér skakkar „diagnosur“, það er frekar hjá öðrum, sem eru að senda mér sjúklinga. Nei, ég minnst þess ekki eftir öll

Þessi ár, að mér hafi fipast. Það er af einhverju, sem kúttarnir sækja til Húsavíkur þegar eitthvað er að hjá þeim. Færeyingar gera sér ferð til mín, ef þeir þurfa einhvers við, þó það sé ekki til annars en að láta draga úr sér tönn. Já, það eru nú meiri tennurnar í Færeyingum, þessir heljarstóru jaxlar, en mér verður ekki skotaskuld úr því. Ég skelli á þá tungunum og fyrir en þeir vita, er tönnin úr munnum. Marga tönnina hefi ég tekið og það segi ég satt, að aldrei hefi ég brotið tönn, nei, þær koma heilar og fallugar, þó mikið sé af þeim étið, það skiptir ekki máli. Ég næ þeim heilum. Nei, ennþá hefir það ekki komið fyrir mig að brjóta tönn."

Þannig leið tíminn fram yfir mat og fleira var talað, þó að þessa gætti mest, og nú var komið að tanndrættinum. Jón opnaði munnum og Björn skelli tungunum á tönnina. Hár smellur heyrðis og tungin kom út með tannbrot.

Þegar hér var komið sættust doktorarnir enn á það að fresta frekari aðgerðum að sinni. En nú voru hestar mínir tilbúnir og ég varð frá að hverfa og kann því ekki þessa sögu lengri."11)

Hér hefur verið greint frá tannlækningum tannlækna og lækna á Íslandi á tímabilinu 1896-1928. Fleiri menn stunduðu þá hér slíkar lækningar eða höfðu hug á því og verður nú vikið að því atriði.

Eftirlit landlæknis

Þess ber fyrst að geta, að landlæknir átti samkvæmt erindisbréfi, dagsettu 25. febrúar 1824, að sjá um, að ekki stunduðu aðrir menn lækningar á Íslandi en þeir, sem höfðu til þess réttindi lögum samkvæmt. Landlækni var boðið með lögum frá 29.

febrúar 1884 að kæra þá menn til refsingar samkvæmt tilskipun um skottulækningar frá 5. september 1794, sem stunduðu lækningar í heimildarleysi. Þó skyldi mönnum heimilt að stunda lækningar, ef þær sköðuð ekki sjúklinginn.

Alþingi samþykkti lög um lækningaleyfi árið 1911, og eru þau dagsett 11. júlí það ár. Samkvæmt lögum þessum höfðu þeir menn réttindi til að stunda hér lækningar, sem lokið höfðu prófi í læknisfræði frá Læknaskólanum eða


Kaupmannahafnarháskóla, en ekki máttu þeir gera sér sængurkonuhjálpi að atvinnu nema að hafa áður sótt námskeið við fæðingarstofnun. Lögin heimiluðu einnig ráðherra að veita mönnum að fengnu áliti landlæknis takmarkað eða ótakmarkað lækningaleyfi þótt þeir hefðu ekki lokið prófi frá fyrrnefndum skólum, enda sönnuðu þessir menn, að þeir hefðu næga kunnáttu til að stunda lækningar. Handhafar lækningaleyfa skyldu vera undir eftirliti landlæknis, sem var heimilt að krefja þá um lækningaskýrslur og það þótt þeir gegndu ekki embætti. Lögin heimila að beita þá menn refsingu, sektum eða fangelsi, sem kölluðu sig lækna án þess að hafa lækningaleyfi, notuðu lyf, sem óheimilt var að nota án lyfseðils, eða fóru sveit úr sveit til að stunda lækningar. Sama máli gegndi um lækna, sem tóku sjúklinga með þá sjúkdóma (næma sjúkdóma) til lækningar, sem lög skipuðu varnir við. Heimilt skyldi þeim mönnum að nota titilinn smáskammtalæknir, sem fengust við smáskammtalækningar.12)

Lögin frá 1911 styrktu stöðu landlæknis í baráttunni gegn lækningum manna, sem hvorki höfðu til þeirra næga kunnáttu né færni. Óheimilt var að stunda tannlækningar á Íslandi án þess að hafa til slíks leyfisbréf eftir gildistöku laganna. Áður virðist landlæknir ekki hafa treyst sér til að ganga lengra en að fá héraðslækna til að vara fólk við tannlækningum slíkra manna eða birta viðvaranir í blöðum. Hér verður greint frá nokkrum umsóknum um leyfi til tannlækninga frá mönnum á árunum 1896-1930, sem ekki höfðu lokið prófi frá viðurkenndum skólum, og getið um afdrif þessara umsókna.

Ferill Óla Steinbach

Jónas Jónassen landlæknir ritaði Magnúsi Stephensen landshöfðingja bréf 6. júní 1900 og skýrði frá því, að **Óli Steinbach Stefánsson** auglýsti í blöðum, að hann ætli að ferðast um landið og stunda tannlækningar. Landlæknir kveðst í bréfinu hafa krafði Óla um skilríki, sem sýni hæfni hans til þessara lækninga. Fram kemur, að Óli átti viðtal við landlækni og kvaðst þá engin slík skilríki hafa, enda væru þau óþörf til að mega stunda tannlækningar á Íslandi. Landlæknir kvartar um framkomu Óla við þetta tækifæri og lætur að því liggja, að hann hafi verið drukkinn. Í bréfinu er bent á, að fúskarar geti valdið óbætalegu tjóni með starfi sínu, og fer landlæknir þess á leit, að landshöfðingi banni Óla að stunda tannlækningar á Íslandi. Svarbréf hefur ekki fundist þrátt fyrir nokkra eftirgrenslan, en ljóst er, að Jónassen landlæknir fékk ekki þann stuðning, sem hann hafði vænst. Hann brá þá á það ráð að hótta Óla að vara fólk við starfi hans í blöðum. Óli bað þá landlækni í bréfi, dagsettu 29. júlí 1900, að birta ekki viðvörðunina að sinni, enda væri von á skilríkjum um menntun sína frá Danmörku.

Vinna tannlæknanema við Tannlæknaskólann í Kaupmannahöfn á árunum 1934 - 38.



Ekki er getið um starfsemi Óla Steinbachs í skjölum landlæknisembættisins næstu árin, en hann mun þó þá hafa stundað hér tannlækningar, líklega einkum á Akureyri og síðar á Ísafirði. Óli sótti um tannlækningaleyfi með bréfi, dagsettu 4. júní 1912.

Ráðherra leitaði álits Guðmundar Björnssonar landlæknis. Í álitsgerðinni kemur fram, að Óli hafði stundað tannlækningar á Íslandi í 12 ár eða frá aldamótum, hann hafði verið 8 mánuði við nám hjá dönskum tannlækni á árunum 1899-1900 og 4 mánuði á árinu 1904. Landlæknir telur Óla hafa mikla starfsreynslu og leggur til, að honum verði heimilað að titla sig tannlækni, hann megi hreinsa tennur, fylla holar tennur, draga út tennur, smíða tanngarða og setja gervitennur í fólk, en lyf til tannlækninga skuli honum einungis heimilt að kaupa í smáskömmum og geyma verði hann slíkt lyf vandlega. Ráðherra veitti Óla Steinbach leyfi til tannlækninga í samræmi við þetta álit. Leyfisbréfið er dagsett 15. ágúst 1912.

Óli Steinbach flutti til Ísafjarðar 1908 og bjó þar til dauðadags 1935. Brynjúlfur Björnsson kveður bróður Óla, jóskan lækni, hafa komið honum til tannlæknis í Árósum í nokkra mánuði, og þar hafi Óli lært tannsmíði. Líklega á Brynjúlfur við fyrir námstíma Óla, en ekki er það ótvísett.

Óli Steinbach gaf út fræðslurit um tannhirðingu á eigin kostnað aldamótaárið 1900, Varðveitið tennurnar. Það er aðeins tvær blaðsíður, en er fyrsta rit þessarar tegundar á Íslandi.

Trúboð og tannlækningar

Ísafjörður er einnig vettvangur næsta máls. Bæjarfógetinn þar ritaði landlækni 16. desember 1909 og upplýsir, að trúboði að nafni James Nisbet starfi í bænnum, en stundi einnig lækningar, dragi til dæmis út tennur og taki eina krónu fyrir tannútdrátt ef deyfingu hafi verið beitt. Landlæknir kannaði mál þetta, en snéri sér síðan til ráðherra. Hann upplýsir í bréfi, dagsettu 20. júlí 1910, að enskur maður sé kominn til starfa á Ísafirði á vegum Nisbets. Ekki sé vitað um réttindi þessa manns, en hann ætli að vera á Ísafirði í tvo mánuði. Fram kemur, að maðurinn hafði útvegað 50 manns tanngarða, en landlæknir telur óhugsandi, að maðurinn hafi getað smíðað svo marga tanngarða á jafnskömmum tíma og hann hafði verið á staðnum. Varpað er fram þeirri spurning, hvort maðurinn sé að selja Ísfirðingum tanngarða úr dauðu fólk, en slíkt sé leikið erlendis, þar sem

tannlæknaþjónusta sé á lágu stigi. Þetta hefur þótt vera svo alvarlegt, að réttarpróf var haldið yfir trúboðanum og samstarfsmönnum hans. Skýrsla um það er dagsett 5. ágúst 1910. Þar jatar John Dugvid, aðstoðarmaður Nisbets, að hafa ekki próf í tannlækningum, en kveðst hafa ætlað að selja hér tanngarða fyrir ferðakostnaðinum til Íslands. Ekki kemur fram í skýrslunni, að tanngarðarnir hafi verið úr dauðu fólki. Nisbet sjálfur jataði að hafa tekið greiðslu fyrir þau lyf, sem hann notaði til deyfinga við tannútdrátt. Systir trúboðans, ungrú Debra C. Nisbet, var einnig yfirheyrð. Hún jataði að hafa stundað smáskammtalækningar, en ekki sannaðist, að hún hefði tekið greiðslu fyrir þær. Stjórnarráðið ákvað eftir réttarprófið að falla frá lögsókn. Brotið var talið eiga rætur að rekja til vanþekkingar á íslenskum lögum og aldurs Dugvids, en hann var aðeins 21 árs gamall. Stjórnarráðið skýrir landlækni frá því 13. september 1910, að öll sterk lyf trúboðans verði gerð upptæk og Dugvid skuli framvegis óheimilt að stunda tannlækningar hér á landi.

James Love Nisbet var trúboði utanþjóðkirkjusafnaðarins Kristinna bræðra og boðaði trú á Akureyri 1906-1908 og á Ísafirði 1908-1914. Hann hóf nám í læknisfræði við Háskóla Íslands 1914 og lauk þaðan prófi í greininni 1917. Starfaði sem lækni á Ísafirði sumurin 1917 og 1920 og í Hafnarfirði 1920-1921, en fór þá alfarinn til Englands. Hann var Skoti.

Fleiri trúboðar koma við sögu þessa. Arthur Gook, trúboði hvítasnummanna og forstöðumaður safnaðar þeirra á Akureyri, sótti um leyfi til tannlækninga árið 1912. Stjórnarráðið bað um álit landlæknis á umsókn þessari með bréfi, dagsettu 19. apríl 1912. Landlæknir svaraði bréfinu 9. ágúst og kvað Gook hafa stundað tannlækningar og smáskammtalækningar á Akureyri frá 1908, hann segist hafa stundað nám í tannlækningum í Englandi 1902, 1907 og 1909, en framvísi engum skilríkjum um nám þetta. Landlæknir leggur því til, að umsókninni verði hafnað, og féllst ráðherra á þetta með bréfi, dagsettu 15. ágúst 1912.

Tannsmiður eða tannlæknir

Sögunni vikur nú aftur til Ísafjarðar. Bæjarfógetinn þar ritaði landlækni 14. maí 1912 og skýrði frá því að Sophie (ætíð ritað svo í skjölum landlæknis) Bjarnason hefði sótt um leyfi til að stunda tannlækningar og lagt fram vottorð um nám eða starf frá frú Laure Sørensen og H. Thorlacius lækni í Kaupmannahöfn. Fram kemur einnig, að Sophie hafði keypt öll nauðsynleg áhöld, stól og áhöld til fyllinga og tannsmíði. Bæjarfógeti telur tannsmíðar hinar þarflegustu og einnig væri þarft verk að kenna börnum að hirða tennur sínar, en óskar annars eftir upplýsingum um hvernig við þessu skuli brugðist. Landlæknir sendi ráðherra álitserð um málið, og er hún dagsett 9. ágúst 1912. Þar kemur fram, að L. Sørensen finnst ekki á skráum yfir danska tannlækna og að H. Thorlacius staðhæfi, að Sophie hafi einungis aðstoðað sig við svæfingar. Landlæknir kveðst því ekki geta mælt með leyfisveitingu, enda veitti stjórnarráðið ekki leyfið. Sophie var þó ekki af baki dottin og sótti um leyfi til að mega stunda tannsmíðar 24. október 1913. Landlæknir var þessu meðmæltur (sjá bréf, dagsett, 9. desember), en tók jafnframt fram, að hér væri um iðn að ræða, sem heimilt væri að stunda án leyfis. Stjórnarráðið veitti þó umbeðna heimild og tjáði landlækni þetta með bréfi, dagsettu 24. mars 1914.

Brynjúlfur Björnsson kveður Sophie Bjarnason (f. Hoegdenskov) hafa sest að í Reykjavík ásamt manni sínum Pétri Bjarnsyni frá Ísafirði. Hún hafi í fyrstu einskorðað sig við tannsmíðar, en fengið Þórð Thoroddsen lækni til að draga út tennur. Síðar hafi Sophie farið að draga sjálf út tennur og notað nafn Þórðar læknis sem skálkaskjól. Hann kveður Sophie einnig hafa um skeið keppt við tannlækna í Reykjavík með undirboðum. Guðmundur Hraundal upplýsir, að Sophie hafi rekið tannsmíðastofu í Reykjavík 1914-1930 og annast upp frá því umboðssölu á gulli til tannlækna. Sophie var myndarleg sómakona að sögn Guðmundar.

Réttinda aflað

Tvær umsóknir frá árunum 1913-1914 skulu enn nefndar. Fram hefur komið, að **Halli L. Hallssyni** var veitt leyfi til tannlækninga 1923, enda hafði hann lokið prófi frá tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn. Þetta á sér nokkra forsögu. Landlæknir ritaði hérðaslækningum á Seyðisfirði 14. júlí 1913 og spurðist fyrir um Hall, sem þá auglýsti sig sem tannlækni í Austra. Hallur brá þá við og sótti um leyfi, en landlæknir lagðist gegn leyfisveitingu þar sem Hallur var próflaus. Var umsókninni því synjað. Hallur endurnýjaði umsóknina 1914 eftir bréfi, dagsettu 24. júní það ár að dæma, og lagði fram vottorð um kunnáttu frá Holgers í Helsingborg og fjórum héraðslæknum. Einnig var vísað til viðtals við landlækni. Landlæknir staðfesti þetta, kveðst hafa skoðað tæki Halls og telji hann vel færán til að smíða tennur og gera við skemmdar tennur og leggur til, að honum verði veitt leyfi til að stunda þessar aðgerðir, það er takmarkað leyfi. Ráðherra féllst á þetta og veitti slíkt leyfi 14. október 1915. Hallur kynntist tannlækningum í Færeyjum 1911.

Síðari umsóknin var frá Steinunni Árnason, dagsett 21. júlí 1914. Landlæknir tekur fram í umsögn sinni, að Steinunn hafi unnið við tannlækningar í 8 ár samfelld og árum saman hjá löggiltum tannlæknum, síðast hjá Kjersgaard í Kaupmannahöfn, sem gefi henni bestu meðmæli. Tekið er fram í bréfinu, að fátt sé um tannlækna utan Reykjavíkur. Landlæknir mælir með leyfisveitingu. Ráðherra veitti síðan Steinunni umbeðið leyfi 26. ágúst 1914. Steinunn giftist dönskum tannlækni Lesgaard að nafni. Hún mun ekki hafa komið til starfa á Íslandi. Ummælin um fáa tannlækna utan Reykjavíkur gætu bent til, að Steinunn hafi ætlað að setjast þar að.

Fallisti reynir sig

Sumarið 1917 sótti Erik Ravnkilde um leyfi til að stunda tannlækningar á Íslandi. Landlæknir lagði í bréfi til ráðherra, dagsettu 20. júlí 1917, til, að Ravnkilde yrði veitt leyfi til að stunda tannlækningar í Reykjavík, en tilkynna yrði hann réttum yfirvöldum, ef hann settist að annars staðar og stundaði þar lækningar. Ráðherra tilkynnti landlækni 4. ágúst, að leyfið hefði verið veitt, en vakti jafnframt athygli landlæknis á því, að Tannstrup (svo í skjölum landlæknis), félagi Ravnkildes, auglýsti sig einnig sem tannlækni. Landlæknir ritaði Ravnkilde 6. ágúst og bannaði þetta. Tíu dögum síðar ritaði landlæknir ráðherra og upplýsti, að Tannstrup auglýsti sig enn sem tannlækni og hafi hann þó fallið við tannlæknaþróf í Danmörku. Þetta telur landlæknir lítilsvirðingu við heilbrigðislöggjöf Íslands og stjórn heilbrigðismála í landinu og telur Ravnkilde maklegan til að missa leyfi sitt af þessum sökum. Ráðherra féllst á þetta og skýrði landlækni frá þeirri niðurstöðu 24. ágúst 1917.

Brynjúlfur Björnsson kveður Tannstrup (Tandstrup) hafa framkvæmt flestar aðgerðir þeirra félaga. Ravnkilde hafi bæði verið drykkjusjúklingur og morfínisti og hafi fjölskylda hans sent Tannstrup honum til aðstoðar og hjálpar þegar hann hafi verið illa á sig kominn af þessum sökum.

Eitt dæmi skal enn nefnt og fellur það þó utan þess tímabils, sem kaflinn fjallar um. Ráðherra bað hinn 23. ágúst 1930 um álit landlæknis vegna umsóknar stúlku um leyfi til að stunda tannlækningar á Siglufirði. Álit landlæknis er dagsett 23. september. Þar kemur fram, að stúlkan O. Hermannsson hafði unnið þrjú og hálf ár hjá tannlækni í Kaupmannahöfn, en hafi ekki aðra menntun í greininni. Landlæknir telur því óheimilt að veita ungrúnni umbeðið leyfi og raunar einnig leyfi til tannsmíða. Ráðherra féllst á álit landlæknis og hafnaði umsókninni 23. september 1930.13)

Af framanskráðu má sjá, að umsóknir um leyfi til að stunda hér tannlækningar frá mönnum, sem ekki höfðu lokið prófi í greininni, voru flestar á árunum 1910-1914. Upp frá því fer að draga úr fjölda þeirra, enda hefur þá verið orðið ljóst hvernig lögunum var beitt.

Tveir viðburðir frá árunum 1920-1928 verðskulda umfjöllun, enda snerta báðir sögu tannlækninga á Íslandi verulega, upphaf

skólatannlækninga og stofnun Tannlæknafélags Íslands. Verður nú vikið að þessu efni.

Upphaf skólatannlækninga

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1922 var sérstakur liður ætlaður til greiðslu á kostnaði vegna tannlækninga í barnaskólanum, 3200 krónur til áhaldakaupa og 800 krónur til greiðslu á starfræsklukostnaði. Þetta var nýmæli. Engar umræður urðu um þennan lið, og var hann samþykktur án athugasemda. Forsaga þessarar fjárveitingar verður því ekki ráðin af fundargerðinni, en hugmyndin hefur verið rakin til Gunnlaugs Claessens lækni, sem þá var í hópi bæjarfulltrúa.

Skólatannlækningar hófðu verið kynntar allöngu fyrir 1921. Brynjúlfur Björnsson ritaði grein í Ingólf 1909, mælti með notkun tannbursta og segir síðan meðal annars:

„Hvað gjöra þessir skólatannlækningar? Þeir kenna æskulýðnum að hirða munninn sem best, börnum og unglingum er gjört það að reglu að ganga á tannlæknaströfur. Í fyrsta skifti er þau koma þangað er þeim gefinn tannbursti og þeim kennt að nota hann.“

Bæjarstjórn réði **Vilhelm tannlækni Bernhöft** Bernhöft í samræmi við þessa fjárveitingu á árinu 1922 til að vinna einn klukkutíma á dag við tannlækningar í barnaskóla Reykjavíkur (Miðbæjarskólanum). **Thyra Loftsson** getur þess, að þessi starfstími hafi ekki nægt til að lækna tannþínuna í öllum þeim börnum, sem voru í skólanum og hófðu stórskemmdar tennur, hvað þá að unnt hafi verið að anna reglubundinni tannskoðun og aðgerðum. Hafi þetta valdið misskilningi. Bernhöft annaðist þó þessar lækningar til ársins 1925, en þá var Hallur L. Hallsson ráðinn til starfsins og var starfstíminn í skólanum þá fljótlega lengdur í tvær stundir á dag. Thyra Loftsson kveður þennan tíma að mestu hafa farið í að lina tannþínu í börnum, minna hafi kveðið að reglubundnum aðgerðum. Þó hafi Hallur hafist handa um reglubundna tannskoðun í neðstu bekkjum skólans og skýrslugerð um tannskemmdir þar. Reglubundnar aðgerðir hófust síðan árið 1926. Þá var danskur tannlæknir ráðinn til starfa við skólann, H. Larsen að nafni. Skyldi hann vinna í skólanum um fimm stundir á dag og undir stjórn Halls L. Hallssonar. Larsen sinnti fyrst börnum í neðstu bekkjunum eins og Hallur hafði raunar gert. Thyra Loftsson var síðan ráðin skólatannlæknir 1927, en þá voru um 2000 börn í barnaskólanum. Hún kveðst í upphafi hafa bent skólanefnd á, að hún gæti alls ekki sinnt þeim öllum, enda væri talið erlendis, að einn tannlæknir gæti ekki sinnt fleiri en 1000 börnum. Kom þá til álitu að veita einungis börnum fátækari aðstandenda tannlæknaþjónustu í skólanum, en fallið var frá þessu, enda talið ókleift fyrir tannlækni að gera upp á milli barnanna út frá þessari forsendu. Thyra mótaði sér þá reglu að gera yfirleitt ekki við barnatennur og sleppa að mestu langvarandi aðgerðum á fullorðinstönnum. Ástæðan var sú, að barnatennur voru oft orðnar svo skemmdar, að ekki reyndist unnt að gera við þær. Tannúdrætti var ekki beitt nema í algjörrí nauðsyn. Fyrst einskráði Thyra sig að mestu við viðgerðir í neðri bekkjum auk bráðaaðgerða. Þar fór árlegt viðhald fram og með þeim afleiðingum, að tannskemmdir minnkuðu í efri bekkjum. Gafst þá nokkur tími til að sinna viðhaldi þar og þokaðist þetta svo smám saman upp skólana.

Thyra Loftsson lýsir í grein sinni þeim erfiðleikum, sem skólatannlæknar eigi við að etja. Börnin verði að þola sársaukafullar aðgerðir og skilji oft á tíðum ekki tilgang þeirra. Þau verði því oft óróleg á meðan á aðgerð standi. Skólatannlæknir geti af þessum sökum oft ekki unnið verk sitt eins vel og nauðsyn krefji. Auk þessa gefist börn, sem gangast verði undir langvarandi aðgerð, oft upp áður en henni væri lokið og færu með bráðabirgðafyllingu í tönnum. Þetta valdi síðan misskilningi hjá foreldrum og börnum. Markmiðið með skólatannlækningum telur Thyra vera að halda uppi reglubundnum tannaðgerðum, enda væri þá unnt að gera við hverja smáskemmd áður en skemmdin valdi tannrótarbólgu og krefjist langvarandi aðgerðar. Til að ná þessu markmiði telur hún nauðsynlegt, að tannskoðun verði gerð að minnsta kosti tvisvar á ári og nauðsynleg aðgerð fari fram í tengslum við hana.

Skólaárið 1928-1929 voru 1976 börn í barnaskóla í Reykjavík, 971 piltur og 1005 stúlkur. Skólatannlæknir skoðaði 1138 börn eða 57,6% skólabarna, 574 piltu og 564 stúlkur. Af þessum börnum reyndust 1038 vera með skemmdar fullorðinstennur, 512 piltar og 526 stúlkur. Fyllt var í 2981 tönn í 1019 börnum og dregin 181 tönn úr 123 börnum. Hver piltur með skemmdar tennur reyndist hafa 4 slíkar í munni og hver stúlka 4,6. Meðaltalið var 4,3 tennur. Mismunur á tannskemmdum piltu og stúlkna var skýrður þannig að stúlkur neyttu að líkindum meiri sætinda en piltar.14)

Stofnun Tannlæknafélags Íslands

Tannlæknafélag Íslands var stofnað 30. október 1927, en stofnunin á sér nokkra forsögu.

href=http://um.margmidun.is/um/tanni/vefsidur.nsf/preview/900.039 target="new">Brynjúlfur Björnsson boðaði tannlækna í Reykjavík á fund 1918, en ekki þótti þá ástæða til að stofna félag vegna þess hve fáir tannlæknar voru, aðeins þrír, **Páll Ólafsson** og **Vilhelm Bernhöft** auk fundarboðanda.15) Tannlæknar þessir tóku eftir fundinn upp verulegt samstarf, samræmdu til dæmis taxa. Upp úr samstarfi þessu slitnaði eftir nokkur ár. Fór þá hver sína leið í verðlagningu. Vætanlega hafa tannlæknar þó sameinast um að fá afnuminn verðtoll, sem lagður var á allar tannlæknavörur á árunum 1924-1927.

Magnús Kristjánsson fjármálaráðherra afnam verðtoll þennan fljótlega eftir að hann tók við embætti 1927.

Haustið 1927 voru tannlæknar í landinu tvöfalt fleiri en 1918 eða rúmlega það. Brynjúlfur Björnsson gerði þá aðra tilraun og ritaði öllum starfandi tannlæknum í landinu bréf og benti á nauðsyn þess, að tannlæknar stofnuðu stéttarfélag. Stofnfundurinn var síðan haldinn í Ingólfshvoli 30. október. Þar var félagið stofnað. Stofnfundargerðin hljóðar svo:

Sunnudaginn 30. október 1927 komu tannlæknarnir Brynjúlfur Björnsson, Thyra Lange og Hallur Hallsson saman í Ingólfshvoli hjér í Reykjavík, samkvæmt uppástungu Brynjúlfs Björnssonar. Páll Ólafsson tannlæknir tilkynnti, að hann gæti ekki mætt, vegna burtfarar úr bænum.

Við, sem mættum, komum okkur saman um að stofna fjelag, sem skyldi kallað Tannlæknafélag Íslands. Ákveðið var að boða til framhaldsfundar innan viku til hálfis mánaðar, meðal tannlækna bæjarins, og ræða þá uppkast að lögum, sem Brynjúlfur Björnsson lagði fram á fundinum til athugunar handa næsta fundi. Með það fyrir augum var ákveðið að taka afrit af lagauppkasti þessu og senda tannlæknum Vilhelm Bernhöft og Páli J. Ólafsson.

Fundi slitið.

Thyra Lange Br. Björnsson Hallur Hallsson

Framhaldsstofnfundur var haldinn 6. nóvember 1927. Þar voru samþykkt lög fyrir félagið og fyrsta stjórn þess kosin, Brynjúlfur Björnsson formaður, Hallur L. Hallsson ritari og Páll J. Ólafsson gjaldkeri. Páll mætti aldrei á félagsfundum og vék því úr stjórn á næsta aðalfundi. Þá var Thyra Lange (síðar Thyra Loftsson) kosin gjaldkeri í hans stað, en aðrir stjórnarmenn voru endurkosnir. Stjórnin var síðan óbreytt um langt árabíl.

Síðareglur (codex ethicus) fyrir tannlækna voru samþykktar 1928, og hafði Brynjúlfur Björnsson samið framvarp til þeirra. Önnur grein félagslaga kvað á um tilgang félagsins, en hún var svohljóðandi:

„Tilgangur félagsins er að efla samvinnu og samkomulag meðal íslenzkra tannlækna í landinu, koma skipulagi á málefni stéttarinnar (vinna að rjettindaeflingu) og gæta hagsmuna hennar eftir fongum og gera meðlimum greiðara fyrir að fylgjast með nýjungum í starfsemi sinni, t.d. með því að hafa samlög um kaup tímarita og dýrra bóka, og á annan hátt, eftir því sem kringumstæður heimta og fjelaginu er fært.“16)

Nánari grein verður gerð fyrir lögum félagsins og siðareglum í næsta kafla. Þar verður einnig greint frá fyrsta veigamikla baráttumálinu, setningu laga um tannlækningar á Íslandi, rakin helstu ákvæði laga þessara og getið breytinga, en um þær voru nokkrar deilur.

TILVÍSANIR:

1. Tölfræðihandbók 1984, bls. 172.
2. Jón Steffensen: Menning og meinsemdir, bls. 250.
3. Skýrslur um landshagi, I. bls. 592, V. bls. 733.
4. Valdimar Erlendsson: Endurminningar frá Íslandi og Danmörku, bls. 84.
5. Árbók Háskóla Íslands 1938-1939, bls. 40. Skjöl landlæknis (styrkurinn 1896), ÞÍ. Stjórnartíðindi 1897 (C), bls. 657, 667, 1909 (A), bls. 48, 1911 (A), bls. 64, 1921 (A), bls. 236, 256, 1922 (A), bls. 72, 1923 (A), bls. 93, 1924 (A), bls. 102.
6. Upplýsingar frá Guido Bernhöft, syni Vilhelms Bernhöfts.
7. Tannlæknar, er starfað hafa á Íslandi, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1937, bls. 17-22. Lárus H. Blöndal og Vilundur Jónsson: Læknar á Íslandi (Rvík 1970), I. bls. 238, 415-416, 437, 679-680.
8. Læknablaðið 1918, bls. 127.
9. Sigurður Magnússon: Æviminningar læknis, bls. 70, 125-126 (beina tilvitnunin), 145-146, 150-151.
10. Læknablaðið 1930, bls. 128.
11. Sigurður Thoroddsen: Eins og gengur, bls. 229-230, 288-289.
12. Stjórnartíðindi 1884 (A), bls. 22. Vilundur Jónsson: Inngangur, Læknar á Íslandi (Rvík 1970), bls. 68-71.
13. Öll bréfin eru varðveitt í skjalasafni landlæknis, ÞÍ. Brynjúlfur Björnsson: Tannlæknalist á Íslandi, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1937, bls. 3-6. Guðmundur Hraundal: Ágrip af sögu tannlækninga á Íslandi, Harðjagl, apríl 1964, bls. 7.
14. Gjörðabók bæjarstjórnar 1920-1923, Borgarskjalasafn, aðfnr. 2675 A. Thyra Loftsson: Um skólatannlækningar, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1940, bls. 18-23. Björn Björnsson: Árbók Reykjavíkurbæjar 1940, bls. 28-29. Brynjúlfur Björnsson: Tannlæknalist á Íslandi, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1937, bls. 9 (Gunnlaugur Claessen og upphaf skólatannlækninga). Sami: Tennur, Ingólfur 1909, 8. tbl. bls. 21.
15. Oddný I. Yngvadóttir: Tannlækningar á Íslandi fram til 1941 (ópr. BA ritg.), bls. 67-68.
16. Tannlæknafeilag Íslands 10 ára, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1937, bls. 9-11. Fyrsta fundargerð Tannlæknafélags Íslands, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 7.

IV. Mótunarár Tannlæknafélags Íslands 1929-1945

Fyrsta veigamikla verkefni hins nýstofnaða félags var að fá sett lög um tannlækningar á Íslandi. Félagsstjórnin samdi frumvarp til slíkra laga, og mun Brynjúlfur Björnsson hafa átt meginþáttinn í því verki. Læknarnir, Jónas Kristjánsson, 6. landkj. þm., og Halldór Steinsson, þm. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, voru fengnir til að bera frumvarpið fram á Alþingi, og hafði Jónas orð fyrir flutningsmönnum. Í framsöguræðu benti hann á, að þörf væri fyrir örugga hjálp við tannveiki, sem færi stöðugt vaxandi, og einnig að settar yrðu reglur um starfið svo að ungt fólk, sem hygði á tannlæknanám, vissi að hverju það gengi, en námið væri mjög dýrt. Einnig þyrfti að tryggja, að fúskarar settust ekki að í landinu og stunduðu tannlækningar og villtu fólki sýn. Frumvarpinu fylgdu meðmæli frá Guðmundi Björnssyni landlækni, sem hafði lesið það og sent Læknafélagi Íslands með beiðni um athugasemdir. Læknafélagið varð við þessum tilmælum. Fram kemur, að tillit hafði verið tekið til athugasemda þess og frumvarpinu breytt nokkuð í samræmi við þær.

Lög um tannlækningar á Íslandi

Frumvarpið var lagt fram 16. febrúar 1928. Því var vísað til allsherjarnefndar, en átti þaðan ekki afturkvæmt.

Á þinginu 1929 var frumvarpið lagt fram á nýjan leik og að þessu sinni sem stjórnarfrumvarp. Jónas Jónsson frá Hriflu, dóms- og kirkjumálaráðherra, mælti fyrir frumvarpinu að þessu sinni og kvað það vera óbreytt frá þinginu 1928. Það átti í þetta skipti greiða leið í gegnum þingið, einungis voru gerðar á því smávægilegar orðalagsbreytingar. Umræður urðu mjög litlar. Þó ber þess að geta, að Ingvar Pálmason, 2. þm. Suður-Múlasýslu og framsögumaður allsherjarnefndar, sem fékk frumvarpið til meðferðar, kvað í framsöguræðu gott að tryggja rétt lækna, en þá skorti að tryggja rétt þeirra manna, sem leita þyrftu til tannlækna. Ingvar kvaðst hér eiga við taxa tannlækna, en orð léki á því, að þeir væru dýrseldari en aðrir læknar. Frumvarpið um tannlækningar var afgreitt sem lög frá Alþingi að þessu sinni. Hér verða rakin helstu atriði þessara laga.¹⁾ Heimild til að stunda sjálfstæðar tannlækningar á Íslandi skyldi því aðeins veitt, að viðkomandi hefði lokið tannlækningaprófi í tannlæknafréttunni, sem heilbrigðisstjórnin viðurkenndi, hann skyldi tala og skilja íslenska tungu fullkomlega og hafa unnið í eitt ár að minnsta kosti sem aðstoðarmaður hjá viðurkenndum tannlækni hér á landi eða afla sér viðlíka þekkingar og reynslu annars staðar að mati heilbrigðisstjórnar. Þetta skilyrði tók aðeins til tannlækna útskrifaðra úr þriggja ára tannlæknafréttunni. Umsækjandi skyldi hafa óflekkað mannorð. Honum bar að sanna fyrir heilbrigðisstjórn, að hann uppfyllti framangreind skilyrði. Honum bar einnig að undirrita drengskaparheit um að gæta fullrar tannlæknafréttunni í starfi sínu. Umsækjendum, sem lokið höfðu tilskildum prófum, var heimilt að vinna sem aðstoðarmenn tannlækna. Landlæknir gat einnig heimilað þeim að gegna störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra (1. gr.). Læknum var óheimilt að kalla starf sitt tannlækningar nema að þeir hefðu lokið tannlæknafrófi eða einhverju sérfrófi, sem heilbrigðisstjórn mat gilt. Dómsmálaráðuneytinu var heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði að ráði landlæknis ef sérstakar ástæður voru fyrir hendi (2. gr.). Starfssvið tannlækna tók til meðferðar á tannsyki, tannfyllinga, tannútdrátt og útdrátt á tannbrotum, tannhreinsumum með verkfærum eða lyfjum, lagfæringar á óreglulegum tönnum og tannréttinga. Tannlæknar höfðu rétt til að brúfesta tennur og tanngarða og annast meðferð kvilla í símhimnu munns, tannholdi og kjálkum, sem stöfuðu af tannsyki. Þeim var heimilt að beita hverskyns deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing skyldi gerð af lækni eða tannlækni að lækni viðstöddum (3. gr.). Tannlæknum var heimilt að afla sér með lyfseðlum allra nauðsynlegra lyfja til lækninga sinna og nota þau tæki og hjálparmeðöl, sem nauðsynleg voru til starfsins (5. gr.). Tannlæknar lutu eftirliti heilbrigðisstjórnarinnar og bar skylda til að gefa landlækni skýrslu um hvar þeir stunduðu starf sitt (6. gr.). Óheimilt var mönnum, sem ekki höfðu leyfi til tannlækninga, að auglýsa, að þeir stunduðu tannlækningar, settu gervitennur í menn, deyfðu eða hefðu á boðstólum lyf til tannlækninga eða bjóðast til þessa (7. gr.). Brot gegn lögum þessum vörðuð sektum að upphæð 50-100 krónur eða allt að sex mánaða fangelsi, enda heyrði brotið ekki undir almenn hegningarlög. Sektir skyldu renna í ríkissjóð. Farið skyldi með brot sem almenn lögreglumál (8. gr.). Tannlæknir, sem dæmdur hafði verið fyrir brot, sem töldust svívirðileg að almenningsáliti, skyldi sviptur leyfi til að mega stunda tannlækningar (9. gr.). Lögin skyldu hvorki taka til starfandi tannlækna né manna, sem höfðu takmarkað tannlækningaleyfi við gildistöku þeirra (10. gr.)²⁾ Hér hefur ekki verið rakið efni 4. greinar laganna, en hún kvað á um einkarétt tannlækna til að setja gervitennur og tanngarða í fólk. Grein þessari var breytt 1932 og verður nú vikið að því atriði.

Umræður á Alþingi

Jón Jónsson (Jón í Stóradal), 3. landkj. þm., lagði á þingi 1932 fram frumvarp um breytingu á 4. grein laga um tannlækningar. Breytingin kvað á um að tannsmiðum skyldi heimilt að setja gervitennur og tanngarða í fólk í samráði við héraðslækna. Jón kveðst flytja þetta frumvarp að ósk héraðslæknis, sem hann nafngreindir ekki. Rök voru þau, að ella yrðu menn viðsvegar að af landinu að fara til Reykjavíkur eða til einhvers hinna stærri kaupstaða til að fá þessa þjónustu, en þetta væri mjög dýrt. Flutningsmaður fullyrti, að margir hefðu lært til tannlækninga, en hefðu þó ekki heimild til að setja gervitennur í fólk. Bjarni Snæbjörnsson lækni, þm. Hafnarfjarðar, flutti þá breytingartillögu þess efnis, að heimildin yrði bundin við tannsmiði, sem hefðu lokið námi „há íslenskum tannlæknum eða víðurkenndum skóla fyrir tannsmiði.“ Halldór Steinsson, þm. Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, studdi breytingartillögu Bjarna og kvað tannsmiðum hætt við að leita út fyrir sitt verksvið. Bjarni tók tannsmið á Ísafirði sem dæmi um mann, sem færi svo fram, og hefur væntanlega átt við Óla Steinbach. Einar Arnason á Eyrarlandi, 2. þm. Eyjafjarðarsýslu, lýsti yfir stuðningi við frumvarp Jóns í Stóradal og kvað mikinn varnarmúr hafa verið reistan um tannlækna og réttindi þeirra, meiri en víðast hvar annars staðar. Rjúfa mætti að ósekju skarð í þennan múr. Einar benti á, að dýrt væri fyrir fólk að fara til Reykjavíkur og taldi undarlegt ef tannlæknar þyrðu ekki að taka upp samkeppni við fúskara, þeir ættu að útrýma þeim með þekkingu sinni og lærdómi.

Lyktir urðu þær, að breytingartillaga Bjarna Snæbjörnssonar var felld í efri deild með 8:6 atkvæðum. Frumvarpið var síðan samþykkt í deildinni með 6:3 atkv. Neðri deild samþykkti það með 14:3 atkv. Varð frumvarpið þar með að lögum.3) Fyrsta baráttumál Tannlæknafélags Íslands leystist því fljótlega. Væntanlega hafa tannlæknar ekki fagnað lagabreytingunni 1932. Á þessum árum varpaði Vilmundur Jónsson landlæknir fram þeirri hugmynd, að tannlæknar ferðuðust um landið og stunduðu lækningar á þeim ferðalögum. Þessi háttur, umferðatannlækningar, hefði bætt úr brýnni þörf. Sú röksemd þeirra Jóns í Stóradal og Einars á Eyrarlandi, að það væri kostnaðarsamt fyrir fólk að fara til Reykjavíkur eða einhvers hinna stærri kaupstaða, var réttmæt. Hallur L. Hallsson mun einn tannlækna hafa tekið þennan hátt upp svo sem vikið var að í síðasta kafla. Sjálfsagt er að taka fram, að tannlæknar voru fáir og hafa vafalaust haft nóg að gera þar sem þeir störfuðu. Framtak Halls verður ennþá merkilegra ef þetta er haft í huga.

Í síðasta kafla kom fram, að lög fyrir Tannlæknafélag Íslands voru samþykkt 1927 og síðareglur (codex ethicus) á næsta ári. Hvortveggja var breytt nokkuð á næstu árum, en bæði lögin og síðareglurnar höfðu fengið það form á árunum 1934-1935, að lítið kvað að breytingum næstu árin. Hér verður gerð grein fyrir lögum og síðareglum tannlækna á árslok 1935 og getið lagabreytingar 1939.

Lög Tannlæknafélagsins

Nafn félagsins var óbreytt frá stofnun þess og einnig ákvæði félagslaga um tilgang þess. Ákvæði um þetta eru í 1. og 2. grein félagslaga. Félagsmenn gátu þeir Íslendingar orðið, sem lokið höfðu fullkomnu tannlæknaþrófi, og einnig þeir tannlæknar aðrir, sem störfuðu hér eingöngu að tannlækningum. Umsækjandi um aðild skyldi snúa sér til einhvers úr stjórn félagsins. Gjaldkeri skyldi krefja umsækjanda um félagsgjald ef stjórnin samþykkti aðildarbeiðnina. Greiðsla þessi veitti umsækjanda atkvæðisrétt í félaginu, en að svo búnu lét ritari umsækjanda undirrita félagslögin eins fljótt og auðið var, og taldist hann þá fullgildur félagsmaður. Úrsögn úr félaginu skyldi vera skrifleg og stíluð á félagsstjórn. Hún skyldi miðast við 1. janúar ár hvert. Heimilt var að kjósa heiðursfélagi og styrktarfélagi á aðalfundi, enda væru tveir þriðju hlutar atkvæða samþykkt þessu (3. gr.). Stjórn félagsins skyldi skipuð þremur mönnum, formanni, ritara og gjaldkera. Auk þess skyldi kosinn varamaður, sem tók sæti í stjórninni þegar einhver stjórnarmanna forfallaðist. Undir slíkum kringumstæðum bar stjórninni að skipta með sér verkum á nýjan leik. Bæði stjórnarmenn og varamaður í stjórn skyldu vera búsettir í Reykjavík (4. gr.). Ákvæðin um varamann og búsetu varamanns og stjórnarmanna munu hafa verið lögtekin á aðalfundi 1939, en annars voru lög þau, sem hér eru rakin, samþykkt á aðalfundi 1934.

Aðalfundur skyldi haldinn í júní- eða júlímánuði ár hvert, og bar að boða hann skriflega (5. gr.). Félagsmenn, sem störfuðu sjálfstætt, skyldu greiða 40 krónur í árgjald, aðstoðartannlæknar 25 krónur og tannlæknar, sem voru að hefja sjálfstætt starf einnig 25 krónur. Nýir félagsmenn skyldu greiða fullt árgjald, ef þeir voru teknir í félagið fyrir 1. júní, en annars hálf gjald. Gjaldkera bar að gera félagsmanni aðvart með ábyrgðarbréfi ef hann skuldaði árstíllag um áramót. Skuldunautur, sem ekki hafði gert full skil innan þriggja mánuða, taldist vera genginn úr félaginu og skyldi strikaður út af meðlimaskrá. Tannlæknir, sem gengið hafði úr Tannlæknafélagi Íslands, skyldi því aðeins tekinn í félagið aftur, að hann hefði áður greitt allar skuldir sínar við það (6. gr.). Kveðið er á um, að félagið skuli samþykkja síðareglur (codex ethicus) fyrir stéttina, og bar sérhverjum félagsmanni að fylgja ákvæðum þeirra. Einnig er mælt fyrir um, að félagsmenn skuli komast að samkomulagi um gjaldskrá þar sem slíku verði við komið. Aðalfundur skyldi samþykkja slíkar gjaldskrár (7. gr.). Heimilt var að breyta félagslögum á aðalfundi ef tveir þriðju hlutar félagsmanna voru samþykki. Lagabreytingar skyldu boðaðar í fundarboði, sem senda bar félagsmönnum fyrir aðalfund (8. gr.).4)



Árshátíð Tannlæknafélags Íslands 1957. Fremsta röð fr. v.: **Geir Tómasson, Haukur Clausen, Ólafur P. Stephensen,** Ingibjörg Bjarnar, **Pálmi Möller, Jóhann Finnsson,** Hallur Þorleifsson söngstjóri, **Guðmundur Ólafsson, Birgir J. Jóhannsson** og Ingi Valur Egilsson. - Önnur röð fr. v.: Lillian Clausen, Kirsten Bjartmars, Sigurbjörg Jónsdóttir, Kristveig Björnsdóttir, Málfríður Óskarsdóttir, Hulda Olgeirsson, Elfriede Tómasson, **Thyra Loftsson,** Hólmfríður Árnadóttir, Eirný Sæmundsdóttir, **Ellen Yde Björnsson, Guðrún Tryggvadóttir,** Jórunn Tynes og **Rafn Jónsson.** - Þriðja röð fr. v.: Guðný

Nielsdóttir, Halldóra Ingimarsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Magdalena Sigurðardóttir, Ingibjörg Albertsdóttir, Ásdís Jónasdóttir, Ulla Skaptason, Guðrún Ágústsdóttir, Soffía Kristbjörnsdóttir, Margrét Oddgeirsdóttir, **Elín Guðmannsdóttir, Jóhann Gunnar Benediktsson, Viðar Pétursson**, Ellen Pétursson og **Jón Sigtryggsson**. - Fjórða röð fr. v.: **Jón K. Hafstein, Örn Bjartmars Pétursson, Magnús R. Gíslason, Rósar Eggertsson, Sverrir Einarsson, Stefán Pálsson, Jónas Thorarensen, Úlfar Helgason, Gunnar Skaptason, Stefán Y. Finnbogason**, Jón Ingimarsson, **Theodór Brynjólfsson, Kjartan Guðmundsson** og **Grímur M. Björnsson**.

Siðareglur Tannlæknafélagsins

Siðareglur Tannlæknafélags Íslands voru samþykktar á aðalfundi 1935. Tilgangur þeirra var að efla samheldni og gott samkomulag tannlækna og hvetja þá til að gæta hagsmuna stéttarinnar og hafa sóma hennar og eflingu jafnan fyrir augum (1. gr.). Tannlæknum var óheimilt að afla sér viðskipta með óheimarlegu móti, óviðeigandi auglýsingum eða öðru skrumi. Þeim var aðeins heimilt að auglýsa starf sitt í samræmi við 12. grein laga nr. 47 frá 1932. Óheimilt var tannlæknum að auglýsa starf sitt með því að nota titla, til dæmis erlendar doktorsafnbætur, sem félagsstjórn viðurkenndi ekki (2. gr.). Óheimilt var félagsmönnum að ráða sig í stöður hjá opinberum aðilum eða öðrum nema félagið hefði viðurkennt stöðurnar, þær verið auglýstar opinberlega og félagsstjórn hefði samþykkt alla skilmála. Félagsmönnum var óheimilt að bjóðast til að vinna við slíkar stofnanir fyrir lægra kaup en annar félagsmaður, sem ráðinn hefði verið að stofnuninni, eða að gera einhverja tilraun til að bola hinum fyrri frá. Óheimilt var öllum félagsmönnum að taka við stöðu af félagsmanni fyrr en öll misklið hafði verið jöfnuð við hann ef um slíkt hafði verið að ræða. Enginn félagsmaður mátti gera félag um tannlækningar við utanfélagsmenn eða ráða sig í vinnu hjá utanfélagsmanni. Stjórn félagsins var þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef um almennar stofnanir eða góðgerðarstofnanir var að ræða (3. gr.). Félagsmanni var óheimilt að hefja starfsemi í sama húsi og annar félagi án leyfis þess, sem fyrir var. Félagsmanni var einnig óheimilt að hefja starfsemi í húsi þar sem annar félagi hafði áður starfað nema að fengnu leyfi hins fyrri eða erfingja hans eða að liðin væru tvö ár frá því að starfsemin hætti (4. gr.). Félagsmenn máttu ekki hefja sjálfstætt starf í sama bæ eða sveitarfélagi og þeir höfðu áður unnið sem aðstoðartannlæknar nema að fengnu leyfi fyrri húsbónda eða dánarbús hans fyrr en tvö ár voru liðin frá því að ráðningartíma lauk (5. gr.). Félagsmáður, sem tók sér aðstoðarmann, er ekki var félagi í Tannlæknafélagi Íslands, skyldi gera bindandi samninga við aðstoðarmanninn þess efnis, að hann settist ekki að hér á landi sem tannlæknir, hvorki sjálfstætt starfandi né í félagi við aðra eða sem aðstoðartannlæknir í sama bæ eða sveitarfélagi nema með samþykki félagsstjórnar, en sæta sektum ella, sem félagið ákvarðaði. Sektir þessar skyldu renna í félagssjóð. Félagsmenn, sem tóku nema í tannsmíði, skyldu gera samning við nemann áður en kennslan hófst og skuldbinda hann til að vinna aðeins hjá félagsmönnum framvegis og ekki hefja sjálfstætt starf. Félagið ákvað kjör slíks nema á námstímanum. Kennara var heimilt að skuldbinda nema til að vinna þrjú ár hjá sér áður en hann réðist til annars tannlæknis. Hér er væntanlega átt við þrjú ár eftir að námi lauk. Tannlækni, sem réði til sín tannsmíði, sem lært hafði hjá utanfélagsmanni, bar að gera við hann hliðstæðan samning. Félagið gaf út samningsform. Sektir vegna brota á þessum ákvæðum ákvað félagsstjórn, og skyldu þær renna í félagssjóð (6. gr.). Félagsmönnum bar skylda til að vera varkárir í dómum um verk annarra tannlækna í viðræðum við sjúklinga og utanfélagsmenn. Þeim bar einnig að gefa öðrum félagsmönnum ráð eftir því sem kostur var ef eftir slíku var leitað (7. gr.). Félagsmönnum bar að vinna samkvæmt gjaldskrá á þeim stað þar sem þeir störfuðu. Þeim var óheimilt að taka að sér ákvæðisvinnu og að gefa viðskiptavinum í skyn, að þeir ynnu fyrir lægra gjaldi en taxtinn kvað á um. Félagsmenn skyldu reyna að svara ekki fyrirspurnum um taxa í síma. Þeim var óheimilt að gefa afslátt af taxa nema til stofnana og félaga, sem tryggðu skilvísa greiðslu. Óheimilt var að venja fólk á að greiða tannviðgerðir með afborgunum (8. gr.). Félagar skyldu hliðra sér hjá því að gera áætlun um kostnað við sérstakar aðgerðir nema að undangenginni nákvæmri rannsókn. Þeir skyldu reyna að venja fólk á staðgreiðslu (9. gr.). Enginn félagi mátti gefa fólk í skyn, að hann gæti öðrum tannlæknum framar tekið ábyrgð á gjörðum sínum. Slíkt var talið vera ósamboðið stéttinni og villandi fyrir almenning (10. gr.). Óheimilt var félagsmönnum að ráða utanfélagsmenn sem aðstoðarmenn án samþykkis félagsstjórnar. Þeim var óheimilt að ráða sig í vinnu hjá utanfélagsmönnum eða aðstoða þá á einhvern hátt nema öll stjórn félagsins samþykkti þetta (11. gr.). Óheimilt var félagsmönnum, sem störfuðu saman, að auglýsa þannig, að samstarfið fengi svip af verslunarsamtökum af einhverju tagi (12. gr.). Félagsmönnum bar skylda til að hlýða siðareglunum í einu og öllu. Þeir komust ekki undan refsingu fyrir brot á þeim með því að segja sig úr félaginu (13. gr.). Óheimilt var félagsmönnum að segja sig úr félaginu á meðan óútkljáð var deila á milli félagsins annars vegar og hins opinbera, annars félags eða einstaklinga hins vegar (14. gr.). Um breytingar á siðareglunum giltu sömu reglur og um breytingar á félagslögum (15. gr.).5)

Í siðareglunum er vitnað til laga nr. 47 frá 1932. Þau fjölluðu um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, sem höfðu lækningaleyfi, og um skottulækningar. Í 12. grein laga þessara er tekið fram, að læknum séu óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna umfram látausar auglýsingar í blöðum, sem birta megri þrisvar í mesta lagi, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstíli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstíma og sérgrein ef um slíkt væri að ræða. Læknum og stéttarfélagum þeirra bar samkvæmt lögum að vinna gegn því, að eftir þeim væru birt ummæli eða samtöl eða um þá ritaðar ferðir, sem teldust vera gerðar í auglýsingaskyni. Tekið er fram, að ákvæði þessi taki til tannlækna, nuddara og yfirsetukvenna auk lækna.6)

Viðkoma stéttarinnar

Tannlæknum fjölgaði hægt á Íslandi 1929-1945. Við áramót 1942-1943 voru 14 tannlæknar starfandi hér á landi, 10 í Reykjavík og einn á hverjum eftirtaldrá staða: Akureyri, Ísafirði, Siglufirði og Vestmannaeyjum. Þrjú félagar í Tannlæknafélaginu dvöldust þá í Kaupmannahöfn, sjö tannlæknar að auki, sem ekki voru félagsmenn, dvöldust einnig erlendis, allir nema einn útskrifaðir á árunum 1940-1942. Fimm þeirra voru í Danmörku, einn í Svíþjóð og einn í Þýskalandi. Við nám voru fimm menn, þrjú í Bandaríkjunum, einn í Danmörku og einn í Svíþjóð.7)

Aðstæður voru með sérstökum hætti um áramótin 1942-1943, heimsstyrjöldin síðari stóð sem hæst og engar samgöngur við Danmörku, Svíþjóð eða Þýskaland. Ljóst er því, að tannlæknar og tannlæknanemar, sem þar voru staddir vorið 1940, hafa lokast inni. Að visu fengu 258 Íslendingar á Norðurlöndum að fara til Íslands um Petsamo haustið 1940, 217 frá Kaupmannahöfn, 33 frá Svíþjóð og 8 frá Noregi. Telja verður víst, að tannlæknanemar hafi fremur kosið að ljúka námi en að fara til Íslands með þessari ferð og skýrir þetta fjölda tannlækna og nema í Danmörku. Sambandsleysið við Norðurlönd mun einnig skýra sókn íslenskra tannlæknanema til Bandaríkjanna á stríðsárunum.

Vilmundur Jónsson, landlæknir og þm. Norður-Ísafjarðarsýslu, lýsir ástandinu í tannlækningum á Íslandi í greinargerð með frumvarpi um stofnun tannlæknaskóla, sem hann lagði fram á Alþingi 1941. Þar kveður hann tannátu og aðra tannsjúkdóma vera algengasta allra kvilla á Íslandi og megi heita, að sérhvert mannsbarn með tennur í munni þjáist af þeim að minna eða meira leyti. Þorri landsmanna eigi erfitt með að leita sér hjálpar gegn kvillum þessum, jafnvel Reykvíkingar, sem best væru settir hvað þetta snerti, yrðu að bíða dögum og jafnvel vikum saman eftir að fá liðsinni tannlæknis. Auk þessa neyddust tannlæknar til að sinna svo mörgum sjúklingum á sama tíma, að vitjanir hvers sjúklings yrðu margar og tímafrekar. Afleiðing þessa yrði sú að tannlæknishjálpar yrði svo kostnaðarsöm, að þetta þyldi engan samanburð við almenna læknishjálpar. Vilmundur Jónsson getur í greinargerðinni um fjölda lækna og tannlækna á Norðurlöndum miðað við íbúafjölda þessara landa.

Á Íslandi störfuðu um 150 lækningar beint eða óbeint við lækningar eða því sem næst einn læknir á hver 800 landsmanna. Í Danmörku var sem næst einn læknir á hver 1200 landsmanna, í Svíþjóð einn læknir á hver 2100 landsmanna og í Noregi einn læknir á hver 1300 landsmanna. Hlutfallið var því langlægst á Íslandi. Þessu var ófugt farið um tannlækna. Ellefu tannlækningar unnu við tannlækningar á Íslandi um áramótin 1940-1941 eða um einn tannlæknir á hver 11000 landsmanna. Í Danmörku var einn tannlæknir starfandi fyrir hver 3900 landsmanna, í Svíþjóð var einn tannlæknir á hver 2800 landsmanna og í Noregi einn tannlæknir á hver 2000 landsmanna. Fram kemur, að tannlæknaskortur var talinn vera í Danmörku.8) Nánar verður vikið að greinargerð Vilmundar Jónssonar landlæknis í næsta kafla.



Birgir J. Jóhannsson, formaður Minjasafnsnefndar frá 1962.

Tannþínan þjáði enn dreifbýlisfólk

Tannlækningar störfuðu í Reykjavík og fjórum öðrum kaupstöðum á öndverðum fimmta áratugnum svo sem fram hefur komið. Íbúar annarra sveitarfélaga voru að mestu án tannlæknaþjónustu: Hallur L. Hallsson stundaði að vísu umferðatannlækningar eins og fram kom í síðasta kafla, en sú þjónusta var aðallega bundin við Austfirði. Auk þessa munu tannlækningar, sem ferðuðust um landið, hafa skoðað tennur í sjúklingum. Þannig er vitað, að Vilhelm Bernhöft gaf fólki kost á að skoða tennur þegar hann var við laxveiðar í Borgarfirði, en þangað fór Vilhelm þessara erinda á hverju

sumri. Hér var aðeins um athugun að ræða, menn urðu að koma á tannlæknisstofu Vilhelms í Reykjavík ef þörf var á verulegri aðgerð.9)

Íbúar annarra sveitafélaga en fyrrnefndra fimm kaupstaða, sem þjáðust af tannsjúkdómum á tímabilinu 1929-1945, áttu tveggja kosta vól. Þeir urðu annaðhvort að leita á náðir héraðslækna eða leita sér lækninga hjá tannlækni í einhverjum kaupstaðanna fimm. Síðarnefnda leiðin var dýr, ferðakostnaður og jafnvel upphald, enda munu þeir hafa verið margir, sem kusu þá fyrri. Héraðslækningar drógu mikið af tönnum úr fólki á fyrrnefndu tímabili og lengi síðan. Höfundur þessarar ritsmíðar minnst þess, að stundum var spurð fyrir um hvort héraðslæknirinn hefði tanginar meðferðis þegar hann var á ferð um umdæmi sitt. Einnig er mér í barnsminni, að vinnukona hjá foreldrum mínum (Puríður Jóhannesdóttir) fékk lyf, sem komið var í holu í tönn. Ekki man ég hvernig þetta var gert, en ekki var lyfið bragðgott eftir svipbrigðum sjúklingsins og orðbragði að dæma. Það bar á hinn bóginn tilætlaðan árangur, að minnsta kosti í bili. Þetta var í Reykhólalæknishéraði og á öndverðum stríðsárunum síðari. Nafn lyfsins man ég ekki.

Skortur á tannlæknum með próf frá viðurkenndum tannlæknaskóla var enn mikill á árunum 1929-1945 og hvatti tannsmíði til að reyna að fá löggildingu sem tannlækna. Löggjafinn veitti þeim stundum lið. Þessu til stuðnings má benda á Óla Baldur Jónsson, sem sótti um tannlækningaleyfi árið 1940. Landlæknir sendi Tannlæknafélagi Íslands umsóknina til umsagnar. Fram kemur í álitgerð Tannlæknafélagsins, dagsettri 2. apríl 1940, að umsækjandinn hafi unnið í 17 mánuði hjá tannsmíði í Hamborg og lokið þar prófum. Í Hamborg hafði umsækjandi lært að búa til tanngóma, gullfyllingar og gullbrýr.

Tannlæknafélagið lagði gegn leyfisveitingu og taldi reynsluna af þýskum tannsmíðum ekki hvetja til hennar. Landlæknir mun hafa hallast að þessari afgreiðslu, en þá fluttu þrír þingmenn, Magnús Gíslason, landkjörinn þ.m., Ingvar Pálmason, 2. þ.m. Suður-Múlasýslu, og Jóhann Þ. Jósefsson, þ.m. Vestmannaeyja, frumvarp á Alþingi, sem heimilaði ríkisstjórninni að veita Óla Baldri Jónssyni umbeðið leyfi. Rök voru einkum þau, að enginn tannlæknir hefði aðsetur í Austfirðingafjórðungi, en þar hygðist umsækjandinn setjast að ef hann fengi leyfið. Tekið er fram, að Óli Baldur Jónsson hafði áunnið sér traust fyrir tannsmíðar sínar, sem þyki bera vott um hagleik og vandvirkni. Þingnefnd breytti frumvarpinu og lagði til, að umsækjanda yrði heimilað að stunda tanndrátt og tannfyllingar í tengslum við tannsmíðar sínar, enda hefði hann þá sömu réttindi hér og nám hans veitti í Þýskalandi. Alþingi samþykki frumvarpið svo breytt, lög frá 12. maí 1942.10)

Aukin tannlæknaþjónusta í skólum

Vikið var að upphafi skólatannlækninga í síðasta kafla. **Thyra Loftsson** var skólatannlæknir við Miðbæjarskólann á þeim árum, sem þessi kaflí fjallar um. Nýr skóli tók til starfa 1930, Austurbæjarskólinn. Tannlæknastofan var í hinu nýja skólahúsi frá upphafi, og búin nýjum tækjum. Thyra Loftsson var einnig skólatannlæknir Austurbæjarskólans á árunum 1930-1933, en þá var **Bergljót Magnúsdóttir** tannlæknir ráðin að skólanum. Bergljót lét af þessu starfi 1934. **Theódór Brynjólfsson** tannlæknir var skólatannlæknir Austurbæjarskóla 1934-1936 og **Rafr Jónsson** 1936-1937. **Engilbert Guðmundsson** tannlæknir tók við starfinu 1937 og gegndi því til loka tímabilsins og þó lengur. Af fyrirlestri, sem **Hallur L. Hallsson** tannlæknir flutti í Tannlæknafélagi Íslands í janúar 1941, má sjá, að þá höfðu allir kaupstaðir landsins tekið upp skólatannlækningar að Neskaupstað og Seyðisfirði þó ef til vill undanskildum, en næsti tannlæknir við þessa kaupstaði bjó í Vestmannaeyjum eða á Akureyri.11) Aðrir kaupstaðir 1941 voru Vestmannaeyjar, Hafnarfjörður, Reykjavík, Ísafjörður, Siglufjörður og Akureyri.

Skólaárið 1943-1944 voru 1749 börn í Miðbæjar- og Skildinganeskóla (fyrirrennara Melaskóla) skoðuð af tannlækni, 836 piltar og 913 stúlkur. Þetta voru 59% nemenda þessara skóla. Fyllt hafði verið í 1898 tennur í 675 börnum, 155 tennur höfðu verið dregnar úr 126 börnum og hreinsaðar tennur í 81 barni. Tannsilfur (amalgam) var langalgengasta fyllingarefni, en einnig var emaille (emilering) notuð og sement. Fyllt var í tennur um 30% fleiri stúlkna en pilla og væntanlega af sömu orsök og nefnd var í síðasta kafla. Tennur voru á hinn bóginn dregnar úr um 3% fleiri piltum en stúlkum. Sá munur er naumast marktækur. Skrár yfir tannskoðun og tannaðgerðir í Austurbæjar- og Laugarnesskóla voru ekki gerðar á þessum árum.12)

Mörkuð stefna í skólatannlækningum

Aðalfundur Tannlæknafélagsins, haldinn 22. júní 1941, markaði stefnu í skólatannlækningum. Fyrsta árið skyldu börn úr neðstu (yngstu) deildum skólans njóta tannlækninga, og skyldu þau síðan njóta þeirra á meðan þau væru í skólanum. Síðan skyldu öll börn, sem settust í neðsta bekk á hvert, njóta skólatannlækninga, enda fylgdist tannlæknir upp frá því með þeim upp í gegnum skólann. Með þessu skyldi tryggð, að öll börn í skólanum skyldu eftir vissan árafjölda njóta tannlæknaþjónustu á námstímanum. Taxi var 8 krónur og dyrtíðaruppbót á hvert barn, sem þjónustunnar átti að njóta. Greitt skyldi samkvæmt lágmarkstaxta Tannlæknafélagsins fyrir þjónustu við önnur skólabörn en þau, sem fyrrnefnt skipulag átti að taka til, en heimilt var tannlækni að veita 20% afslátt frá lágmarkstaxta undir slíkum kringumstæðum. Honum var einnig heimilt að veita nemendum annarra skóla en barnaskóla jafnháan afslátt ef viðkomandi skóli eða skólar sömdu við hann um almenna tannlæknaþjónustu fyrir nemendur sína.13)

Framangreint skipulag var mjög í samræmi við það skipulag, sem Thyra Loftsson hafði verið að þróa í Miðbæjarskólanum frá 1927.

Til samburðar skal þess getið, að taxi Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu árið 1942 var 2,10 krónur á

klukkustund.14)

Tannsmiðir og tannlæknar

Tannsmiða hefur oft verið getið í þessum kafla og hinum fyrri, enda áttu tannlæknar og eiga meiri samskipti við þá en aðra starfshópa. Tannsmiðir stofnuðu félag 19. apríl 1941, Tannsmiðafélag Íslands. Stofnendur voru 13. Sigríður Þorlákssdóttir var helsti hvatamaður að félagsstofnuninni. Í fyrstu stjórn Tannsmiðafélagsins voru kosnir eftirtaldir tannsmiðir: Guðmundur Hraundal formaður, Laufey Gísladóttir gjaldkeri, Björg Jónasdóttir ritari. Sigríður Þorlákssdóttir, þá búsett á Akureyri, var ekki kosin í fyrstu stjórnina af þeirri orsök.15)

Tannlæknafélagið og Tannsmiðafélagið gerðu með sér samning, sem tók gildi 1. janúar 1943. Með honum skuldbundu meðlimir Tannlæknafélagsins sig til að taka aðeins félagi í Tannsmiðafélaginu í vinnu, enda skyldu félagar í Tannsmiðafélaginu einungis vinna hjá félögum í Tannlæknafélaginu. Tannlæknar skuldbundu sig til að taka aðeins þá menn í tannsmiðanám, sem höfðu á sex vikna reynslutíma sýnt, að þeir höfðu ótvíræða hæfileika til starfsins og höfðu hlotið einhverja menntun, kunnu til dæmis eitthvert erlent tungumál. Námsstími tannsmiða hjá tannlækni skyldi vera að minnsta kosti tvö ár eða þrjú ár, tvö ár í kátsjúktækni, en þrjú ár í gull og kátsjúktækni. Nemar skyldu fá greitt kaup á meðan á námi stóð.

Lágmarksgreiðsla skyldi vera 65 krónur á mánuði að viðbætti 50% verðlagsuppbót. Samningstíminn skyldi lengdur ef nemi vann hluta námstímans á vinnustofu tannlæknisins. Laun fyrir slíkt aðstoðarstarf skyldu vera samkvæmt samkomulagi málsaðila. Nemi skyldi að námi loknu fá vottorð frá viðkomandi tannlækni um, að hann hefði stundað nám í tannsmiðum í tilskilinn tíma og hefði tileinkað sér nægilega leikni og kunnáttu til að geta starfað sjálfstætt sem tannsmiður. Byrjunarlaun að nýloknu námi skyldu vera 227,50 krónur fyrir vinnu með kátsjúk og 291,25 fyrir vinnu við gull- og kátsjúk, hvortveggja að viðbætti 50% verðlagsuppbót. Síðan skyldu launin fara hækkandi, enda fái launþegi full laun ekki síðar en eftir þrjú ár frá því að hann lauk prófi. Þá taldist hann vera fullnuma. Full laun voru 385 krónur á mánuði fyrir þá tannsmiði, sem lokið höfðu hinu skemmra tannsmiðanámi, en 447,50 krónur fyrir hina, hvortveggja að viðbætti 50% verðlagsuppbót. Eftirvinna skyldi vera hundrað og tuttugasti hlutinn af grunnkaupi hvers mánaðar á klukkustund. Tímavinnukaup skyldi vera 2,60 krónur fyrir kátsjúktækni og 3,25 krónur fyrir gulltækni, hvortveggja að viðbætti 50% verðlagsuppbót.

Vinnutími skyldi vera 38 klukkustundir á viku, sjö tímar á dag fimm daga vikunnar og þrjú tímar á laugardögum. Skipting vinnutímans á vinnudaga skyldi þó aðeins viðhöfð í Reykjavík. Í veikindaforföllum skyldi tannsmið greitt fullt kaup í einn mánuð og hálf kaup í annan mánuð, enda sýndi hann læknisvottorð um veikindi sín. Tannsmiður skyldi njóta sömu kjara ef tannlæknir varð veikur og starfræksla tannlækningastofu lagðist niður af þeim sökum. Sumarleyfi tannsmiðs skyldi vera hálfur mánuður á fullu kaupi hið minnsta. Uppsagnarfrestur tannsmiða skyldi vera þrjú mánuðir. Samningurinn gildi til eins árs, en var uppsæjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Hann framlengdist ella sjálfkrafa um eitt ár.

Samningum fylgir samningsform fyrir tannlækna og tannsmiðanema. Þar er kveðið á um námstíma og inntak náms. Fram kemur, að nám í kátsjúktækni var einkum að steypa í mót, búa til plastrona, setja upp tennur, steypa í chivietta, vulcanisera, og skafa og fægja góma. Gulltækni var einkum fólgin í að steypa innlegg og krónur, kveikingar, fæging gulltanna og brúa, smíði fastra brúa og smíði lausra (aftakanlegra) brúa. Vikulegur vinnutími allan námstímann skyldi vera 38 klukkustundir. Kveðið er á um, að nemi skuli fá vottorð um kunnáttu sína að námstíma loknum. Neminn skuldbatt sig til að vinna aldrei að tannsmiði hjá öðrum en félögum í Tannlæknafélaginu og að stunda aðeins sjálfstætt starf í greininni að fengnu leyfi þess félags. Brot á ákvæðum samningsins vörðuð sektum allt að 5000 krónur, og runnu þær í sjóð Tannlæknafélags Íslands.16)

Tímabilið 1927-1945 var mótunarskeið í sögu tannlækninga og samtaka tannlækna og tannsmiða. Tannlæknafélag Íslands var stofnað 1927, lög fyrir það tóku gildi og þar voru samþykktar síðareglur fyrir tannlækna. Félagið hóf útgáfu Árbókar 1937, og kom hún út á þriggja ára fresti. Lög um tannlækningar á Íslandi tóku gildi 1929. Tannsmiðafélag Íslands var stofnað 1941, og Tannlæknafélagið og Tannsmiðafélagið gerðu með sér samning, sem tók gildi í ársbyrjun 1943. Með honum var lagður grundvöllur að samstarfi tannsmiða og tannlækna. Skólatannlækningar í kaupstöðum voru skipulagðar. Verulegur hluti þessara viðburða átti sér stað á tímabilinu 1929-1945. Þá voru einnig sett lög um tannlæknaeignu á Íslandi, en um þau, aðdraganda þeirra og framkvæmd fyrstu árin verður fjallað í næsta kafla.

TILVÍSANIR:

1. Alþt. 1928 (A), bls 582-584. Alþt. 1929 (A), bls. 205-208, (B) sp. 340-344.
2. Lög um tannlækningar, Félagsbréf Tannlæknafélags Íslands 1940, bls. 11-13.
3. Alþt. 1932 (B), sp. 1499-1508.
4. Félagsbréf Tannlæknafélags Íslands 1940, bls. 5-6.
5. S. st. bls. 6-9.
6. S. st. bls. 10.
7. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 5-7.
8. Vilmundur Jónsson: Greinargerð með frumvarpi til laga um tannlæknaeignu, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 8-15.
9. Oddný I. Yngvadóttir: Tannlækningar á Íslandi fram til 1941 (ópr. BA ritg.), bls. 19. Guido Bernhöft, sonur Vilhelms Bernhöfts, er heimildarmaður Oddnýjar.
10. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 29-35.
11. Thyra Loftsson: Um skólatannlækningar, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1940, bls. 18-23. Hallur L. Hallsson: Fyrirlestur, Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 24.
12. Björn Björnsson: Árbók Reykjavíkurbæjar 1945, bls. 25.
13. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 35-36.
14. Björn Björnsson: Árbók Reykjavíkurbæjar 1945, bls. 81.
15. Upplýsingar frá Tannsmiðafélagi Íslands, Íris Guðnadóttir formaður.
16. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 36-39.

V. Stofnun tannlæknadeildar Háskóla Íslands

Alþingi samþykkti lög um tannlæknaeignu á árinu 1941, lög nr. 44 frá 27. júní það ár. Lagasetningin átti sér nokkra forsögu, sem verður rakin áður en fjallað verður um frumvarpið 1941 og undirbúning þess.

Tannlæknar ræða tannlæknaeignu 1927

Hugmyndin um tannlæknaeignu á Íslandi mun fyrst hafa komið fram á fundi í **Læknafélagi Reykjavíkur** 14. febrúar 1927. Þar var tannlæknaeignu í Reykjavík fyrsta mál á dagskrá. Málshenjendur voru tveir, Brynjúlfur Björnsson tannlæknir og

Gunnlaugur Claessen læknir. Brynjúlfur flutti á fundinum erindi, sem hann nefndi Tannlæknaeignsla og tannlæknaþörf. Hann benti á, að litlar líkur væru á fjölgun tannlækna á Íslandi á næstunni og væri þörfin þó ærin. Orsakir þessa taldi Brynjúlfur vera þær, að tannlæknanemar yrðu að stunda nám sitt erlendis og væri þetta nám allsstaðar mjög kostnaðarsamt. Auk þessa væru inntökuskilyrði í tannlæknskóla víða mjög ströng. Tannlæknskólinn í Kaupmannahöfn tæki til dæmis 35 nemendur annað árið og 40 nemendur hitt árið. Námsstíminn var tvö ár. Aðsókn að skólanum var mikil, oft bárust um 150 umsóknir ár hvert. Mörgum varð því að vísa frá skólavist.

Brynjúlfur Björnsson lagði eftirfarandi tillögur til úrbóta fyrir fundinn.

„1. Ríkisstjórnin verður að útvega góða og tryggja námsstaði erlendis handa tannlæknaefnum.

2. Ríkissjóður verður að styrkja þau til náms, eins og stúdentar og dýralæknaefni eru styrktir við aðrar námsgreinar.

3. Það verður sem bráðast að gera gangskór að því, hvort ekki séu tók á því að koma á fót tannlæknaeignsli í landinu.“1)

Gunnlaugur Claessen tók undir hugmynd Brynjúlfs og með þeim rökum, að tannlæknaþjónusta væri svo dýr, að efnamenn einir gætu nýtt sér hana, en tannlæknafeðin væri orsök þessa. Gunnlaugur Claessen upplýsti, að Rauði krossinn áformaði að koma á fót tannlæknastofu í Reykjavík ef efnin leyfðu.

Frummælendur báru fram eftirfarandi tillögu að framsöguræðum loknum:

„Fundurinn telur nauðsynlegt, að kennsla í tannlækningum komist á hér á landi, vegna erfiðleika á að sækja slíkt nám erlendis, og leyfir sér að skora á dóms- og kirkjumálaráðuneytið að athuga, í samráði við landlækni, Læknadeild Háskólans og fulltrúa tannlækna, hvort ekki muni tímabært að koma á tannlækningakennsli í Reykjavík.“

Talsverðar umræður urðu eftir að frummælendur höfðu lokið máli sínu, og skiptust ræðumenn í tvo hópa. Nokkrir þeirra voru hlyntir tannlæknaeignsli á Íslandi og er athyglisvert, að lækna voru einu talsmenn þess sjónarmiðs auk Brynjúlfs Björnssonar, Guðmundar Hannessonar, Guðmundar Thoroddsen, Sæmundar Bjarnhéðinssonar og Þórðar Sveinssonar.

Guðmundur Hannesson taldi vafasamt, að unnt yrði að koma á fót sæmilegri kennsli í tannlækningum í Reykjavík, en auk þess bæri nauðsyn til, að almennir lækna lærðu svo mikið í tannlækningum, að þeir gætu annast einfaldar tannaðgerðir.

Guðmundur taldi nauðsyn á að launa tannlækna í starfi utan þéttbýlis af opinberu fé. Guðmundur Thoroddsen lagði til, að fundurinn kysi nefnd til að fjalla um mál þetta, og studdi Sæmundur Bjarnhéðinsson þá tillögu. Guðmundur Thoroddsen lét í ljós nokkurn ótta um, að aðsókn að tannlæknskóla í Reykjavík yrði of ör ef til stofnunar hans kæmi. Þórður Sveinsson kvað löngu sannað, að kenna mætti almenna læknafræði á Íslandi með góðum árangri og yrði vafalaust hið sama uppi á teningnum um tannlæknaeignsli. Tveir tannlækna tóluðu á fundinum auk Brynjúlfs Björnssonar, Hallur L. Hallsson og Páll Ólafsson.

Hallur taldi nauðsynlegt að athuga líffskilyrði fyrir tannlækna áður en ráðist væri í stofnun tannlæknskóla, ólíft væri fyrir tannlækna utan Reykjavíkur. Hann taldi tilgangslaut að fjölga tannlæknum nema að aðstæður breyttust. Páll Ólafsson taldi ekki skilyrði fyrir hendi til að stofna tannlæknskóla á Íslandi. Niels Dungal læknir virðist hafa verið svipaðrar skoðunar og Páll. Hann taldi hæpið að stofna til tannlæknaeignsli á Íslandi, heppilegra væri að koma tannlæknaeignsli í skóla erlendis. Dungal óttaðist, að tannlæknum fjölgaði of hratt ef tannlæknaeignsli yrði tekin upp hér á landi. Hann benti á, að háskólakennarar væru störfum hlaðnir fyrir og ættu því óhægt um vik með að taka á sig meiri vinnu. Dungal taldi réttmætt að styrkja tannlæknaefni til náms erlendis.

Fundurinn kaus eftirtalda menn í nefnd til að íhuga mál þetta: Vilhelm Bernhöft, Brynjúlf Björnsson, Gunnlaug Claessen, Matthías Einarsson og Niels Dungal.2) Nefndin skilaði álit á félagsfundi 14. mars 1927. Hún klofnaði í afstöðu sinni, og mynduðu þeir Vilhelm, Brynjúlfur, Gunnlaugur og Niels meirihluta og Matthías minnihluta. Meirihlutinn lagði eftirfarandi tillögu fyrir fundinn:

„Vegna þess að tilfinnanleg vöntun er á tannlæknum hér á landi, og þar eð íslenskir tannlæknanemar eiga hvorki greiðan aðgang að tannlæknskólum erlendis, né njóta styrks til námsins af opinberu fé, skorar Læknafélag Reykjavíkur á ríkisstjórnina að útvega tryggja námsstaði ytra, en hlutast jafnframt til um, að tekinn verði á næstu fjárlög námsstyrkur handa íslenskum tannlæknaeignsli.“

Ennfremur skorar félagið á ríkisstjórnina að rannsaka, í samráði við landlækni, Læknadeild Háskólans og fulltrúa tannlækna, hvort ekki muni tímabært að koma á fót tannlæknaeignsli í Reykjavík.“

Gunnlaugur Claessen mælti fyrir tillögu meirihlutans, en Matthías Einarsson fyrir minnihlutaálitinu. Það var svohljóðandi:

„Læknafélag Reykjavíkur skorar á landsstjórnina að hlutast til um að ákveðinn verði í næstu fjárlögum námsstyrkur handa tannlæknaeignsli og þeim tryggðir námsstaðir erlendis.“

Ennfremur skorar félagið á landsstjórnina að rannsaka, í samráði við landlækni, læknadeild Háskólans og fulltrúa tannlækna, hvort ástæða sé til að auka tannlækningakennsli við Háskólann, eða koma á fót tannlæknskóla í Reykjavík.“3)

Tillaga Matthíasar var felld, en tillaga meirihlutans var síðan samþykkt samhljóða. Fátt ber á milli í tillögunum. Tillaga Matthíasar gerir ráð fyrir því, að kannað verði hvort ástæða sé til að auka tannlækningakennsli við Háskólann, vafalaust í tengslum við almenn tannlæknafræði. Meirihluti nefndarinnar virðist fremur hafa kosið, að tannlækningar yrðu eflar sem sérgræin en að þörfin fyrir tannlæknaþjónustu yrði leyst með bættri menntun almennra lækna á þessu sviði.

Leitað á náðir Dana

Ályktun fundarins var send Magnúsi Guðmundssyni dóms- og kirkjumálaráðherra. Ráðuneytið ritaði landlækni bréf 4. maí og óskaði eftir umsögn hans um þetta erindi. Svarbréf landlækna er dagsett 1. október. Hann leggur til, að reynt yrði að fá skólavist fyrir 2-3 Íslendinga á ári hverju við tannlæknskólann í Kaupmannahöfn og að tekinn yrði upp í fjárlögum styrkur til tannlæknaeignsli. Jónas Jónsson hafði tekið við starfi dóms- og kirkjumálaráðherra haustið 1927. Hann ritaði landlækni 17. október og skýrði frá því, að dr. Kragh hefði á fundi dansk-íslensku nefndarinnar 1927 lýst því yfir fyrir hönd stjórnarinnar, að gera mætti ráð fyrir því, að einn Íslendingur yrði tekinn í tannlæknskólann í Kaupmannahöfn ár hvert.4)

Lausleg athugun á námstíma íslenskra tannlækna við tannlæknskólann í Kaupmannahöfn 1928-1939 bendir til þess, að fyrrnefndur kvóti hafi verið nýttur að fullu. Óvíst er á hinn bóginn um opinbera styrki til tannlæknaeignsli á fyrrnefndu tímabili.

Guðmundur Björnsson landlæknir fékk lausn frá embætti 1931. Vilmundur Jónsson varð eftirmaður hans. **Jón Sigtryggsson**, síðar prófessor í tannlækningum, lauk prófi í læknafræði vorið 1937. Hann leitaði ráða hjá landlækni um framhaldsnám í læknafræði. Jón fór utan haustið 1937 og var vistaður til eins árs sem námskandidat við Viborg amts- og bys sygehus. Um veturinn fékk Jón bréf frá landlækni. Þar kvað Vilmundur vera sæmilega séð fyrir læknaþörf á Íslandi, en tannlæknafræði væru fáir í landinu og að sögn héraðslækna og bæjarlækna ríkti hér hið mesta ófremdarástand í þeim málum. Jón fór þá að kynna sér tannlæknafræði. Lyktir urðu þær, að hann hóf nám við tannlæknskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan prófi eftir þrjú misseri. Jón hugði á framhaldsnám í Þýskalandi, en þá skall heimsstyrjöldin síðari á og kom í veg fyrir þá fyrirætlan. Til Íslands kom Jón síðla árs 1940 um Petsamo og hóf hér störf.5)

Minnt skal á, að tannlækningar höfðu verið kenndar við Læknaeignsli og síðar læknadeild Háskólans frá því að **Vilhelm Bernhöft** kom til starfa á Íslandi 1896, svo sem getið var um í 3. kafla hér að framan. Þar var læknaeignsli kennt að draga út tennur og fylla í tennur, en ekki hinar flóknari aðgerðir. Læknaeignsli höfðu haldið opinni stofu á skólatíma um allan árabíl fyrir 1940. Þar gat fólk fengið ókeypis tannlæknaþjónustu.6) Vilhelm Bernhöft hafði umsjón með tannlækningum læknastudentanna. Starfsemi þessi hefur vafalítið hafist þegar Vilhelm Bernhöft hóf hér kennsli eða skómmu síðar, enda hafa

læknanemarnir þurft á æfingu að halda á þessu sviði.

Frumvarp um tannlæknaþjónustu við Háskóla Íslands

Ummæli Jóns Sigtryggssonar sýna, að Vilmundur Jónsson landlæknir taldi tannlækningar vera Akkillesarhæl læknaþjónustunnar á Íslandi og reyndi að ráða bót á því ástandi með því að beina lækunum inn á það svið. Þetta bar stundum árangur, en vandinn leystist þó ekki, of fáir læknar hófu sérnám í tannlækningum til að svo mætti verða. Ekki batnaði útlitið þegar heimsstyrjöldin síðari skall á haustið 1939. Þá tók fljótlega fyrir allar samgöngur til Danmerkur og Þýskalands, en flestir tannlæknar höfðu stundað nám sitt í þessum löndum. Þetta mun hafa sannfært landlækni um, að brýna nauðsyn bæri til að taka upp tannlæknaþjónustu hér heima. Hann hóf að undirbúa frumvarp til laga um slíka þjónustu síðla árs 1940. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi vorið 1941. Vilmundur Jónsson landlæknir, sem var þ.m. Norður-Ísafjarðarsýslu, var sjálfur flutningsmaður þess. Hér verða rakin efnisatriði frumvarpsins og getið inntaks fylgiskjala og greinargerðar. Frumvarpið var lagt fram í neðri deild.

Stofnað skyldi til tannlæknaþjónustu við læknadeild Háskóla Íslands (1. gr.). Stúdentar, sem vildu leggja stund á tannlæknaþjónustu og ljúka tannlæknaþrófi, skyldu hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Tilhögun kennslunnar skyldi að öðru leyti vera ákveðin í reglugerð (2. gr.). Sérstakur dósent skyldi skipaður við læknadeildina til að annast þjónustu í tannlækningum. Einnig skyldi ráðinn tannsmiður að deildinni í þessu skyni, en aukakennsla var heimilt að fela stundakennurum. Dósent þessi skyldi njóta sömu réttinda og aðrir dósentar Háskólans. Ráðuneytinu bar að ákvarða tannsmið og stundakennurum laun, og skyldu þau greidd úr ríkissjóði (3. gr.). Lögin skyldu öðlast gildi þegar í stað (4. gr.).

Ítarleg greinargerð fylgdi frumvarpinu. Þar er fyrst vikið að tannskemmdum á Íslandi, tannlæknafræði og hindrunum á vegi þeirra manna, sem stunda vildu nám í tannlækningum. Drepið var á þessi atriði hér að framan og skal það ekki endurtekið.

Síðan vikur landlæknir að athugun frá síðastliðnum vetri á því hvort tiltækilegt væri að hefja hér tannlæknaþjónustu, en

niðurstöður hafi verið þær, að þetta sé kleift og þannig,

- „að tannlæknaefnum verði séð fyrir staðgóðri fræðislu og vel menntaðri tannlæknaþjónu komið upp í landinu,

- að kostnaður við það þurfi ekki að verða úr hófi fram,

- að hinni óeðlilegu aðsókn að almennu læknanámi verði beint að tannlæknanámi,

- að ekki þurfi að óttast offjölgun tannlækna.“

Þessar niðurstöður eru rökstuddar í greinargerðinni með frumvarpinu. Þar kemur fram, að Tannlæknafréttir höfðu látið í ljós ótta um, að erfitt yrði að fá nægilega marga hæfa kennara til að annast þjónsluna. Játað er í greinargerðinni, að fyrst um sinn yrðu engin tók á að skipta kennslunni á milli jafnmarga sérfræðinga og tíðkist erlendis. Hinu sama sé raunar til að dreifa um læknaþjónsluna, sem hafi eigi að síður ætíð gefið góða raun, enda hafi íslenskir læknakandidatar sýnt, að þeir stæðu erlendum stéttarbræðrum á sporði um flest. Upplýst er, að Jón Sigtryggsson áætli stofnkostnað vegna tannlæknaþjónustu 30.000 krónur og árlegan reksturskostnað 17.000 krónur. Þetta var talsvert lægri upphæð en Tannlæknafréttir gerði ráð fyrir, en þar var stofnkostnaður áætlaður 40.000-45.000 krónur og árlegur reksturskostnaður 24.000 krónur. Tannlæknafréttir gerði ráð fyrir, að tveir fastráðnir kennarar störfuðu við tannlæknaþjónsluna, en Jón Sigtryggsson taldi einn fastráðinn kennara nægja. Áætlun Tannlæknafréttisins er í greinargerðinni talin vera sáemileg trygging þess, að áætlun Jóns Sigtryggssonar væri við hæfi, enda hafi Tannlæknafréttir ekki gert ráð fyrir því, að neitt yrði til sparað. Játað er á hinn bóginn, að tilkostnaður á nemanda í tannlæknaþjónu yrði allhár, en tannlæknaþjónsla hér ætti aftur á móti að tryggja, að námið yrði miðað við íslenskar aðstæður og að ekki yrði hættulegur skortur á tannlæknum í landinu þegar tímar liðu. Þess er vænst, að einhverjir stúdentar kjósi að leggja stund á tannlækningar eftir að hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði og ætti þetta að vinna gegn of mikilli aðsókn að almennri læknisfræði. Fram kemur, að leitað hafði verið áhlits stúdenta í læknisfræði og að þeir hafi verið hlyntrir því, að stofnað yrði til tannlæknaþjónslu við deildina, ekki sist af síðastnefndri ástæðu. Talið er koma til álita, að einhverjir kjósi að ljúka prófi í tannlækningum til viðbótar prófi í læknisfræði. Slíkt er sagt bæta úr tvöfaldr þörf, tannlæknar þessir gætu sinnt tannlæknaþjónu og þeir gætu einnig verið staðgenglar héraðslæknisins þar, en héraðslæknar væru yfirleitt mjög stórfum hlaðnir. Ótti við offjölgun tannlækna er talinn vera óþarfur með öllu, náminu væri ætlað að taka langan tíma og nauðsynlegt væri að takmarka aðsókn að tannlæknaþjónu miðað við húsakost og tæki, en þau væru miðuð við, að fjórir nemendur stunduðu þetta nám samtímis. Ættu því fjórir tannlæknar að útskrifast annaðhvort ár eða tveir tannlæknar á ári. Tekið er fram, að frumvarpið hefði verið unnið í samráði við læknadeild Háskólans, og hefðu prófessorarnir Guðmundur Thoroddsen og Niels Dungal unnið að undirbúningi þess í samvinnu við landlækni.

Vitnisburður fylgiskjala

Frumvarpinu fylgdu sex áhlitsgerðir og fyrirlestur, sem Hallur L. Hallsson tannlæknir flutti á fundi í Tannlæknafréttir Íslands í janúarmánuði 1941. Fimm áhlitsgerðanna eru dagsettar á tímabilinu 5. febrúar til 5. apríl 1941 og gefa þessar dagsetningar til kynna, að frumvarpið var fullmótað í öndverðum febrúarmánuði. Áhlitsgerðir þessar voru frá Félagi læknanema, Háskóla Íslands, Læknadeild Háskólans, Læknafréttir Reykjavíkur, Tannlæknafréttir Íslands og Jóni Sigtryggssyni. Síðastalda áhlitsgerðin er ekki dagsett. Allir þessir aðilar voru sammála því, að tannlæknaþjónsla yrði tekin upp hér á landi, Tannlæknafréttir lét að visu í ljós ugg um, að erfitt yrði að manna þjónsluna og að hún yrði dýrari en landlæknir hafði talið. Þetta kom fram hér á undan. Þar var einnig vikið að áhlitsgerð Jóns Sigtryggssonar, en ástæða þykir þó til að staldra frekar við tvö atriði í henni, skipan námsins og áætlun um stofn- og reksturskostnað.

Jón gerir ráð fyrir því, að stúdentar hefji nám í tannlækningum eftir að þeir höfðu lokið miðhlutaprófi í læknisfræði. Námsstíminn í tannlæknaþjónu skyldi vera tvö ár, það er fjögur misseri. Þá skyldi 560 stundum á tveimur árum varið til æfinga í tannfyllingu, 816 stundum á tveimur árum til æfinga í tannsmíði, 240 stundum til æfinga í krónu- og brúargerð og tannréttingu, 160 stundum til æfinga í munnsjúkdómagaðgerðum, 128 stundum til fyrirlestra um tannsjúkdóma, 64 stundum til fyrirlestra um krónu- og brúargerð og tannréttingar, 64 stundum í fyrirlestra um munnsjúkdóma, 64 stundum í fyrirlestra um almennar handlækningar, 16 stundum í fyrirlestra um áhalda- og efnafæði, 16 stundum í fyrirlestra um röntgenfræði, 64 stundum í munnsjúkdómavíttjun og 64 stundum í tannsjúkdómavíttjun. Samtals eru þetta 2256 stundir á tveimur árum. Jón telur, að einn fastráðinn kennari og einn aukakennari muni anna þessari þjónslu ásamt tannsmið. Lagt er til, að tannsmiðurinn verði kona, enda geti hún jafnframt aðstoðað við dagleg störf á tannlækningastofu skólans.

Jón birtir eftirfarandi sundurliðaða áætlun um stofn- og reksturskostnað í áhlitsgerð sinni:

„Stofnkostnaður við fern tannlækningatæki:

1 röntgentæki	6300
1 sóthreinsunarofn 17" hitaður með rafm.	700
1 verkfæraskápur	400
4 stólar á kr. 2215	8860

4 borvélur, knúnar rafmagni, á kr. 1400	5600
4 hrákaskálar, á kr. 600	2400
4 hringborð, áföst stólum, á kr. 150	600
4 lampar, áfastir stólum, á kr. 60	240
24 tanntengur (Ash's), á kr. 40	960
6 fleygar á kr. 20	120
4 deyfingardælur á kr. 20	80
1 svæfingargríma	15
4 beinsköfur á kr. 8	32
4 sáraskókar á kr. 8	32
2 nálahaldarar á kr. 20	40
4 meitlar á kr. 6	24
4 Peans æðatengur á kr. 8	32
6 dúkaklemmur á kr. 8.50	51
4 hnífar á kr. 10	40
2 beinatengur á kr. 25	50
20 lyfjaglös með glertöppum, ca 250 gr á kr. 2	40
4 skæri á kr. 12	48
2 tunguhaldarar á kr. 20	40
1 gúmherslutæki fyrir 4 mót (gas)	400
1 kátsjúkpressa	60
2 fægivélur á kr. 700	1400
Ýmislegt	1436
Samtals	30000

Reksturskostnaður:

1. Laun	
a. Aðalkennari	6000
b. Aukakennari	3600
c. Tannsmíðar	3600
	13200
2. Fyrning og viðhald áhalda	3000
3. Ýmislegt	800
Samtals	17000"

Stofnkostnaður hefur því verið áætlaður jafn árslaunum fimm dósenta og árlegur reksturskostnaður tæplega þrjú árslaun dósents. Aðalkennarinn skyldi bera dósentstítil. Árslaun hans voru 6000 krónur.

Hallur Hallsson og tillögur hans

Hallur L. Hallsson vék í upphafi fyrirlesturs síns að ástandi í tannlækningum á Íslandi, sem hann kvað vera mjög bágborið. Hann taldi tvær leiðir koma til álitu til að ráða bót á því. Önnur var sú, að Alþingi samþykkti lög um tannlæknishéruð víðs vegar um landið, þar sem ekki væru skilyrði fyrir tannlækna að lifa af einkarekstri, og veitti tannlæknum þeim, sem settust að í þessum héruðum, styrk til verkfærakaupa og hæfileg laun. Hin leiðin væri sú, að bæjar- og hreppsfélög sameinuðust um að ráða tannlækni til starfa og þá með sérstöku tilliti til skólatannlækninga. Þessa síðari leið taldi fyrirlesari vera torveldari í framkvæmd, enda væru sveitarfélög mjög misjafnlega stæð fjárhagslega. Hann taldi ekki koma til álitu að leysa tannlæknaþörf úti um land með umferðatannlækningum líkt og augnlæknar gerðu, til þess væru tannlækningar of tímafrekar og tæki tannlækna of margbrotin, þung og ill viðureignar í flutningum á landi með þeim farartækjum, sem tíðkuðust á Íslandi. Hallur lagði til, að sveitarfélög sameinuðust um að ráða tannlækna til að annast skólatannlækningar og greiddu þeim tiltekna upphæð á hvert skólabarn. Auk þessa yrði tannlækningum tryggð aðstaða á hverjum stað, til dæmis herbergi í skólahúsinu, og þar yrði komið fyrir þeim tækjum, sem erfiðast væri að flytja, stól, skáp, skolskál og borvél, ef rafmagn væri á staðnum. Þessi skipan ætti að tryggja tannlækni nægar tekjur til lífsupplendis að viðbættum tekjum af einkarekstri. Hallur skipti landinu í sjö tannlæknishéruð. Múlasýslur og jafnvel Hornafjörður skyldu mynda eitt tannlæknishérað og tannlækningarinn sitja á Seyðisfirði. Tannlækni fyrir Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu skyldi sitja á Sauðárkróki, tannlækni fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu á Selfossi, tannlækni í Gullbringusýslu í Keflavík, tannlækni í Þingeyjarsýslu á Húsavík, tannlækni fyrir Barðastrandar- og Vestur-Ísafjarðarsýslu á Bildudal og tannlækni fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Borgarnes í Stykkishólmi. Hallur L. Hallsson játar, að þessi skipan leysti ekki vanda allra byggðarlaga. Hann taldi íbúa Borgarfjarðarhéraðs geta samið um tannlækniþjónustu við tannlækninginn á Akranesi, íbúa Kjósarsýslu við tannlækni í Reykjavík eða Hafnarfirði, tannlækninginn á Ísafirði gæti þjónað Norður-Ísafjarðarsýslu og tannlækni á Akureyri eða Siglufirði Eyjafjarðarsýslu. Þá voru ótalin nokkur strjálbyggð héruð með erfiðar samgöngur, Strandasýsla og Skaftafellssýslur (og væntanlega Dalasýsla). Þar yrði ríkissjóður

að hlaupa undir bagga, ef ríkið kysir þá ekki að skipa tannlæknamálum að fullu, til dæmis með því að skipta landinu í tannlæknahefð með sama sniði og læknihefðin væru.

Fyrirlesari kvað vanta tannlækna í öll þau umdæmi, sem hann hafði gert tillögu um, að stofnuð yrðu. Enginn hafði byrjað á tannlæknanámi frá því að heimsstyrjöldin skall á og óvist að svo yrði á meðan hún stæði yfir og næstu 4-5 ár eftir lok hennar. Ríkisstjórnin yrði að gera einhverjar ráðstafanir til að mæta þörfinni fyrir tannlækningar. Hallur kveðst hafa frétt af áformum landlæknis að stofna til tannlæknaeignu hér heima, en lét í ljós ugg um, að ekki væru tiltækir nægilega hæfir menn til að annast hana.7)

Hraðferð í gegnum Alþingi

Frumvarpið til laga um tannlæknaeignu kom svo seint fram, að leita þurfti afbrigða til að fá það tekið á dagskrá. Afbrigðin voru veitt. Vilmundur Jónsson mælti sjálfur fyrir frumvarpinu. Landlæknir var mjög stutturður, lét nægja að vísa til greinargerðar og fylgiskjala og kvað þar að finna svör við öllum þeim spurningum, sem máli skiptu. Aðeins einn maður tók til máls við fyrstu umræðu, Helgi Jónasson læknir og 2. þm. Rangárvallasýslu. Hann taldi frumvarpið bæta ástandið ef að lögum yrði, en ekki leysti það þó allan vanda. Helgi dró í efa, að tannlæknar fengjust til starfa út um land fyrr en þeir yrðu orðnir af margir í Reykjavík eða kaupstöðum. Nauðsyn bæri til að létta álagi af héraðslæknium, en sumir þeirra hefðu ekki komist í leyfi árum saman. Kostnaðaráætlunina taldi Helgi vera hóflega.

Frumvarpið var lagt fram í neðri deild. Það rann í gegnum deildina. Afbrigði voru veitt við allar umræður, enginn tók til máls við aðra og þriðju umræðu. Deildin samþykkti frumvarpið samhljóða til efri deildar. Þar mælti Ingvar Pálmason, 2. þm. Suður-Múlasýslu, fyrir frumvarpinu, kvað kennara tiltæka og benti á, að hér væri ekki einvörðungu um metnaðarmál að ræða. Leið frumvarpsins í gegnum efri deild var jafngreið og í gegnum neðri deild, afbrigði voru veitt við allar umræður og enginn tók til máls. Deildin samþykkti frumvarpið samhljóða við þriðju umræðu og sem lög frá Alþingi.8) Engin breyting var gerð á ákvæðum þess.

Tannlæknaeildin tekur til starfa

Alþingi afgreiddi lögin um tannlækningar með hraði vorið 1941. Því hefði mátt ætla, að tannlæknaeignu hæfist þegar um haustið 1941. Sú varð ekki raunin. Guðmundur Hraundal telur orsökina hafa verið þá, að eitthvað hafi skort til starfseminnar, en aðalástæðan hafi þó verið sú, að nemendur vantaði. Læknastúdentar, sem lokið höfðu miðhlutaprófi, kusu fremur að ljúka prófi í læknisfræði en að skipta yfir í tannlækningar eins og landlæknir hafði vænst. Skriður komst á málum sumarið 1944. Hinn 1. ágúst var Jón Sigtryggsson skipaður dósent í tannlækningum og Guðmundur Hraundal ráðinn tannsmiður við tannlæknaeild innan læknadeildar. Jón (f. 10. apríl 1908) hafði lokið kandidatsprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands 1937 og tannlæknafrófi frá tannlæknaeignu í Kaupmannahöfn í desember 1939. Guðmundur Hraundal (f. 23. júlí 1914) nam tannsmiðar hjá Halli L. Hallssyni og vann síðan hjá honum og Birni Br. Björnssyni um skeið. Guðmundur hóf nám 1935. Hann stundaði nám við læknadeild 1938-1939 og fékk skólavist við tannlæknaeignu í Kaupmannahöfn 1939. Hann sótti þá um gjalddeyrslisleyfi, en umsókninni var hafnað. Þetta tafði Guðmund, hann var enn hér heima þegar heimsstyrjöldin síðari skall á og það tók fyrir siglingar milli Íslands og Danmerkur.9)



Jón Sigtryggsson, prófessor, f. 10. apríl 1908, d. 11. febr. 1992.

Kennsla hófst í janúarlök 1945 og lýsir Guðmundur Hraundal þeim viðburði svo: „Svo var það einn heiðskíran vetrardag (31. janúar 1945) að próf. Jón (Sigtryggsson) boðaði mig og hina fyrstu nemendur upp í tannlæknaeild í háskólanum, og er mér það enn í fersku minni. Þarna sátu þeir fyrir framan okkur þessir þrír fyrstu nemendur, meðan Jón útskýrði þeim námið í öllum aðalatriðum og tilhögun þess. Einn þeirra var **Ólafur Thorarensen**, sem ég þekkti áður, hafði kynnst honum tvö undanfarin sumur á Hólmavík, þar sem hann var „vikar“ fyrir héraðslækninn þar, en Ólafur hafði lesið læknisfræði og var mjög vel látinn af sjúklingum sínum og duglegur í ferðum norður á Strandir (Árnes þar sem hann var um tíma). Hinn annar var stuttur og hnellinn og snéri trúlofunarhring sinnar elskulegu í gríð og erg um baugfingurinn ýmist rangsælis eða réttisælis, svolítið var hann hás í tali, annars leist mér gæfulega á manninn. Þarna var kominn **Þorsteinn Ólafsson** (Þorsteinssonar læknis). Sá þriðji var smámæltur og auðheyranlega norðlenskur. Meir en meðalmaður á hæð, þrekinn nokkuð, rauður í kinnum og þó skarpholda í andliti. Hér var kominn **Baldvin Ringsted**, skáld frá Grenivík, og sagði oftast jamm og saug upp í nefið. Eftir um klukkustundar samræður þarna inni á klínikkinni risu menn úr sætum, og þar með var settur Tannlæknaeignu Íslands í fyrsta sinn.“10)

Heimildir benda til þess, að Vilmundur Jónsson hafi haft í huga allt frá vetrinum 1940-1941 að fá þá Guðmund Hraundal og Jón Sigtryggsson til starfa við tannlæknaeildina. Jón Sigtryggsson hefur skýrt frá því, að Vilmundur landlæknir hafi spurt sig skömmu eftir komuna frá Petsamo, hvort Jón vildi taka að sér kennslu í tannlækningum ef til yrði stofnað. Jón kveðst hafa hikað við, en hafi nokkru síðar gengið á fund landlæknis og gefið jákvætt svar. Guðmundur Hraundal kveður landlækni hafa spurt sig hvort hann vildi taka að sér kennslu í tannsmíðum þegar þeir hittust á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis sumarið 1941. Ekkert var þó fastmælum bundið, en í ágústmánuði 1944 frétti Guðmundur, að hann hefði verið ráðinn til að kenna tannsmiðar við tannlæknaeildina.

Kennslan fór fram á efstu hæðinni í norðurenda háskólabyggingarinnar. Gluggar vissu á móti vestri. Nemendurnir þrír útskrifuðust sem tannlæknar 1947.11)

Unnið mun vera að ritun sögu tannlæknaeildar á vegum deildarinnar og verður því hér látið staðar numið.

TILVÍSANIR:

1. Brynjúlfur Björnsson: Tannlæknaeignu og tannlæknaþörf, Læknablaðið 1927, bls. 25-32.
2. Fundargerðin er prentuð í Læknablaðinu 1927, bls. 45-46.
3. Læknablaðið 1927, bls. 72-73.
4. Skjalasafn landlæknis, þí.
5. Jón Sigtryggsson: Forsaga þess, að stofnað var til kennslu í tannlækningum á Íslandi, Harðjagl, mars 1974, bls. 21-23.
6. Guðni Jónsson: Saga Háskóla Íslands, bls. 111.
7. Frumvarpið er prentað ásamt fylgiskjölum í Árbók Tannlæknafélags Íslands 1943, bls. 7-28.
8. Alpt. 1941 (B), sp. 124-127.

9. Guðmundur Hraundal: Stofnun tannlæknadeildar og fleira, Harðjahl, janúar 1965, bls. 2-6. Sami: Viðtal, Harðjahl, mars 1974, bls. 72-75. Lárus H. Blöndal og Vilundur Jónsson: Læknar á Íslandi (Rvík 1970), I. bls. 447. Jón Sigtryggsson: Forsaga þess, að stofnað var til kennslu í tannlækningum á Íslandi, Harðjahl, mars 1974, bls. 21-22.
10. Guðmundur Hraundal: Stofnun tannlæknadeildar og fleira, Harðjahl, janúar 1965, bls. 6.
11. Jón Sigtryggsson: Forsaga þess, að stofnað var til kennslu í tannlækningum á Íslandi, Harðjahl, mars 1974, bls. 21-22. Guðmundur Hraundal: Stofnun tannlæknadeildar og fleira, Harðjahl, janúar 1965, bls. 4.

VI. Tannlækningar á Íslandi 1946-1994

Lögin um tannlækningar frá 1929 með breytingu frá 1932 stóðu lengi við makt. Frumvarp til nýrra laga var lagt fram á Alþingi 1974, en varð ekki útrætt. Nýtt frumvarp var lagt fram á þinginu 1984-1985 og átti að þessu sinni greiða leið í gegnum þingið, lög nr. 88 frá 12. júní 1985. Hin nýju lög eru mjög frábrugðin lögum frá 1929 og sýna, að ýmis byrjunarvandkvæði, einkum hinn mikli skortur á tannlæknum, höfðu verið yfirunnin. Þykir því við hæfi að rekja helstu ákvæði hinna nýju laga. Réttur til að stunda tannlækningar á Íslandi og titla sig tannlækni var bundinn við leyfi frá heilbrigðisráðherra. Skyld var að veita manni, sem lokið hafði prófi frá tannlæknadeild Háskólans, slíkt leyfi að fenginni umsögn tannlæknadeildar. Heimilt var heilbrigðisráðherra að synja um leyfi til tannlækninga ef umsögn deildarinnar var neikvæð. Einnig var heimilt að veita manni tannlækningaleyfi, sem hafði lokið sambærilegu námi að mati tannlæknadeildar, en undir slíkum kringumstæðum gat deildin sett það skilyrði með meðmælum sínum, að viðkomandi sannaði getu sína með prófi. Erlendir umsækjendur skyldu einnig sanna fullnægjandi kunnáttu í íslenskri tungu. Auk þessa bar að fara að milliríkjasamningum um gagnkvæm réttindi til tannlækninga ef slíkir samningar voru í gildi. Heimilt var að synja um tannlækningaleyfi ef viðkomandi hafði gerst brotlegur við 68. gr. hegningarlaga.

Óheimilt var tannlækni að kalla sig sérfræðing nema að fengnu leyfi heilbrigðisráðherra. Hann skyldi setja reglur um nám sérfræðinga, en sérstök nefnd skyldi semja þær. Hún skyldi einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndina skipuðu deildarforseti tannlæknadeildar, sem var formaður, annar yfirtannlæknir heilbrigðisráðuneytis og fulltrúi, tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

Verksvið tannlækna tók til varna, greiningar og meðferðar á tannskemmdum, tannskekku og tannleysi og sjúkdómum, slysum og göllum, sem tengdust þessu meðal annars í mjúkvefjum og beinum. Tannlæknum bar að fara að lyfjalögum um lyfjaávisanir. Þeim var heimilt að hafa aðstoðarfólk, en um sérhæft aðstoðarfólk skyldi farið að lögum um sérmenntaðar heilbrigðisstéttir. Aðstoðarfólk skyldi ætíð starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlæknis, því var óheimilt að taka að sér sjálfstæð verkefni á sviðum, sem féllu undir tannlækningar. Tannlæknar og sérhæft aðstoðarfólk þeirra skyldu hafa einkarétt á að stunda tannlækningar.

Tannlækni bar að gæta þagnarskyldu um atriði, sem hann fékk vitneskju um í starfi og leynt áttu að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Samskonar þagnarskylda hvíldi á aðstoðarfólki. Þagnarskylda hélst þótt tannlæknir eða aðstoðarfólk léti af starfi. Tannlækni var óheimilt að auglýsa starfsemi sína sem slíkur. Þó var heimilt að auglýsa opnun tannlæknastofu með látlausri auglýsingu, sem birta mátti þrisvar sinnum hið mesta. Tannlæknum og stéttarfélagi tannlækna bar að vinna gegn því að greinar, samtöl eða ummæli um starfsemina væru birt í blöðum eða tímaritum í auglýsingaskyni. Undir slíkum kringumstæðum bar tannlækni eða stéttarfélaginu að leiðrétta eins fljótt og auðið var það sem ofmælt var. Landlækni bar að áminna tannlækni, sem vanrækti skyldur sínar, fór út fyrir verksvið sitt eða braut í bága við fyrirmæli heilbrigðislaganna. Undir slíkum kringumstæðum skyldi landlæknir skýra heilbrigðisráðuneytinu og Tannlæknafélaginu frá áminningunni og tilefni hennar. Landlækni bar að kæra mál af þessu tagi til heilbrigðisráðherra ef áminningin bar ekki árangur. Ráðherra var þá heimilt að svipta viðkomandi tannlækningaleyfi, en gerðarþoli gat skotið þeim úrskurði til dómstóla.

Sérhverjum tannlækni bar að viðhalda þekkingu sinni. Landlækni bar að skýra heilbrigðisráðherra frá ef hann taldi einhvern tannlækni ekki uppfylla lengur þau skilyrði, sem honum bar að uppfylla. Þá bar ráðherra að leita álit tannlæknadeildar. Heimilt var að svipta viðkomandi tannlækni tannlæknisleyfi ef deildin féllt á álit landlæknis, en skjóta mátti þeim úrskurði til dómstóla. Tannlæknum bar að færa sjúkraskrár og var óheimilt að ónýta þær nema með leyfi heilbrigðisráðherra og að fengnum tillögum landlæknis. Brot gegn ákvæðum laganna um tannlækningar gátu varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi auk sviptingar tannlækningaleyfis. Ákvæði læknalaga nr. 80 frá 23. júní 1969 skyldu gilda um tannlækna og sérmenntað starfsfólk þeirra eftir því sem við átti.1)

Nemendur og kennarar tannlæknadeildar Háskóla Íslands 1951. Fremri röð fr. v.: **Jóhann Finnsson dósent**, Guðmundur Hraundal stundakennari, **Þórunn Clementz Þorkelsdóttir**, **Ólaf Helga Brekkan** og **Jón Sigtryggsson** prófessor. - Aftari röð fr. v.: **Örn Bjartmars Pétursson**, **Sigurbjörn Pétursson**, **Ólafur P. Stephensen**, **Jóhann Gunnar Benediktsson**, **Haukur Clausen**, **Grímur M. Björnsson**, **Kristján E. Gunnlaugsson** og **Páll Jónsson**.

Umræður á Alþingi

Matthías Bjarnason, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, fylgdi frumvarpinu til laga um tannlækningar úr hlaði á Alþingi veturinn 1984-1985. Framsögumaður gat fyrst um afdrif slíks frumvarps 1974, en vék síðan að ýmsu, sem gerst hafði í málinu á árunum 1974-1984. Allt horfði það til framfara. Tannlæknadeildin bjó orðið við stórbættan húsakost, Tanngarður (hús deildarinnar) var að komast í notkun, möguleikar höfðu myndast til að starfrækja skóla fyrir tannsmíði, tannlæknir hafði tekið til starfa í heilbrigðisráðuneytinu og hluti af



kostnaði vegna tannlækninga var greiddur úr ríkissjóði. Nokkrar umræður urðu um frumvarpið. **Stefán Benediktsson**, 8. þm. Reykjavíkur, taldi óeðlilegt, að tannlæknadeild yrði beðin um álitserð um menntun, sem menn höfðu aflað sér erlendis, réttindi í viðkomandi landi væru undir mörgum kringumstæðum eðlilegri viðmiðun. Ræðumaður varpaði einnig fram þeirri spurningu hvort allir þessir lagabálkar um sérréttindi til starfs væru ekki orðnir hálfgerð vandráðamál. **Davíð Aðalsteinsson**, 5. þm. Vesturlands, vildi auka kröfur um íslenskukunnáttu manna, sem fengju hér starfsréttindi af þessu tagi, en Stefán Benediktsson hafði látið í ljós efasemdir um mikilvægi þessa ákvæðis. Loks benti **Tómas Árnason**, 4. þm. Austurlands, á, að tannlæknaþjónustunni úti um land væri mjög ábótavant.

Matthías Bjarnason svaraði framkomnum athugasemdum. Hann kvað tannlæknaþjónustu á landsbyggðinni hafa stórbatnað með tilkomu heilsugæslustöðva, tannlæknum hefði fjölgað mikið síðustu árin og margir tannlæknar farið til starfa úti um land. Öðru máli gegndi um tannréttingar, enda kynnu margir tannlæknar ekki nægilega mikið til þess starfs. Tannréttingar væru einnig ekki jafn nauðsynlegar og tannlækningar, enda kæmi til álita, að „það sé að verða allt of mikið móðins að vera með þetta allt saman uppi í sér.“ Þá viðurkendi Matthías, að löggjafinn kynni að hafa gengið of langt í að setja lög um einkaleyfi til starfs, en tíðarandinn gengi í þessa átt.2)

Frumvarpið átti greiða leið í gegnum þingið, breytingar voru ekki gerðar á þeim ákvæðum, sem gerðar höfðu verið athugasemdir við. Lög þessi standa enn við makt (1995).

Stóraukin tannlæknaþjónusta

Starfandi tannlæknum fjölgaði úr 25 árið 1949 í 262 í febrúarmánuði 1995 og er þá miðað við tannlækna starfandi á Íslandi. Tannlæknar dreifðust einnig mun meira um landið 1995 en 1949 og að vonum. Annars má sjá þróunina í þeim efnun í eftirfarandi töflu:

Starfandi tannlæknar á Íslandi 1949-1995 eftir aðsetursstað

Aðsetursstaður	1949	1983	1989	1995
Reykjavík	20	123	137	160
Mosfellsbær	0	2	3	2
Akranes	1	4	3	3
Borgarnes	0	2	2	3
Ólafsvík	0	0	0	1
Grundarfjörður	0	1	0	0
Stykkishólmur	0	1	1	1
Búðardalur	0	0	1	1
Patreksfjörður	0	0	1	1
Bolungarvík	0	1	1	1
Ísafjörður	1	2	2	2
Hvammstangi	0	1	1	1
Blönduós	0	1	1	1
Sauðárkrúkur	0	2	3	3
Síglufjörður	0	1	1	2
Ólafsfjörður	0	1	1	1
Dalvík	0	1	1	2
Akureyri	2	14	16	19
Húsavík	0	3	2	2
Vopnafjörður	0	0	0	1
Egilsstaðir	0	1	1	3
Neskaupstaður	0	1	1	1
Eskifjörður	0	1	1	1
Fáskrúðsfjörður	0	0	0	1
Höfn	0	1	1	2
Vestmannaeyjar	0	2	2	4
Hvolsvöllur	0	1	1	1
Hella	0	1	1	1
Selfoss	0	3	5	4
Hveragerði	0	1	1	1
Þorlákshöfn	0	1	0	0
Grindavík	0	0	0	1
Keflavík	0	3	7	6
Hafnarfjörður	1	8	11	14
Garðabær	0	1	2	4

Kópavogur	0	5	5	8
Seltjarnarnesbær	0	0	3	3
Erlendis				12
Samtals	25	190	219	274

Taflan sýnir, að tannlæknaþjónustan úti um land hefur stórbatnað 1949-1983, en síðasta áratuginn hefur tannlæknum einkum fjölgað á hinum fjölmennari stöðum. Tannlæknaþjónustan tengist heilsugæslustöðvum allvíða úti um land. Þannig reka tveir tannlæknar stofu í tengslum við heilsugæslustöðvarnar á Ísafirði og Húsavík og í Borgarnesi, hverjum stað um sig, og einn tannlæknir í Ólafsvík, Búðardal, Patreksfirði, Bolungarvík og á Dalvík, Ólafsfirði, Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði og Höfn.3)

„Löngum var ég læknir minn“

Tannlæknar voru svo fáir og höfðu aðeins aðsetur í hinum fjölmennari byggðarlögum á fyrri hluta þessa tímabils, að íbúar annarra landshluta urðu að setja traust sitt á almenna lækna um tannlæknaþjónustu eða grípa til frumstæðari ráða. Höfundi þessarar ritsmíðar hefur verið greint frá því, að starfsmaður við bifreiðarverkstæði á Kópavogshálsi um 1950, Ásgeir Einarsson, hafi dregið úr sér tönn eða tennur með einhvers konar töng, flatkjöftu eða jafnvel naglbit. Þetta var áður en Brynjúlfur Dagsson læknir kom til starfa í Kópavogi 1956, en eftir það leitaði Ásgeir til hans.4) Kópavogur var ört vaxandi byggðarlag á þessum árum og í næsta nágrenni við Reykjavík, en þjónusta við íbúana var þar lík því sem gerðist í dreifbýlishreppum. Sjálfsgaetning hefur Ásgeir einnig horft í útgjöld og vinnutap þegar hann réðist í að framkvæma þessa aðgerð sjálfur.

Á áttunda áratugnum drógu héraðslæknar enn tennur úr fólki úti um land, jafnvel læknanemar, sem störfuðu við heilsugæslustöðvar. Birna Jónsdóttir læknanemi starfaði við heilsugæslustöðina í Búðardal sumarið 1974. Hún kveðst hafa dregið þar tennur úr fólki, enda hafi það fremur kosið að láta lækinn draga úr sér tennur og greiða honum 100 krónur fyrir aðgerðina en að fara til tannlæknis í Borgarnesi eða í Stykkishólmi og greiða þar 1000 krónur. Birna kveður fólk hafa viljað láta draga tennur úr börnum, en þá hafi yfirleitt verið ráðlagt að leita til tannlæknis. Öðru máli hafi gegnt um fullorðin fólk, sem hafi verið búið að missa margar tennur. Þá hafi töngunum verið beitt, enda hafi margir hinna fullorðnu verið illa haldnir af tannþínu. Sumir hafi komið til að láta hreinsa allar tennur og tannabrot úr munnum áður en þeir fengu sér gervitennur. Einn drengur var með tannholdssjúkdóm að dómi Birnu. Hann var sendur til tannlæknis í Reykjavík, en komst ekki að fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Var þetta allkostnaðarsamt. Drengur þessi mun hafa verið úr Reykhólasveit, en henni er þjónað frá heilsugæslustöðinni í Búðardal. Tæki voru fábrotin, stóll með höfuðpúða, en hvorki var hægt að halla bakinu aftur né hækka stólinn eða lækka. Tengur voru til, en ekki var úrval þeirra fjölbreytt. Úr því var bætt þetta sumar.5)

Litlum sögum hefur farið af tannútrætti almennra lækna síðustu árin, en ekki skal þó staðhæft, að þessi starfsemi þeirra heyrir sögunni til. Aukin dreifing tannlækna um landið hefur auðveldað fólki mikið að ná þeirra fundi. Fjölgun tannlækna á hinum fjölmennari þéttbýlisstöðum hefur á hinn bóginn orsakað, að olnbogarymi tannlækna fer allvíða minnkandi. Fátítt mun raunar, að þetta hafi valdið átökum, en þó þekkjast dæmi slíks.

Stofnkostnaður tannlæknastofu er allmikill. Nýtskrifaðir tannlæknar ráða sig af þessari ástæðu til starfa hjá tannlæknum, sem reka stofu eða stofur í sumum tilvikum. **Ragnar Kr. Árnason** réði sig til starfa hjá tannlækni, sem rak stofur í Reykjavík og á Selfossi. Ragnar hafði þá nýlokið námi. Ráðningarsamningur var gerður. Með honum skuldbatt Ragnar sig til að greiða vinnuveitanda sex milljónir króna ef hann stundaði síðar tannlækningar á Suðurlandsundirlendinu fyrir eigin reikning eða fyrir aðra tannlækna en vinnuveitandann. Ragnar var síðar vísað úr starfi. Honum bauðst þá vinnuaðstaða hjá öðrum tannlækni á Selfossi, og þá Ragnar boðið. Þá stefndi fyrri vinnuveitandi honum fyrir samningsrof, og var Ragnar dæmdur til að greiða honum fyrrnefndar miskabætur.

Helgi Magnússon, formaður Tannlæknafélagsins, sagði í blaðaviðtali um þennan samning og dómsmálið, að samningurinn mundi vera einsdæmi, hann hefði ekki séð samning af þessu tagi. Félagið hefði á hinn bóginn ekki talið vera rétt að láta málið til sín taka, enda væri það þá að blanda sér í samninga milli manna. Formaður taldi á hinn bóginn auðséð, að menn ættu að ráðfæra sig við stéttarfélag sitt áður en gengið væri frá ráðningarsamningum. Félagið væri í stakk búið að veita ráðgjöf um þetta atriði og hefði lögfræðing á sínum snærum, sem veitt gæti leiðbeiningar.6) Formaður er orðvar í viðtalinu, en vanþóknunin á framkomu eldri tannlæknisins gagnvart hinum yngri leynir sér ekki.

Samskipti tannlækna og tannsmiða

Formlegt samstarf tannlækna og tannsmiða hófst með samningi, sem þessir aðilar gerðu með sér árið 1943 og getið var í IV. kafla. Samstarfið hefur haldist, en verið misgott, afmörkun starfssviðs hefur stundum valdið ágreiningi. Hér verður víkið að sögu tannsmiða og samskiptum tannlækna og tannsmiða 1946-1994, en stiklað verður á stóru.

Tannsmiðafélagið fékk alþingismennina **Emil Jónsson**, þm. Hafnarfjarðar, og Sigurð Kristjánsson, 5. þm. Reykjavíkur, til að flytja árið 1947 frumvarp til laga um breytingu á lögum um tannlækningar þess efnis, að lækna og tannsmiðir, sem sönnuðu heilbrigðisstjórninni, að þeir hefðu nægilega þekkingu, skyldu undanþegnir banni gegn því að setja gervitennur og tanngarða í menn. Frumvarpið var lagt fram í neðri deild og var vísað til heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Nefndin leitaði álits landlæknis og Tannlæknafélags Íslands. Landlæknir varaði eindregið við samþykkt frumvarpsins og taldi hagsmunum almennings hentast, að tannlæknar hefðu forsögn um tannsmiðar og bæru ábyrgð á smíðinni úr höndum tannsmiða, sem þeir hefðu í þjónustu sinni og skiptu við. Þetta væri venja á Norðurlöndum. Tannlæknafélagið gekk nokkru lengra og lagði til, að orðið tannsmiður yrði felld burt úr frumvarpinu. Félagið lét í ljós ótta um, að tannsmiðir, sem settust að í hinum fámennari kaupstöðum og þorpum, skertu þar atvinnumöguleika tannlækna svo mjög, að þeir treystu sér ekki til að setjast að á þeim stöðum.7)

Þingnefndin klofnaði um málið. Meirihlutinn lagði til, að frumvarpinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, tannlækna-kennsla við háskólann væri í endurskoðun. Helgi Jónasson, læknir og 1. þm. Rangárvallasýslu, var framsögumaður meirihlutans. Minnihlutinn lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt. Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyjafjarðarsýslu, var framsögumaður minnihlutans. Hann kvaðst hafa frétt, að frumvarpið væri lagt fram til að tryggja hagsmuni einnar konu, en ekki skipti það máli, tannsmiðir úti um land væru of fáir og væri ekki ástæða til að leggja stein í götu þeirra. Ræðumaður taldi upp þrjá tannsmiði, sem búsettir væru úti á landi, Ástu Halldórsdóttur á Akranesi, Björgu Guðnadóttur í Hafnarfirði og Sigríði Þorláksdóttur á Húsavík. Virðist frumvarpið hafa verið lagt fram til að tryggja stöðu Ástu Halldórsdóttur, enda settist tannlæknir að á Akranesi á þessum árum. Garðar Þorsteinsson kvað ólíðandi, að tannsmiðir, sem starfað hefðu lengi, yrðu að draga saman seglin og jafnvel hætta störfum ef tannlækni þóknaðist að setjast að í byggðarlaginu.

Neðri deild féllst á þessi rök og samþykkti frumvarpið með 16:6 atkvæðum. Í efri deild fór á sömu leið. Þar var frumvarpið samþykkt að viðhöfuð nafnakalli með 7:2 atkvæðum og afgreitt sem lög frá Alþingi. Nafnakallið í efri deild sýnir, að þetta hefur

verið talsvert hitamál.8)

Tannlæknar og tannsmiðir gerðu með sér samning á árinu 1947. Þar er kveðið á um, að félagar í Tannlæknafélaginu skuli ekki veita öðrum vinnu við tannsmiði en félögum Tannsmiðafélagsins, enda vinni félagar síðarnefnda félagsins ekki hjá öðrum en félögum Tannlæknafélagsins. Tannlæknar skuldbundu sig einnig til að skipta því aðeins við tannsmiðaverkstæði, að tannsmiðurinn þar væri félagi í Tannsmiðafélaginu. Tekið er fram, að þeir menn einir verði teknir í tannsmiðanám, sem hafi sýnt ótvíræða hæfileika til starfsins að loknum sex vikna reynslutíma og hafi vald á einhverju erlendu tungumáli til að geta aflað sér bóklegar þekkingar. Tannlæknar skuldbundu sig til að gefa út vottorð til nema að námi loknu. Samningurinn geymir ákvæði um laun tannsmiða og verða þau ekki rakin hér. Vinnutími skyldi vera 38 klukkustundir á viku, veikindaorlof skyldi vera einn mánuður á fullu kaupum og einn mánuður til viðbótar á hálfum launum. Nýútskrifaðir tannsmiðir skyldu fá hálf mánaðar sumarleyfi, en fullmenntaðir tannsmiðir skyldu fá þriggja vikna sumarleyfi eftir að þeir höfðu unnið fimm ár frá því að þeir luku prófi og á fullum launum. Uppsagnarfræstur samningsins var þrjú mánuðir.9)

Heimildir benda til þess, að tannsmiðir hafi á stundum að minnsta kosti talið sig vera um of háða tannlæknum. Þessa verður ekki síst vart á 8. áratugnum. Reglugerð nr. 92 frá 1974 bjó tannsmiðum sess með heilbrigðisstéttum. Þessu vildu tannsmiðir ekki una, enda töldu þeir stéttina heyrja undir iðnfræðslulöggjöfina og vitnuðu til erlendra hefða um það atriði.

Tannsmiðafélagið fékk flutt frumvarp á Alþingi 1977 um þetta atriði, en það varð ekki útrætt í það skiptið. Frumvarpið var endurflutt á þinginu 1979-1980 og var þá samþykkt. Ekki var laust við, að sumir þingmenn brygðu á gamanmál í umræðum. Þannig taldi **Stefán Jónsson**, 4. þm. Norðurlands eystra og fyrrverandi útvarpsmaður, ekki skipta máli hvort tannlæknir eða tannsmiður færi með óhreinan hendur í munn sjúklinga. Ræðumaður kvað hafa borið við, að gómar hæfðu ekki sjúklingum, en fleira hefði komið til. Þannig hefði danskur tannsmiður einhverju sinni sett segulstál í jaxla á gervigómi, sem settur hafi verið í munn Þorsteins skipstjóra Jónssonar í Laufási í Vestmannaeyjum. Átti þetta að auðvelda Þorsteini að opna munninn ef tennurnar límdust saman, en ekki tókst betur til en svo, að Þorsteinn gat ekki nýtt sér kompásinn í báti sínum Unni upp frá þessu. Stefán kvaðst vera hlynntur því, að menntun tannsmiða væri bætt, en það yrði best gert með því að fella tannsmiðar undir iðnfræðslulöggjöfina og mennta tannsmiði í iðnskólum.

Tannsmiðar urðu lögvernduð iðngrein með reglugerð nr. 323 frá 1972.10)

Menntamál tannsmiða

Menntunarmál tannsmiða voru í deiglu á 8. og 9. áratugnum. Fram yfir miðja öldina tíðkaðist, að tannsmiðanemar lærðu hjá tannlæknum og tannsmiðum á þeirra vegum. Námið var aðallega verklegt. Guðmundur Hraundal kveðst til dæmis hafa lært tannsmiði á vegum Halls L. Hallssonar tannlæknis, sem lánaði honum bækur um tannsmiði, en að öðru leyti virðist hafa kveðið lítið að bóklega náminu.11) Þetta breyttist árið 1962. Þá stofnaði Tannlæknafélagið til kvöldskóla fyrir tannsmiðanema. Við umræður á Alþingi 1979-1980 kom fram, að þetta nám hafi jafngilt eins mánaðar skólasetu á ári í þrjú ár. Frumvarp til laga um tannsmiðaskóla var lagt fram á Alþingi 1977. Það var samið af nefnd, sem menntamálaráðherra hafði skipað í ágústmánuði 1974. Frumvarpið gerði ráð fyrir stofnun ríkisrekens tannsmiðaskóla, og skyldi tannlæknum og tannsmiðum óheimilt að taka nema í tannsmiðum eftir að skólinn hafði tekið til starfa. Frumvarp þetta varð ekki útrætt eins og raunar hefur þegar komið fram.12)

Tannsmiðar urðu löggilt iðnnám með lögum 1980 og lagðist þá skóli tannlækna fljótlega niður. **Árni Johnsen**, 3. þm. Suðurlands, spurðist fyrir um tannsmiðakennslu á Alþingi 1985. **Ragnhildur Helgadóttir** menntamálaráðherra svaraði fyrirspurninni. Í svarinu kom fram, að tannsmiðar hefðu verið felldar undir lög um iðnfræðslu frá 1972 og í samræmi við það gefin út iðnbréf, sveinsbréf og meistarábréf. Samningur um að háskólinn tæki að sér kennsluna væri frágenginn, en Alþingi hefði sýnað um nauðsynlega fjárveitingu 1984, tæki hefðu þó verið keypt. Ráðherra kvað 11 nema vera á samningi og væru 8 þeirra komnir svo langt í námi, að þeir yrðu að fá kennslu næsta ári. **Jóhanna Sigurðardóttir**, 2. landkj. þm., tók til máls við umræðuna, en hún hafði flutt frumvarpið, sem tryggði tannsmiðum sess sem iðnaðarmönnum 1980. Jóhanna upplýsti, að kennsla tannsmiðanema hefði farið fram á vegum iðnskólans undanfarin ár, verklegri kennslu þar væri ábótavant, og yrðu nemar sjálfir að tryggja sér verklega kennslu.13)

Menntamál tannsmiðanema voru enn óskipulögð á árunum 1981-1987. Tannlæknar ráku skóla fyrir sína nema framan af þessu tímabili, og var hann í einhverjum tengslum við tannlæknaeild. Þetta var þá sumarskóli, húsnæði tannlæknaeildar var fánlegt á þeim árstíma. Iðnskólinn átti að sjá öðrum nemum í greininni fyrir kennslu eftir að tannsmiðanám varð löggilt 1980. Skólinn hafði ekki bolmagn til þessa. Eigendur tannsmiðaverkstæða brugðu þá á það ráð að standa sjálfir fyrir skólahláði. Dieter Lukas Karlsson tannsmiður lánaði húsnæði. Kennsla fór fram á laugardögum á tímabilinu janúar til maí. Skólinn var starfræktur í tvö ár, væntanlega árin 1981 og 1982. Komið var í óefni 1985 svo sem fram hefur komið. Tannlæknaeild hljóp þá undir bagga og hélt sumarskóla fyrir tannsmiði 1985. Sóttu hann bæði nemendur tannlækna í tannsmiðum og nemendur eigenda tannsmiðaverkstæða. Enginn skóli fyrir tannsmiðanema var síðan starfræktur 1986 og 1987.14)

Framtíðarlausn fékkst á árinu 1988. Menntamálaráðuneytið hóf að undirbúa stofnun skóla fyrir tannsmiði 1987 og réði **Sigurðeir Steingrímsson** tannlækni skólastjóra 1. ágúst það ár. Skólinn tók til starfa 26. janúar 1988. Námstími er fjögur ár. Nemendur eru við nám innan veggja skólans fyrstu þrjú árin, en fjórða námsárinu er varið til starfsþjálfunar innanlands eða erlendis. Áhersla er lögð á formfræði, bitfræði og meðferð efna og tækja fyrstu tvö misserin, og þá eru bóklegir tímar flestir. Heil- góma-, parta- og krónu- og brúargerð eru helstu viðfangsefni tvö síðustu námsárin innan veggja skólans, og verða verkefni vandasamari eftir því sem lengra líður á námið. Skólinn hafði útskrifað 16 sveina í tannsmiði í marsmánuði 1995.15)

Félagar í Tannsmiðafélagi Íslands voru 67 um áramótin 1994-1995. Þá voru um 20 félagsmenn í félagi eigenda tannsmiðaverkstæða. Sumir þeirra voru jafnframt félagar í Tannsmiðafélaginu, en alls ekki allir.16)

Ágreiningur um starfssvið

Ágreiningur um afmörkun starfssviðs tannlækna og tannsmiða hefur ekki verið leystur. Þessu til stuðnings skal bent á mál Tannlæknafélagsins og Bryndísar Kristinsdóttur tannsmiðs. Bryndís samdi 17. ágúst 1992 við Tryggingastofnun um tannsmiðabjónustu í þágu skjólstæðinga stofnunarinnar, smiði einstakra tanna, tannparta og gervigóma og að annast alla þætti smiðinnar, mátun og lagfæringar. Tannlæknafélagið lagði fram lögþannbeiðni 13. október 1992 og staðfesti sýslumannsembættið í Reykjavík lögþannbeiðni með úrskurði, dagsettum 20. október 1992. Lögþannbeiðni var síðan staðfest í undirrétti 1. júní 1993. Bryndís áfrýjaði staðfestingunni til hæstaréttar 11. júní sama ár. Hæstiréttur felldi lögþannbeiðni úr gildi með dómi 17. mars 1994, taldi ástæður til lögþanns ekki hafa verið nægilega miklar. Bryndís höfðaði skaðabótamál gegn Tannlæknafélaginu, og dæmdi undirréttur henni bætur með dómi 20. desember 1994. Tannlæknafélagið áfrýjaði þeim dómi til hæstaréttar og gagnstefndi um meint brot á ákvæðum um afmörkun starfssviða stéttanna. Hæstiréttur hratt dómi undirréttar með dómi 7. desember 1995 og staðfesti þann skilning á afmörkun starfssviða tannlækna og tannsmiða, sem Tannlæknafélagið hafði talið hinn rétta.17)

Hér hafa verið raktir nokkrir helstu þættir úr sögu tannlækna og tannsmiða síðustu áratuginna. Fleiri aðilar hafa látið sig bættu tannheilsu varða, aðstoðarfólk tannlækna, tannfræðingar og ríkisvaldið. Verður þessara aðila getið nokkru nánar.

Aðstoðarfólk tannlækna

Aðstoðarfólk hefur starfað á tannlæknastofum hér á landi allt frá bernskudögum tannlækninga í landinu. Þannig getur Guido Bernhöft þess, að Kristín Þorlaksdóttir, móðir sín, hafi aðstoðað **Vilhelm** föður sinn, fyrsta tannlækni á Íslandi, á stofu hans fyrstu starfsárin. Hún varð að hætta þessu þegar fjölskyldan stækkaði, og réði Vilhelm þá aðstoðarstúlku. Aðstoðarfólkið naut engrar sérstakar menntunar fram á síðustu áratugi. Það stofnaði samtök, Félag aðstoðarfólks tannlækna, árið 1978. Eitt fyrsta verk samtakanna var að koma á fót námskeiðum fyrir starfsstéttina. Fyrsta námskeiðið var haldið árið 1979, og var það á vegum Félags aðstoðarfólks tannlækna og Tannlæknafélagsins. Við þetta sat fram yfir 1990, en á allra síðustu árum var komið á fót þriggja ára námsbraut fyrir aðstoðarfólk tannlækna í Ármúlaskóla í Reykjavík.

Starfsvettvangur aðstoðarmanna tannlækna er samkvæmt reglugerð, dagsettri 11. júní 1990, á tannlæknastofum, heilbrigðisstofnunum og uppeldis- og fræðslustofnunum. Aðstoðarmenn annast móttöku sjúklinga, aðstoða tannlækna við klínísk störf, sjá um hreinsun áhaldna og tækja, annast bókanir og bókhald vegna sjúklinga og tannverndarstörf. Óheimilt er manni að kalla sig aðstoðarmann tannlækni nema að hann hafi til þess leyfi heilbrigðisráðherra. Einnig er óheimilt að ráða sem aðstoðarmenn tannlækna aðra en þá, sem fengið hafa starfsleyfi, en það veitir heilbrigðisráðherra að fenginni umsögn landlækni. Hér er því um lögverndaða starfsgrein að ræða. Um 300 menn voru í Félagi aðstoðarfólks tannlækna á öndverðu ári 1995.18)

Tannfræðingar eru ung stétt á Íslandi. Fyrstu íslensku tannfræðingarnir útskrifuðust frá Árósum 1981, en allir íslenskir tannfræðingar hafa orðið að afla sér menntunar erlendis, ýmist á Norðurlöndum eða í Bandaríkjunum og við tannlæknaskóla eða háskóla í þessum löndum. Starfsvettvangur tannfræðinga er hinn sami og aðstoðarfólks tannlækna, og þeir starfa einnig undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna. Verksviðið er fræðsla, ráðgjöf, skipulagning og framkvæmd tannverndar, en einnig vinna tannfræðingar þau verkleg störf, sem tannlæknar fela þeim að vinna og þeir hafa menntun til. Stéttin er lögvernduð. Enginn má titla sig tannfræðing eða starfa sem slíkur, sem ekki hefur fengið til slíks leyfi heilbrigðisráðherra. Óheimilt er að ráða sem tannfræðinga aðra en þá, sem fengið hafa slíkt leyfi. Það er gefið út af heilbrigðisráðherra og til handa íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum skólum. Umsögn Íslenskra tannfræðinga, tannlæknadeildar og landlækni er áskilin áður en leyfi er veitt. Tannfræðingar starfa samkvæmt reglugerð, dagsettri 30. desember 1987. Félag þeirra, Íslenskir tannfræðingar, var stofnað 1985. Samtals höfðu 28 tannfræðingar hlotið hér starfsleyfi á öndverðu ári 1995.19)

Alþingi hefur sett lög um tannlækna og tannlækningar og stjórnvöld reglugerðir um sama efni og veitt starfsleyfi. Landlæknisembættið hefur gegnt ýmis konar eftirlitsstarfi á þessu sviði. Opinberir aðilar hafa greitt kostnað vegna forvarnarstarfs og tekið þátt í greiðslu kostnaðar sjúklinga vegna tannlækninga undir tilteknum kringumstæðum. Einnig má nefna, að stjórnvöld hafa tryggt tannlæknum starfsaðstöðu við heilsugæslustöðvar á nokkrum stöðum úti um land. Víkið hefur verið að ýmsum þessara þátta fyrr í ritmiðinni, en aukin umsvif opinberra aðila á síðustu áratugum hafa að mestu legið í þagnargildi. Skal nú bætt lítillega úr þessu.

Tannheilsudeild og Tannverndarsjóður

Tannheilsu Íslendinga þótti vera stórlega ábótavant við upphaf 9. áratugarins. Nauðsynlegt þótti að ráða bót á þessu, og mun þetta orsök þess, að hinn 1. febrúar 1983 var sett á stofn sérstök tannheilsudeild innan heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins. **Magnús R. Gíslason** yfirtannlæknir hefur veitt deildinni forstöðu frá stofnun hennar. Deildinni var ætlað að vera sérfræðilegur umsagnaraðili og ráðgjafi til ráðherra, ráðuneytis og **landlækni**, um hvað eina sem tannheilsu snertir, t.d. tækjavæðingu og uppbyggingu tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum og skipulagningu skólatannlækninga. Aðalverkefnið hefur þó ætíð verið að hafa forgöngu um forvarnir og hafa umsögn með þeim, gefa út fræðsluefni af ýmsu tagi, rit, bæklinga, myndbönd, veggspjöld og merki af ýmsu tagi og dreifa þessu. Hún hefur einnig miðlað fræðslu í heilbrigðisstofnunum, leikskólum, skólum, stórmörkuðum og lyfjabúðum. Tannfræðingar hafa ferðast um landið með fræðsluefni á vegum deildarinnar á tveggja ára fresti. Fræðslan hefur einkum beinst að sykur- og sælgætisneyslu og áhrifum hennar, matarvenjum almennt og tannhirðu. Reynt hefur verið að fá Íslendinga til að drekka meira af vatni í staðinn fyrir gosdrykki. Starfsemi þessi nær hámarki snemma ár hvert. Þá er haldinn tannverndardagur, fyrsti tannverndardagur var árið 1985.

Sérstakur sjóður, Tannverndarsjóður, stendur straum af kostnaði vegna fræðslu um tannhirðu og tannvernd og fyrirbyggjandi aðgerða á sviði tannheilsamála. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt samningi milli Tannlæknafélagsins og **Tryggingastofnunar ríkisins** frá 19. apríl 1975 og var í öndverðu í vörslu Tryggingastofnunarinnar, en hin síðustu ár í vörslu heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var gefin út 14. apríl 1983 og endurnýjuð 6. júní 1991. Samkvæmt eldri reglugerðinni skyldi Tryggingastofnun leggja sjóðnum árlega til fé, sem samsvaraði 1% af kostnaði ríkissjóðs vegna tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar, en síðari reglugerðin kveður á um, að sjóðnum skuli lagt til fé á fjárlögum. Heilbrigðisráðuneytið hefur yfirstjórn yfir starfsemi sjóðsins, en tannheilsudeild gerir tillögur um fræðslu- og tannverndaraðgerðir á hans vegum og hefur um það samráð við tannlæknadeild Háskóla Íslands og Tannlæknafélagið. Fulltrúar þessara aðila og tannheilsudeildar mynda tannverndarráð, en yfirtannlæknir deildarinnar er formaður þess. Tannverndarráð var stofnað 1986. Tryggingastofnun ríkisins og stjórnendur skólatannlækna voru einnig samráðsaðilar samkvæmt eldri reglugerðinni, en þetta var fellt niður í hinni yngri.20)

Ríkið og tannlæknaþjónustan

Vilhelm Bernhöft var veittur styrkur til að stunda tannlækningar á Íslandi 1896 og með því skilyrði, að hann veitti læknanemum ókeypis tilsögn og fátækum ókeypis tannlæknaþjónustu. Þetta verður að teljast vera upphaf þátttöku ríkisins í greiðslu kostnaðar vegna tannlæknaþjónustu, en einungis fáir landsmenn gátu orðið þessarar aðnjótandi. Þetta fyrirkomulag stóð við makt á meðan Vilhelm Bernhöft lifði og starfaði eins og fram hefur komið. Skólatannlækningar hófust á vegum Reykjavíkurbæjar árið 1922, eins og að framan getur, og fylgdu aðrir kaupstaðir síðar í kjölfarið einn af öðrum, fyrst hinir fjölmennustu þeirra. Með lögum um heilsuvernd í skólum nr. 61 frá 8. júní 1957 var heimilað að ráða tannlækni að skóla, enda hefði heimild verið veitt til slíks. Þjónusta skyldi vera nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu. Kostnaður skyldi greiddur úr sveitarjóði, sem átti rétt á að fá fjórðung hans endurgreiddan úr ríkissjóði.21)

Nýrri skipan var komið á kostnaðarþátttöku opinberra aðila með lögum nr. 62 frá 1974. Frá 1. september það ár tóku sjúkrasamlög og sveitarfélög að greiða að hálfu hvor aðili allan kostnað við tannlækningar barna og unglinga á aldrinum 6-15 ára. Hinn 1. janúar 1975 tóku sjúkrasamlög að greiða að hálfu á móti viðkomandi einstaklingum kostnað vegna tannlæknaþjónustu við 3-5 ára börn, unglinga á 17. aldursári, vanfærar konur, örorkulífeyrisþega og fólk, sem orðið var fullra 67 ára að aldri. Undanþeginn var þó kostnaður vegna gullfyllinga og krónu- og brúargerðar. Tryggingastofnun gerði 15. apríl 1975 samning við Tannlæknafélagið um verðlagningu á þessari þjónustu, endurskoðun gjaldskrár og eftirlit með gjaldtöku ásamt fleiri atriðum. Allflestir tannlæknar höfðu gerst aðilar að þessum samningi 1977, einstaka sérfræðingar í tannréttingum og starfsmenn þeirra voru þó undanskildir. Á árinu 1977 var stofnað embætti trúnaðartannlækni á vegum Tryggingastofnunar, og skyldi hann annast málefni þau, sem vörðuðu samskipti sjúkratrygginga og tannlækna og skipuleggja

fræðslu um tannvernd.

Elín Guðmannsdóttir tók við starfi trúnaðartannlæknis 15. febrúar 1977. Embætti þetta er enn við líði, og hefur **Borgrímur Jónsson** gegnt því hin síðari ár.

Reynir Jónsson tók síðan við starfi tryggingayfirtannlæknis í ársbyrjun 1996. Telja verður þó víst að fræðslustarfið hafi færst yfir á tannheilsudeild heilbrigðisráðuneytisins þegar hún tók til starfa 1983.22)

Árið 1993 greiddu tryggingar 75% kostnaðar vegna tannlæknaþjónustu við börn og unglunga innan 16 ára aldurs og 50% kostnaðar vegna 16 ára unglunga. Sérstakar reglur giltu um þátttöku í kostnaði vegna gullfyllinga og krónu- og brúargerðar fyrir þessa aldurshópa og var hún 0-50%.

Tækniframfarir

Tækni í tannlækningum hefur fleygt fram síðastliðna hálfra öld. Höfundur þessarar greinar er ekki kunnátumaður um tannlækningar og leitaði því til **Gunnars Skaptasonar** tannlæknis.23) Gunnar lauk prófi frá Tannlæknaskólanum í Kaupmannahöfn 1940, stundaði tannlækningar á Norðurlöndum á stríðsárunum, en kom heim eftir stríðslokinn og starfaði hér sem tannlæknir áratugum saman.

Á fimmta áratugnum voru tannlæknastrólar ekki eins þægilegir og síðar varð. Þá mátti raunar hækka og lækka, en ekki var unnt að halla stólunum aftur á bak nema lítilega. Höfuðpúði var á stólunum, sem líktist helst tveimur eyrum. Tannlæknar stóðu við vinnu sína eða sátu á háum kollum. Spýtubakki og vatnsglas var á stólunum og einnig slefsog til að taka við munnvatni. Vatnið var kranavatn, en ekki sótthreinsað vatn eins og síðar varð. Röntgentæki var komið fyrir á hárrí súlu og mátti renna því upp og niður súluna eftir þörfum.

Borinn var knúinn með rafmagnsmótor og tengdur við hann með reim. Hann var ræstur með fótstigi. Borinn var hæggengur og hvorki vatns- né loftkældur. Tannlæknirinn eða aðstoðarmaður hans höfðu litla sprautu í hendi, sem fyllt var vatni, og létu við og við drjúpa á borinn til að kæla hann á meðan borinn var að vinna á glerungnum. Borinn tók langan tíma og var mjög sársaukafull fyrir sjúklinginn. Mun þetta eiga verulegan þátt í þeirri hræðslu við aðgerðir tannlækna, sem verið hefur landlæg. Deyfingu var beitt við stærri aðgerðir, en hún var einnig nokkuð sársaukafull, nálar og sprautur voru mun stærri eða grófari en síðar varð. Töflur með deyfilyfi voru leystar upp í kranavatni, upplausnin dregin upp í sprautu og síðan dælt í taugar við tennur sjúklings. Þetta gat valdið bólgu og jafnvel ígerð, enda var kranavatnið ekki ætíð hreint. Einnota nálar voru óþekktar, og varð tannlæknir því að sjóða nálarnar fyrir næstu notkun. Síðar voru fingerðari nálar og betri sprautur teknar í notkun og einnig einnota nálar. Þá var tekið að nota deyfilyfi í hylkjum, sem sett voru beint í sprauturnar.

Bylting varð í bortækni fyrir fjórum áratugum eða um það bil. Þá var hraðgengur bor tekinn í notkun. Hann var einnig vatns- eða loftkældur. Snúningshraði er mikill. Hin nýja gerð var í fyrstu fest við stólinn við hlið eldri borsins.

Fylling var þrenns konar, amalgam, silfur og gull. Amalgamið var mest notað, enda ódýrasta fyllingin. Það er raunar mikið notað enn þann dag í dag, enda endingarbesta fyllingin, en þykir ekki vera náttúruvæn. Gull var dýrasta fyllingin og var eftirsótt af þeim, sem höfðu efni á slíkrí fyllingu, ekki síst sem fylling í framtenu.

Fyrir 40 árum eða um það bil þurfti að vigta efni í fyllingar. Þá var efnið sett í ílát, kvikasilfur öðrum megin og amalgam hinum megin. Aðstoðarstúlkann setti efnið í mortel, hrærði því saman og færði tannlækninum. Fyllingin var síðan sett í amalgamstoppa og henni sprautað í holuna. Stopparar þessir voru notaðir fram yfir 1970. Á síðari tímum hefur silfurfyllingin komið fullbúin í litlum staukum, sem eru hristir í nokkrar sekúndur, og henni síðan þjappað í holuna.

Fátækir menn urðu oft að láta draga skemmdir tennur úr sér, viðgerð var dýr. Af þessari ástæðu var tannlaust bros stundum kallað bros fátæka mannsins. Algengt var, að fólk úr dreifbýli yrði að taka sig upp og ferðast til einhvers kaupstaðarins, láta draga úr sér allar tennurnar, snúa síðan heim og bíða þar á meðan sárin voru að gróa, en leggja síðan upp í aðra ferð til að fá sér gervitennur. Þetta var bæði dýrt og tók langan tíma, en tannlæknar voru þá einungis búsettir í kaupstöðum og ekki í þeim öllum.

Um 1970 eða skömmu fyrr tók að draga úr notkun gullfyllinga, en postulínsfyllingar komu í stað þeirra að nokkru leyti. Þær höfðu eðlilegan tannlit. Ætla verður, að plastefni leysi amalgam af hólmi innan fárra ára.

Tækni hefur gert kleift að lengja tennur eða stytta eftir smekk. Tölvunotkun er tekin að ryðja sér til rúms, tölvur mæla út skemmdir, skanna þær og reikna út efnismagn í fyllingar og fleira.

Gunnar Skaptason mun hafa kynnst fótstigna bornum erlendis, enda hefur slíkur búnaður ekki verið notaður í Reykjavík eftir að Elliðaárstöðin tók til starfa 1921. Frumherjarnir, til dæmis Brynjúlfur Björnsson, hafa aftur á móti orðið að sætta sig við þann búnað og raunar einnig fyrstu tannlæknarnir á sumum þéttbýlisstöðum úti um land.

Bætt tækni og stóraukin tannlæknaþjónusta hefur haft mikil áhrif á tannheilsu þjóðarinnar. Skal nú að lokum vikið í örstuttu máli að því atriði.

Rannsóknir á tannheilsu

Rannsóknir á tannheilsu Íslendinga voru bæði fáar og strjálar allt fram á síðustu áratugi. Þetta á ekki síst við um tannheilsu fullorðinna. John Dunbar, Pálmi Möller og A. Wolff könnuðu tíðni tannholdssjúkdóma, tannskemmda og tannleysis Íslendinga 5 ára og eldri 1962. Þá voru 49,4% kvenna á aldrinum 18-79 ára tannlausar og 24,6% karla. Samsvarandi tölur fyrir aldursflokkinn 65-79 ára voru 86-87% fyrir konur og 53-54% fyrir karla. Árið 1990 hafði þetta hlutfall lækkað í 79,8% fyrir konur, en hækkað í 62,1% fyrir karla. Kannanirnar 1962 og 1990 eru ekki sambærilegar að því leyti, að könnunin 1962 náði til fólks á aldrinum 65-79 ára, en könnunin 1990 til allra 65 ára og eldri. Þetta kann að skýra hækkunina á hlutfallstölu tannlausra karla. Líklegt er, að hlutfallstölurnar 1990 hefðu verið talsvert lægri ef miðað hefði verið við aldurshópinn 65-79 ára eingöngu. Í öðrum kafla var getið um aukningu tannskemmda á síðari hluta 19. aldar. Þær höfðu verið fátíðar á fyrri öldum. Elsta dæmið, sem John Dunbar fann við rannsókn á fornum hausjúpum á 7. áratugnum, var frá 18. öld, tvær tennur í kúpu Jóns biskups Árnasonar (d. 1743).

Tannskemmdir voru mjög tíðar fram eftir 20. öldinni. Halldór Kiljan Laxness taldi tannþínusjúklinga vera fjölmennasta flokk landsins um 1930 og gat upplýst að lokinni athugun, að einungis einn þingmaður í efri deild 1925 hefði góðar tennur, Sigurður Eggerz. Júlíus Sigurjónsson prófessor gerði könnun á tannskemmdum um 1940. Þær voru mjög algengar, algengari hjá konum en körlum og algengari í þéttbýli en dreifbýli. Tannáta fannst hjá 80,4% barna á aldrinum 7-15 ára. Hlutfallið var mun hærra í þéttbýli eða 85,9% á móti 71,7% í dreifbýli.

Dr. **Pálmi Möller** kannaði tannheilsu barna á aldrinum 6-14 ára í Vestmannaeyjum, Árnæssýslu og á Akranesi 1970. Könnunin leiddi í ljós, að 50,7% sex ára barna og 2,2% tólf ára barna höfðu enga fullorðinstönn skemmda. Dr. Pálmi kannaði tannskemmdir sömu aldurshópa á þessum stöðum 1983. Þá höfðu þessar hlutfallstölur hækkað talsvert eða í 60,5% og 3,4%. Tannskemmdir barna voru marktækt minni í kaupstöðum en dreifbýli 1983. Þessu var á annan veg snúið um 1940 eins og fram hefur komið.24)

Tannlæknaþjónustan hefur aukist mest síðastliðna tvo áratugi, mikil fjölgun varð þá í tannlæknaþjónustunni og í öðrum stéttum, sem vinna við tannlækningar. Ríkisvaldið hefur einnig stuðlað að bættari tannlæknaþjónustu og forvarnarstarf hefur aukist. Þetta hefur borið mikinn árangur.

Sigfús Þór Elíasson prófessor kannaði tannheilsu 6, 12 og 15 ára barna og unglinga árin 1986, 1991 og 1996. Árið 1986 var DMFT (skemmdar, tapaðar og viðgerðar tennur) hjá tólf ára börnum að meðaltali 6,6 en hafði lækkað í 1,5 árið 1996, eða um 77%. Virðist sem takmark Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um að DMFT lækkaði undir 2,0 fyrir árið 2000 hafi nú þegar náðst á Íslandi. Hjá tólf ára börnum voru einungis 3,6% með allar tennur heilar 1986, svipað og 1983 hjá Pálma Möller, en 1996 var tæplega helmingur barnanna, eða 47,5% með allar tennur heilar. Sambærileg lækkun var hjá öðrum aldurshópum. 25)

TILVÍSANIR:

1. Lagasafn 1990, sp. 1072-1074
2. Alþt. 1984-1985 (B), sp. 550-555
3. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1949, bls. 5-6. Upplýsingar frá Tannlæknafélagi Íslands
4. Ágústa Ásgeirsdóttir kennari, munnl.
5. Tannlæknanemar í héraði, viðtal við Birnu Jónsdóttur, Harðjahl 1974, 2. tbl., bls. 5-8
6. Ragnar Kr. Árnason: Aðvörun til ungra lækna, Mbl. 11. 3. 1995, bls. 23. Samningurinn er líklega einsdæmi, viðtal við Helga Magnússon, formann Tannlæknafélags Íslands, Mbl. 12. 3. 1995, bls. 2
7. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1949, bls. 15-22
8. Alþt. 1946 (A), bls. 765-766. Alþt. 1947 (B), sp. 1723-1742
9. Árbók Tannlæknafélags Íslands 1949, bls. 22-24
10. Alþt. 1977 (A), bls. 2440-2445, Alþt. 1979-1980 (A), bls. 1067-1069, (B), sp. 2617-2621
11. Guðmundur Hraundal: Viðtal, Harðjahl 1974, 1. tbl., bls. 72-80
12. Alþt. 1977 (A), bls. 2440-2445
13. Alþt. 1984-1985 (B), sp. 3635-3637
14. Júníus Pálsson og Þóra Bjarnadóttir, tannsmiðir, munnl.
15. Upplýsingar frá Tannsmiðaskóla Íslands, Sigurgeir Steingrímsson
16. Sólbjört Aðalsteinsdóttir, form. Samtaka verkstæðiseigenda, munnl.
17. Dómar undirréttar og hæstaréttar
18. Upplýsingar frá tannheilsudeild heilbrigðisráðuneytisins, Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir og Jóhanna Ólafsdóttir tannfræðingur. Erla Inngólfsdóttir, formaður Félags aðstoðarfólks tannlækna, munnl.
19. Upplýsingar frá tannheilsudeild heilbrigðisráðuneytisins, Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir og Jóhanna Ólafsdóttir tannfræðingur. Björg D. Róbertsdóttir, formaður Íslenskra tannfræðinga, munnl.
20. Upplýsingar frá tannheilsudeild heilbrigðisráðuneytisins, Magnús R. Gíslason yfirtannlæknir
21. Lýður Björnsson: Saga sveitarstjórnar á Íslandi, II. bls. 252
22. Trúnaðartannlæknir tekur til starfa hjá Tryggingastofnun ríkisins, Sveitarstjórnarmál 1977, bls. 230
23. Gunnar Skaptason tannlæknir, munnl. Magnús R. Gíslason: Tandvård på Island 1990-1993 (ópr. handrit)
24. Dunbar, J., Möller, P., Wolff, A: E: A Survey of Dental Caries in Iceland, Archs. Oral Biol. 1968, p. 571-581. Pálmi Möller: Dental Caries and Non-Fluoride Enamel Hypoplasia in Icelandic Children Aged 6-14 Years, p. 9-11, 71-72. Guðjón Axelsson og Castleberry, D.: Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000. I. bls. 5-6, 49. Guðjón Axelsson og Sigrún Helgadóttir: Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985-2000, II. bls. 211. Halldór K. Laxness: Alþýðubókin (Rvík 1949), bls. 70-71.
25. Upplýsingar frá [Sigfús Þór Elíasson](#) úr ritgerð hans IADR, Program and Abstracts, Scandinavian Div. Ritgerðin birtist í ágúst mánuði 1997

Síðast uppfært (mánudagur, 13 september 2004)

Loka glugga